Íslenskir radíóamatörar, ÍRA

Stjórn ÍRA starfsárið 2020/21. Ljósmyndin var tekin fyrir utan félagsaðstöðuna í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Skýrsla um starfsemi félagsins 2020/2021

Aðalfundur 13. mars 2021

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður

Útgefandi: Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, pósthólf 1058, 121 Reykjavík.
Tölvupóstfang: ira@ira.is
Vefsíða: http://www.ira.is
Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.
Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.
Útgáfudagur: 13. mars 2021.

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT 3

STJÓRN ÍRA STARFSÁRIÐ 2020/21 6

FORMÁLI 7

1. STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR 9

1.1 Aðalfundur og stjórn 9
1.2 Stjórnarfundir 12
1.2 Bréf formanns til stjórnar 13
1.3 Embættismenn 14
1.3.1 Embætti með stoð í lögum 14
1.4 Starfshópar, nefndir og fundir 16
1.4.1 NRAU 16
1.4.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti 16
1.4.3 NOTA, YOTA og fleira 16
1.5 Fundir/viðburðir erlendis 16
1.5.1 Fjarfundur NRAU 16
1.5.2 Fjarfundarráðstefna IARU Svæðis 1 16
1.5.3 Fjarfundaþátttaka í ungmennastarfi 17
1.5.4 Fjarfundir fastanefndar IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti 18
1.6 Fundargerðir stjórnar og aðalfunda 2018-2020 18
1.6.1 Fundargerðir stjórnarfunda 2018-20 18
1.6.2 Fundargerðir aðalfunda 2018-20. 18

2. FÉLAGSAÐSTAÐAN Í SKELJANESI 19

2.1 Framkvæmdir í fundarsal. 19
2.2 Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi. 21
2.2.1 Nýtt VHF/UHF loftnet fyrir TF3IRA 22
2.2.2 KiwiSDR viðtæki flutt í Skeljanes 23
2.2.3 APRS stöð ÍRA tengd við stærra loftnet 24
2.3 Aðrar framkvæmdir í húsnæði félagsins 25
2.3.1 Tiltekt í fordyri, gangi og QSL herbergi í Skeljanesi. 26
2.4 Gjöf til TF3IRA-1Ø 28
2.5 Snyrt til við Skeljanes 29
2.5.1 Snyrt til utanhúss 28. júní. 29
2.5.2 Snyrt til utanhúss 3. júlí, 23. júlí og 17. ágúst. 30
2.6 Félagsaðstaðan; yfirlit yfir opnanir á starfsárinu 2020/21 32
2.7 Fimmtudagskvöld í Skeljanesi 33

3. VETRARDAGSKRÁ; ERINDI Í SKELJANESI 41

3.1 Yfirlit 41

4. VETRARDAGSKRÁ, AÐRIR VIÐBURÐIR 43

4.0 Inngangur 43
4.1 Laugardagsopnanir 43

4.1.1 Kynning á gervihnattastöð TF3IRA í Skeljanesi 43
4.1.2 Mæling VHF/UHF stööva félagsmanna 46
4.2 Sunnudagsopnanir 48
4.3 Námskeið 48
4.3.1 Keppnisforritið Win-Test 48
4.4 Netspjall 50
4.4.1 Fimmtudagur 19. nóvember 50
4.4.2 Fimmtudagur 26. nóvember 50
4.4.3 Fimmtudagur 10. desember 51
4.4.4 Fimmtudagur 17. desember 51

5. NÁMSKEIÐ OG PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS 53

5.1 Námskeið ÍRA til amatörprófs 53
5.2 Prófkröfur 54
5.2.1 Prófdagur og fyrirkomulag 55
5.3 Framkvæmd munnlegra prófa 55
5.4 Fyrirkomulag ef próftaki glímir við lesblindu 56
5.5 Hverjir geta gengist undir próf til amatörleyfis á Íslandi? 58

6. TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, SÉRSTÖK KALLMERKI, KEPPNIR 59

6.1 TF útileikarnir 2020 59
6.1.1 Keppnisreglur 60
6.1.2 Kynning leikanna 62
6.1.3 TF útileikarnir 2020, úrslit 63
6.1.4 Afhending viðurkenninga 63
6.2 Alþjóðlega Vita- og vitaskipahelgin 2020 66
6.3 Sérstök kallmerki ÍRA 68
6.3.1 TF3WARD 68
6.3.2 TF3YOTA 69
6.3.2.1 17. mars 69
6.3.2.2 13. apríl 69
6.3.2.3 20. júní 70
6.3.2.4 26. júní 70
6.3.2.5 1. desember 71
6.3.2.6 29. desember 71
6.4 Viðburðir og keppnir; þátttaka frá TF3IRA og TF3W 72
6.4.1 Innlendir keppnisviðburðir félagsins 2020 72
6.4.1. 1 Páskaleikar ÍRA 11.-12. apríl 72
6.4.1.2 VHF/UHF leikar ÍRA 11.-12. júlí 72
6.4.1.3 TF útileikar ÍRA 1.-3. ágúst 73
6.4.2 Alþjóðlegir keppnisviðburðir 73

7. PÁSKALEIKAR OG VHF/UHF LEIKAR 75

7.1 Páskaleikar ÍRA 2020 75
7.1.1 Yfirlit 75
7.1.2 Úrslit 2020; fyrstu 3 sætin 75
7.1.3 heildarútslit í Páskaleikum ÍRA 2020 77
7.1.4 Umsögn 78
7.1.5 Afhending viðurkenninga 79

7.2 VHF/UHF leikar ÍRA 2020 80

7.2.1 VHF/UHF leikarnir 80
7.2.2 VHF/UHF leikarnir 2020, úrslit 81
7.2.3 Afhending viðurkenninga 82
7.2.4 Svipmyndir úr leikunum 2020 84

8. ÚTGÁFUMÁL 87

8.1 Yfirlit 87
8.1.1 Félagsritið CQ TF 87
8.1.2 Heimasíða, www.ira.is 89
8.1.3 Facebook síða, Íslenskir radíóamatörar 90
8.1.4 Facebook síða; TF3OM flóamarkaður 91
8.1.5 Póstlisti, irapostur@groups.is 91
8.2 Aðgangur félagsmanna að tímaritum norrænu systrafélaganna 91
8.3 Önnur útgáfa: Ávarpsbréf og kynningarefni 92
8.4 Aðgangur opnaður að félagsblöðum 92

9. SÉRSTAKAR TÍÐNIHEIMILDIR 95

9.1 Tíðnimál 95
9.1.1 Sérheimild á 4 metrum; 70.000-70.250 MHz 95
9.1.2 Sérheimild á 160 metrum; 1850-1900 kHz 96
9.1.3 Heimild á 6 metrum; 50-52 MHz: Stöðuskýrsla 97
9.1.4 Heimild á 60 metrum; 5351,5-5366,5 kHz 100
9.1.4.1 60 metra bandið; yfirlit til upprifjunar 101
9.2 Nýjar tíðniheimildir 102
9.3 Frumvarp til fjarskiptalaga 103

9A ÁKVARÐANIR PFS 2019 OG ÚRSKURURÐUR HÉRAÐSDÓMS 2020 105

9A.1 Inngangur; úrskurður héraðsdóms 2020 105
9A.1.1 Inngangur; ákvarðanir PFS 2019 105
9A.2 Ákvörðun PFS nr. 17/2019 (Bráðabirgðaákvörðun) 106
9A.2.1 Reifun 106
9A.2.2 Ákvörðunarorð 107
9A.3 Ákvörðun PFS nr. 242019 (Ákvörðun) 107
9A.3.1 Reifun 107
9A.3.2 Ákvörðunarorð PFS 108
9A.4 Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2020 108
9A.4.1 Niðurstaða dómsins 108

10. ENDURVARPAR, STAFVARPAR, RADÍÓVITAR 111

10.1 Yfirlit 112
10.1.1 Endurvarpar 111
10.1.2 Stafvarpar og internetgáttir 116
10.1.3 Radíóvitar á 50 MHz og 70 MHz 120

11. ERLENDIR GESTIR Í SKELJANESI 121

12. GJAFIR TIL ÍRA Á STARFSÁRINU 123

12.1 Xiegu G-90 sendi-/móttökustöð frá TF3EO (6. desember) 123
12.2 Radíódót frá TF3BM (20. febrúar) 124

12.3 Radíódót frá TF3BM (12. mars) 125
12.4 Radíódót frá TF3BM, ýmislegt (18. júní) 126
12.5 Borðfesting fyrir APRS stöð frá NN (2. ágúst) 127
12.6 Radíódót frá Raunvísindastofnun (20. ágúst) 128
12.7 Radíódót frá TF3BM (8. September) 129
12.8 Þakmálning (16. október) 130
12.9 QSL kort fyrir TF3WARD (28. október) 130
12.10 QSL kort frá aðstandendum TF3S (21. nóvember) 131
12.11 Stakt borð í sal (22. nóvember) 132
12.12 Kóax kapall frá TF3FG (11. febrúar) 133
12.13 Radíódót úr dánarbúi TF3GB 133
12.14 Radíódót frá TF3FG (23. febrúar 2021) 134

VIÐAUKI A FUNDARGERÐIR STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2020/21 135

VIÐAUKI B ÝMIS GÖGN ER VARÐA STARFSÁRIÐ 2020/21 165

LJÓSMYND: VETRARSTEMNING Í SKELJANESI 171

STJÓRN ÍRA STARFSÁRIÐ 2020-2021

Fremri röð: Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson TF3GS ritari og Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn. Aftari röð: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varastjórn, Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður. Myndin var tekin í fjarskiptaherbergi TF3IRA 8. september 2020. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Formáli

JÓNAS BJARNASON, TF3JB

Starfsemi félagsins Íslenskir radíóamatörar gekk ótrúlega vel á starfsárinu 2020/21 þrátt fyrir einhverja mestu röskun sem orðið hefur í 75 ára sögu félagsins. Ástæðan er Covid-19 faraldurinn.

Árið byrjaði vel. Þann 15. febrúar héldum við fjölmennan og vel heppnaðan aðalfund á Hótel Sögu í Reykjavík. Fráfarandi stjórn lagði fram og skilaði af sér glæsilegri ársskýrslu, þar sem skráð var öflugt starf félagsins á 168 blaðsíðum. Undirtektir félagsmanna voru stórkostlegar og var fráfarandi stjórn endurkjörin með lófaklappi.

Eftir aðalfundinn hófst ný stjórn handa af krafti til góðra verka. Einhver viðamesta vetraráætlun ÍRA frá upphafi var kynnt í 1. tbl. CQ TF 2020 í lok janúar og framundan voru ráðgerðir nær 30 viðburði frá febrúar til maí. Og í mars, kom 2. tbl. CQ TF út, aðeins 6 vikum eftir fundinn. Þar var m.a. birt fundargerð aðalfundar og aðalfundargögn, auk hefðbundins efnis. Væntingar voru miklar um öflugt félagsstarf og viðgang áhugamálsins á starfsárinu.

En, eins og við þekkjum svo vel í dag varð Covid-19 faraldurinn til þess að „lama“ starfsemina hjá okkur að verulegum hluta, líkt og annars staðar í þjóðfélaginu sem og erlendis. Við byrjuðum fyrst á að fresta fyrirhuguðum flóamarkaði sem hafði verið auglýstur 8. mars. Bjartsýni var mikil þá og því frestuðum þessum mest sótta viðburði í félaginu aðeins um tvo mánuði. Hins vegar urðu aðstæður ekki þannig að unnt yrði að auglýsa flóamarkað fremur en aðra viðburði á metnaðarfullri vetraráætlun – það sem lifði starfsársins.

Í eðlilegu starfsári er félagsaðstaðan í Skeljanesi opin öll fimmtudagskvöld, nema á lögboðnum frídögum. Á starfsárinu 2020/21 (frá 20. febrúar 2020 til 25. febrúar 2021) hefði, undir eðlilegum kringumstæðum, verið haft opið 50 fimmtudaga í Skeljanesi. Vegna Covid-19 urðu opnunarkvöldin þó aðeins 16 en lokunarkvöld 34, samanber umfjöllun í 2. kafla skýrslunnar.

Fyrirhugað námskeið til amatörleyfis sem til stóð að halda skömmu eftir aðalfund 2020, fór sömu leið og aðrir viðburðir. Þegar þetta er skrifað (28. febrúar 2021) standa vonir til að hægt verði að halda námskeiðið á vormisseri. Stjórn félagsins sló þann varnagla á fundi sínum 24. nóvember (2020) að að fara þess á leit við prófnefnd að hún kanni grundvöll þess að efnt verði til námskeiðs yfir netið, hamli faraldurinn eðlilegu námskeiðshaldi.

Það sem hins vegar hefur ekki riðlast á starfsárinu eða verið frestað á nokkurn hátt er útgáfa félagsblaðsins okkar, CQ TF. Það hefur komið út upp á dag samkvæmt útgáfuáætlun og komu alls út 4 tölublöð á starfsárinu. Félagsblaðið hefur þannig verið kjölfesta í starfinu ásamt heimasíðu og Fésbókarsíðum, þar sem efni er stöðugt uppfært. Netið kemur sér vel og brúar bilið á milli þess sem félagsblaðið kemur út.

Fastir félagsviðburðir í loftinu riðluðust heldur ekki enda þátttaka óháð faraldrinum. Hér er átt við Páskaleikana, VHF/UHF leikana og TF útileikana, í apríl, júlí og ágústmánuðum. Umsjónarmenn þeirra, Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY og Einar Kjartansson, TF3EK stóðu vel að baki viðburðunum sem fengu framúrskarandi góða þátttöku.

Stjórn félagsins hefur verið virk og staðið þétt saman á starfsárinu. Vegna faraldursins hafa aðstæður kallað á aukið samráð í síma og í tölvupósti og eftir atvikum, persónulegum fundum. Þegar leið á marsmánuð 2020 var sú nýjung tekin upp þegar faraldurinn ágerðist og stjórnarmenn áttu þess ekki lengur kost að hittast í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum, að formaður tók upp þá nýbreytni, að senda tölvupóst (orðsendingu) til stjórnarmanna á milli stjórnarfunda þegar málefnin kölluðu eftir, til að halda mönnum upplýstum.

Orðsendingarnar voru síðan prentaðar út og afhentar í möppu með öðrum fundargögnum á næsta stjórnarfundi. Formið var ein A4 blaðsíða í hvert skipti. Á tímabilinu 22.3.2020 til1 25.2.2021 voru þannig sendar alls 104 orðsendingar til stjórnarmanna ÍRA. Þessi nýbreytni mæltist vel fyrir.

Hefðbundin verkefni félagsins á þessu „starfsári faraldursins“, svo sem samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun, erlend systurfélög, NRAU og IARU hafa gengið á venjubundinn hátt og með ágætum. Embættismenn hafa sinnt sínum málaflokkum með samráði yfir netið og ráðstefnur NRAU og IARU Svæðis 1 voru sömuleiðis haldnar yfir netið og heppnuðust vel. Kristján Benediktsson, TF3KB, NRAU/IARU tengiliður ÍRA tók þátt í þeim. Greinargóð skýrsla hans birtist í 1. tbl. CQ TF 2021.

Á þessu ári, 2021, verður haldið upp á stórafmæli félagsins, en ÍRA á 75 ára afmæli þann 14. ágúst n.k. Undirbúningur hefur sumpart verið erfiður sökum þeirrar óvissu sem Covid-19 faraldurinn leiðir af sér. Það mun því falla í skaut nýrrar stjórnar sem tekur við eftir aðalfund 13. mars að ljúka undirbúningi þessa verkefnis. Stefnan er að halda eins myndarlega og frekast er unnt upp á þessi merku tímamót.

Starfsárinu 2020/21 er lokið. Fráfarandi stjórn skilar af sér þessari viðamiklu skýrslu yfir starfsemi félagsins. Eins og lesa má um í skýrslunni hefur fjöldi félagsmanna komið að starfinu á árinu, þrátt fyrir þá stóru hindrun sem Covid-19 faraldurinn hefur verið. Allt þetta fólk á miklar þakkir skildar fyrir framlag í þágu ÍRA á erfiðum tímum. Við lítum bjartsýn til næstu framtíðar, enda búist við að bólusetning við vágestinum verði komin vel áleiðis sumarið/haustið 2021. Við sjáum því fram á batnandi tíð og öflugt félagsstarf á ný.

Stjórn ÍRA og embættismenn áttu samskipti og samstarf við fjölmarga á starfsárinu. Eðlilega eru okkar eigin félagsmenn fjölmennastir í þeim hópi, en ástæða er til að nefna farsæl samskipti við starfsfólk Póst- og fjarskiptastofnunar, aðra opinbera aðila, stofnanir og samtök hér á landi og erlendis, að ógleymdum forsvarsmönnum aðila sem félagið deilir með húsnæði í Skeljanesi. Hér með er komið á framfæri þakklæti og hlýjum kveðjum fyrir okkar hönd til þessa hóps.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn ÍRA, hverjum og einum, frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins. Það er erfitt að hugsa sér betri samstarfsmenn sem allir hafa verið virkir og áhugasamir. Þegar við vinnum saman er svo auðvelt að ná árangri og það hefur svo sannarlega sýnt sig í verki á liðnu starfsári 2020/21.

Reykjavík 13. mars 2021,

Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður stjórnar ÍRA.

1. Stjórn, embættismenn og fundir

AÐALFUNDUR, STJÓRN, EMBÆTTISMENN, FUNDIR OG NEFNDIR

1.1 AÐALFUNDUR OG STJÓRN.
Aðalfundur ÍRA 2020 var haldinn laugardaginn 15. febrúar í fundarsal Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, fundarstjóri og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, fundarritari. Alls sóttu 41 félagsmaður fundinn. Fundurinn var settur kl. 13:00 og slitið kl. 14:20.

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019/20. Ljósmynd: TF3JON.

Í samræmi við 22. gr. félagslaga[1] fór fram kjör í stjórn fyrir starfsárið 2020-2021. Einn var í kjöri til formanns, Jónas Bjarnason, TF3JB og var hann endurkjörinn með lófaklappi. Óskar Sverrisson, TF3DC og Georg Kulp, TF3GZ voru kjörnir til setu í stjórn til 2 ára. Varamenn til 1 árs voru kjörnir þeir Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Heimir Konráðsson, TF1EIN; allir kjörnir með lófaklappi.

Fyrir sitja í stjórn Guðmundur Sigurðsson, TF3GS og Jón Björnsson, TF3PW sem sitja sitt síðara starfsár (2020/21). Félagsgjald var samþykkt óbreytt fyrir starfsárið 2020/21, 6.500 krónur.

Stjórnarskiptafundur var haldinn í Skeljanesi 10. mars. Í beinu framhaldi var haldinn 1. fundur nýrrar stjórnar. Stjórnin skipti með sér verkum á fundinum. Eftir skiptingu embætta var stjórn ÍRA þannig skipuð á starfsárinu 2020/21[2]:

[1] 22. grein laga. Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.
[2] Á 1. stjórnarfundi var Georg Kulp, TF3GZ skipaður í embætti ritara og Guðmundur Sigurðsson, TF3GS í embætti meðstjórnanda. Á 3. stjórnarfundi 2020/21 var samþykkt samhljóða að þeir skiptust á embættum.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður.
Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður.
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari.
Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri.
Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Heimir Kornráðsson, TF1EIN, varastjórn.[3]

Formaður og varastjórnarmenn eru kjörnir til eins árs á aðalfundi. Fundargerð aðalfundar og önnur fundargögn voru birt í 2. tbl. CQ TF, 2020 sem kom út 22. mars.

Svipmynd úr fundarsal á aðalfundi ÍRA 15. febrúar 2020. Ljósmynd: TF3JON.

Svipmynd úr fundarsal á aðalfundi ÍRA 15. febrúar 2020. Ljósmynd: TF3JON.

[3] 9. grein laga (fyrri hluti greinarinnar). Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU.

Svipmynd úr fundarsal á aðalfundi ÍRA 15. febrúar 2020. Ljósmynd: TF3JON.

Yfirlit yfir fundargögn lögð fram á aðalfundi 2020:

- Dagskrá fundarins samkvæmt 19. gr. félagslaga.
- Sérprentun á lögum félagsins.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2019/20; afhent á prentuðu formi. Skýrslan skiptist í 12 kafla og tvo viðauka, auk formála og efnisyfirlits; alls 168 blaðsíður að stærð.
- Ársreikningur félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2019.
- Upplýsingablað um Íslandsmet TF3ML og TF8YY í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz sem sett var í VHF/UHF leikunum ÍRA á starfsárinu.

Að auki fylgdu með í fundarmöppu, bílrúðulímmiðar með félagsmerki ÍRA.



Fundargögn lögð fram á aðalfundi ÍRA 15. Febrúar 2020. Ljósmynd: TF3JB.

1.2 STJÓRNARFUNDIR.

Stjórn ÍRA hélt alls 8 formlega fundi á starfsárinu 2020/21, auk stjórnarskiptafundar. Fyrsti fundur (fundur 1) var haldinn 10. mars 2020 og síðasti fundurinn (fundur 8) 2. mars 2021. Allir fundir voru haldnir í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Auk formlegra stjórnarfunda sem eru taldir upp í meðfylgjandi töflu, voru haldnir óformlegir fundir stjórnarmanna sín á milli og/eða með embættismönnum, eftir þörfum.

Í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga[4] voru samþykktar fundargerðir stjórnar hengdar upp jafn óðum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Að auki, voru fundargerðir stjórnarfunda birtar í CQ TF. Þá eru fundargerðir starfsársins birtar í Viðauka-A með skýrslu þessari, sem er lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi 2021. Að liðnum aðalfundi er skýrslan aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

Yfirlit yfir fundi stjórnar ÍRA á starfsárinu 2020/21.

STJÓRNARFUNDIR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Stjórnarskiptafundur	10. mars	Skeljanes
Fundur 1/2020	10. mars	Skeljanes
Fundur 2/2020	27. maí	Skeljanes
Fundur 3/2020	28. júlí	Skeljanes
Fundur 4/2020	8. september	Skeljanes
Fundur 5/2020	24. nóvember	Skeljanes
Fundur 6/2021	5. janúar	Skeljanes
Fundur 7/2021	2. febrúar	Skeljanes
Fundur 8/2021	2. mars	Skeljanes

Mynd frá stjórnarfundi 8. september 2020. Frá vinstri: Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varastjórn, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi og Guðmundur Sigurðsson TF3GS ritari. Ljósmynd: TF3JON.

[4] 9. grein laga (hluti greinarinnar sem m.a. varðar fundargerðir). Ritari sér til þess að bréfleg erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifi aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili.

1.2.1 Bréf formanns til stjórnar.

Þegar leið á marsmánuð 2020 varð ljóst, að Covid-19 faraldurinn væri kominn til að vera, a.m.k. um tíma. Sú nýjung var því tekin upp þegar faraldurinn ágerðist og stjórnarmenn áttu þess ekki lengur kost að hittast í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum, að formaður tók upp aukið samráð við stjórnarmenn.

Farvegur fyrir aukið/virkt samráð varð sú nýbreytni, að formaður sendi tölvupóst (orðsendingu) til stjórnarmanna á milli stjórnarfunda, eftir því sem málefni kölluðu eftir til að halda mönnum upplýstum. Orðsendingarnar voru síðan prentaðar út og afhentar í möppu með öðrum fundargögnum á næsta stjórnarfundi. Formið var ein A4 blaðsíða í hvert skipti.

Á tímabilinu 22.3.2020 til1 25.2.2021 voru þannig sendar alls 104 orðsending til stjórnarmanna ÍRA. Þessi nýbreytni mæltist vel fyrir.

Orðsendingarformanns til stjórnarmanna ÍRA á milli stjórnarfunda 22.3.2020-25.2.2021.

MÁNUÐUR / ÁR	FJÖLDI	DAGSETNING ORÐSENDINGA
Mars 2020	5	22., 24., 25., 27. og 29.3.
Apríl 2020	12	1., 3., 5., 6., 7., 8., 10., 13., 16., 19., 23. og 24.4.
Maí 2020	8	2., 4., 6., 6a, 13., 16. 18. og 20.5.
Júní 2020	2	16. og 29.6.
Júlí 2020	9	3., 6., 8., 12., 13., 18., 19., 21. og 31.7.
Ágúst 2020	12	3., 4., 6., 8., 12., 16., 17., 18., 19., 26., 28. og 31.8.
September 2020	6	13., 20., 22., 27., 28. og 30.9.
Október 2020	11	3., 5., 7., 9., 12., 16., 19., 20., 24., 26. og 30.10.
Nóvember 2020	9	8., 9., 12., 14., 16., 19., 20., 26., og 27.11.
Desember 2020	13	1., 2., 3., 6., 8., 9., 11., 13., 16., 18., 19., 22. og 30.12.
Janúar 2021	9	4., 6., 11., 13., 15., 18., 26., 27. og 29.1.
Febrúar 2021	8	8., 12., 15., 17., 18., 20., 24. og 25.2.



Sýnishorn af einnar blaðsíðu orðsendingum formanns til stjórnarmanna í janúar 2021. Ljósmynd: TF3JB.

1.3 EMBÆTTISMENN.
Trúnaðarmenn félagsins starfsárið 2020/21 voru alls 43 talsins. Á aðalfundi 2020 var kosið í 10 embætti og stjórn skipaði (eða endurskipaði) í 33 embætti, sbr. töflu (á næstu síðu).

Í samræmi við 19. gr. laga, fór fram kjör á skoðunarmönnum reikninga á aðalfundi fyrir starfsárið 2020/21. Þessir hlutu kjör: Yngvi Harðarson, TF3Y, Haukur Konráðsson, TF3HK og Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, til vara. Allir hlutu endurkjör frá fyrra ári.

Stjórn ÍRA skipaði og/eða endurskipaði í önnur embætti innan félagsins á starfsárinu 2020/21. Breytingar urðu sem hér segir:

- **3. fundur; 28. júlí 2020.** Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A, veitt lausn úr embætti VHF stjóra að eigin ósk, samkvæmt bréfi dags. 10. júní 2020.
- **3. fundur; 28. júlí 2020.** Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, skipaður VHF stjóri.
- **4. fundur; 8. september 2020.** Samþykkt að á meðan endurskoðun embættismanna-kerfis félagsins stendur yfir, muni skipan embættismanna (frá fyrra tímabili) gilda áfram, uns niðurstaða verkefnisins liggur fyrir.
- **6. fundur 5. janúar 2021.** Jón Björnsson, TF3PW, skipaður aðstoðarmaður vefstjóra.
- **8. fundur 2. mars 2021.** Yngvi Harðarson, TF3Y, skipaður í prófnefnd.

Prófnefnd ÍRA valdi nýjan formann nefndarinnar þann 22. febrúar 2021 þegar Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX sagði embættinu lausu. Kristinn Andersen, TF3KX, tók við embættinu.

Mismunandi er hve lengi embættismenn sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið í tilteknum embættum eða nefndum, enda áhugi og tími aflögu til að sinna félagsmálum mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins. Það er stefna stjórnar ÍRA að mikilvægt sé að hafa festu í störfum félagsins og hrófla ekki við embættisskipan ef félagsmaður er ánægður í embætti og stjórn félagsins álítur að störf hans í nafni félagsins séu vel úr hendi leyst.

1.3.1 Embætti með stoð í lögum.
Embætti í félaginu sem eiga sér stoð í lögum með tilheyrandi ákvæðum varða sérstaklega stjórn (9. grein) og skoðunarmenn (20. grein). Önnur embætti með tilheyrandi sérákvæðum eru fimm: Prófnefnd, EMC nefnd, QSL stjóri, ritstjóri CQ TF og vefstjóri.

- **Prófnefnd.** Nefndin er skipuð 5 mönnum. Sérákvæði er um leyfisbréf og útskiptingu, sbr. 24. gr.[5] Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.
- **EMC nefnd.** Nefndin er skipuð 3 mönnum. Sérákvæði er um útskiptingu, sbr. 25. gr.[6] Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.
- **QSL stjóri.** Sérákvæði er um fjármál, sbr. 26. gr.[7]
- **Ritstjóri CQ TF.** Sérákvæði er um umsjón með söfnum blaðanna, sbr. 27. gr.[8]
- **Vefstjóri.** Sérákvæði er um uppfærslur vefsins, sbr. 28. gr.[9]

[5] 24. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.
[6] 25. grein. Hlutverk EMC-nefndar félagsins (*e. Electro Magnetic Compatibility*): (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á.m. truflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með stjórnvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radíóamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC nefnd sitja þrír menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.
[7] 26. grein. Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.
[8] 27. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

Stjórn og embættismenn ÍRA starfsárið 2020/21.

EMBÆTTI	NAFN	KALLMERKI	LEYFISBRÉF
Kjörnir á aðalfundi			
Formaður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Varaformaður	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
Ritari	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
Gjaldkeri	Jón Björnsson	TF3PW	451
Meðstjórnandi	Georg Kulp	TF3GZ	301
Varastjórn	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
Varastjórn	Heimir Konráðsson	TF1EIN	177
Skoðunarmaður reikninga	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Skoðunarmaður reikninga	Haukur Konráðsson	TF3HK	215
Skoðunarmaður reikninga, til vara	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
Skipaðir af stjórn			
Prófnefnd, formaður	Kristinn Andersen *(frá 22.2.2021)*	TF3KX	91
- prófnefnd	Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	44
- prófnefnd	Einar Kjartansson	TF3EK	308
- prófnefnd	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
- prófnefnd	Yngvi Harðarson *(frá 3.2.2021)*	TF3Y	89
EMC nefnd, formaður	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
- EMC nefnd	Gísli Gissur Ófeigsson	TF3G	105
- EMC nefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Ritstjóri CQ TF og formaður ritnefndar	Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	69
- ritnefnd	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- ritnefnd	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
- ritnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson	TF3VS	235
Vefstjóri	Ölvir Styrr Sveinsson	TF3WZ	438
- Aðstoðarvefstjóri	Jón Björnsson *(frá 5.1.2021)*	TF3PW	451
Viðurkenningastjóri	Brynjólfur Jónsson	TF5B	125
VHF stjóri	Guðmundur Sigurðsson *(frá 27.5.2020)*	TF3GS	251
Stöðvarstjóri félagsstöðvar	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Keppnisstjóri félagsstöðvar	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Páskaleikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VHF leikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
TF útileikar, umsjónarmaður	Einar Kjartansson	TF3EK	308
Umsjónarmaður námskeiða	Jón Björnsson	TF3PW	451
Umsjónarmaður félagsaðstöðu	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
- umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson	TF3WS	218
- umsjónarmaður endurvarpa	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
PFS tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Neyðarfjarskipti, tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
IARU/NRAU tengiliður	Kristján Benediktsson	TF3KB	41
Ungmennafulltrúi	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
YOTA verkefnisstjóri	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
- YOTA aðstoðarverkefnisstjóri	Árni Freyr Rúnarsson	TF8RN	447

[9] 28. grein. Félagið skal halda úti vefsíðu með heitinu „ira.is“. Stjórn skipar vefstjóra. Hann sér til þess að efni vefsins sé uppfært eftir þörfum og aðgengilegt félagsmönnum á hverjum tíma.

1.4 STARFSHÓPAR, NEFNDIR OG FUNDIR.

Jónas Bjarnason TF3JB Óskar Sverrisson TF3DC

1.4.1 Nordic Amateur Radio Union (NRAU).

Á starfsárinu 2020/21 voru Jónas Bjarnason, TF3JB og Óskar Sverrisson, TF3DC fulltrúar ÍRA í stjórn og varastjórn Nordic Amateur Radio Union, NRAU.

Skipan stjórnarmanna ÍRA í þessi embætti hjá NRAU fylgist að við skipan stjórnar ÍRA og er því óbreytt frá fyrra starfsári (2019/20).

1.4.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti.

Á starfsárinu 2020/21 var Jónas Bjarnason, TF3JB fulltrúi ÍRA í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti. Fulltrúar 49 landsfélaga í IARU Svæði 1 eiga fulltrúa í nefndinni. Nefndin heldur formlegan fund a.m.k. einu sinni á ári; yfirleitt í tengslum við Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen. Sjá nánar undir kafla 1.5.4.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ.

1.4.3 NOTA, YOTA og fleira.

Á starfsárinu 2020/21 var Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, fulltrúi ÍRA í nefndum ungmennastarfs hjá systurfélögum ÍRA á Norðurlöndunum svo og í ungmennastarfi hjá IARU Svæði 1.

Elín skipulagði þátttöku í Norrænni YOTA virkni um páskahelgina, 10.-13. apríl, sem var NOTA (*Nordics On The Air*) viðburður. Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD og Oddný (dóttir hennar) virkjuðu TF3YOTA heiman að frá sér í Garðabæ, á annan í páskum, 13. apríl. Elín tók sjálf þátt sem PA/TF2EQ þar sem hún er í námi í Hollandi.

Elín tók þátt í „CQ Kids Day“ viðburðinum (sem er á vegum ARRL) frá TF3IRA 20. júní og (Youngsters On The Air) virkni á netinu 26. júní. Að auki virkjaði hún TF3YOTA frá félagsstöð ÍRA í Skeljanesi í YOTA mánuðinum 2020 (desember). Þar var hún QRV á SSB um ES‘hail-2 / Oscar 100 gervitunglið. Sjá nánar kafla 1.5.3.

Kristján Benediktsson TF3KB.

1.5 FUNDIR/VIÐBURÐIR ERLENDIS

Þrír embættismenn félagsins tóku þátt í fjórum fjarfundum erlendis á starfsárinu 2020/21. Það voru: Kristján Benediktsson, TF3KB, NRAU/IARU tengiliður ÍRA; Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmenna-fulltrúi ÍRA og Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og tengiliður neyðar-fjarskipta ÍRA.

1.5.1 Fjarfundur NRAU.

Kristján Benediktsson, TF3KB tók þátt í fjarfundi NRAU 5.-6. september 2020. Greinargóð skýrsla Kristjáns frá fundinum var birt í 1. tbl. CQ TF 2021, bls. 27-28.

1.5.2 Fjarfundarráðstefna IARU Svæðis 1.

Kristján Benediktsson, TF3KB tók þátt í fjarfundarráðstefnu IARU Svæðis 1 vikuna 11.-16. október 2020. Um var að ræða fyrri hluta ráðstefnunnar en síðari hlutinn verður haldinn í Novi Sad í Serbíu í október á þessu ári (2021). Greinargóð skýrsla Kristjáns frá fundinum var birt í 1. tbl. CQ TF 2021, bls. 28-33.

1.5.3 Fjarfundaþátttaka í ungmennastarfi.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ tók þátt í fjarfunda-starfi um málefni ungmenna innan IARU Svæðis 1; „YOTA online“ á starfsárinu 2020/21. Markmiðið var að kynna YOTA hugsunina (*e. Youngsters On The Air*) og þar með vekja athygli á því að ungt fólk er þátttakendur í amatör radíói. Elín mætti á mánaðarlega fundi vinnuhópsins á netinu. Fyrsti „YOTA online“ viðburðurinn fór fram 28. maí 2020 og heppnaðist vel.

Ástæða þess að farið er af stað með þetta málefni var vegna áhrifa Covid-19 faraldursins, sem hefur m.a. haft þau áhrif að öllum YOTA viðburðum á IARU Svæðum 1, 2 og 3 var aflýst 2020/2021, sem og YOTA verkefninu sem fyrirhugað var að halda á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen sumarið 2020.

Elín tók ennfremur reglulega þátt í fjarfundastarfi vinnuhóps “Nordics on the air, NOTA”. Sú vinna snérist m.a. um undirbúning ungmennabúða radíóamatöra sem halda átti í Noregi 10.-13. apríl 2020 og sem var formlega aflýst þann 29. mars vegna Covid-19 faraldursins. Framkvæmdanefnd NOTA mun taka ákvörðun um framhaldið (2021/2022) þegar faraldinum linnir, en til stóð að tveir félagsmenn ÍRA myndu sækja viðburðinn um páskana 2020, þær Elín Sigurðardóttir, TF2EQ og Oddný Þóra Konráðsdóttir.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ í ræðustól á aðalfundi ÍRA 15. febrúar 2020. Hún gaf greinargóða skýrslu um störf ungmennafulltrúa ÍRA á liðnu starfsári og kynnti áhugaverða sýn fyrir virkni á nýju starfsári, 2020/21.Hún uppskar þakkir félagsmanna og hvatningu til dáða með löngu lófaklappi.Ljósmynd: TF3JON.

1.5.4 Fjarfundir fastanefndar IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti.
Tveir fundur voru haldnir í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti á starfsárinu. Báðir voru haldnir yfir netið vegna Covid-19 faraldursins og mætti Jónas Bjarnason, TF3JB þ báða. Fyrri fundurinn var haldinn 12. desember 2020 og sá síðari, 27. febrúar 2021.

1.6 FUNDARGERÐIR STJÓRNAR OG AÐALFUNDA 2018-2020.
Heimasíða félagsins var til uppfærslu á starfsárinu 2020/21. Verkefnið er viðamikið og meðal þess sem er í vinnslu og bíður uppfærslu, eru undirsíður sem halda utan um fundargerðir stjórnar- og aðalfunda á tímabilinu 2018-2020.

Vegna seinkunar á verkefninu var gerð sérstök innsetning á heimasíðu og FB síður 1. febrúar 2021 með ábendingum um, hvar megi finna þessar upplýsingar þar til uppfærslu lýkur.

1.6.1 Fundargerðir stjórnarfunda 2018-2020.

Frá: 20.3.2018 til 16.1.2019; bls. 91-122 í Ársskýrslu 2018/19:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/02/20190216-arsskrysla-tf3jb.pdf

Frá: 26.2.2019 til 3.2.2020; bls. 125-155 í Ársskýrslu 2019/20:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/02/15022020-%C3%81rssk%C3%BDrsla-2019-20-pdf.pdf

10.3.2020; bls. 48-50 í 3. tbl. CQ TF 2020:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/06/cqtf_34arg_2020_03tbl.pdf

Frá: 27.5.2020 til 28.7.2020; bls. 47-51 í 4. tbl. CQ TF 2020:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/09/cqtf_34arg_2020_04tbl.pdf

Frá: 8.9.2020 til 24.11.2020; bls. 44-48 í 1. tbl. CQ TF 2020:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/01/cqtf_35arg_2021_01tbl.pdf

1.6.2 Fundargerðir aðalfunda 2018-2020.

Aðalfundur ÍRA 2018; bls. 30-32 í 1. tbl. CQ TF 2018:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/05/cqtf_32arg_2018_01tbl.pdf

Aðalfundur ÍRA 2019; bls. 18-20 í 2. tbl. CQ TF 2019:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/03/cqtf_33arg_2019_02tbl.pdf

Aðalfundur ÍRA 2020; bls. 17-18 í 2. tbl. CQ TF 2020:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/03/cqtf_34arg_2020_02tbl.pdf

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Algeng sjón í félagsaðstöðunni á starfsárinu 2020/21; handspritt og pappír á hverju borði bæði í salnum og uppi í fjarskiptaherbergi TF3IRA Ljósmynd: TF3JB.

2. Félagsaðstaðan í Skeljanesi

FUNDARSALUR, FJARSKIPTAHERBERGI, KORTASTOFA OG UMHVERFI

Aðsókn að félagsaðstöðunni í Skeljanesi hefur aukist með hverju árinu frá því ný stjórn tók við eftir aðalfundinn 15. mars 2018. Þessi þróun hefur verið einstaklega ánægjuleg, enda félagsaðstaðan í Skeljanesi ákveðin þungamiðja í starfsemi ÍRA. Því voru það vonbirgði, skömmu eftir kjör nýrrar stjórnar á aðalfundinum 15. febrúar 2020, þegar Covid-19 faraldurinn sett strik í reikninginn sem varð til þess að stjórn félagsins var knúin til að fresta opnunarkvöldum og öllum viðburðum á nýrri vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí 2020. Sjá umfjöllun aftast í þessum kafla (2.6).

Umfjöllun og fjölbreytni í þessum kafla skýrslunnar fyrir starfsárið 2020/21 er því ekki nema svipur hjá sjón samanborið við þá umfjöllun sem sjá má í ársskýrslum starfsáranna 2018/19 og 2019/20. Á móti má segja, að furðanlega miklu var komið í verk miðað við aðstæður. Ástæðan er fyrst og fremst lifandi áhugi félagsmanna sem sýna frumkvæði.

Í þessum kafla er farið yfir það helsta sem varðar félagsaðstöðuna, svo sem húsnæði og fjarskiptaaðstöðu, þ.m.t. loftnet. Umfjöllunin skiptist í framkvæmdir í fundarsal, fjarskiptaherbergi, sem og aðrar framkvæmdir í húsnæði félagsins, gjafir til TF3IRA og húsbúnaðargjafir til félagsins, ásamt yfirliti yfir vinnu sem innt var af hendi utanhúss í Skeljanesi. Umfjöllun er í tímarröð þar sem því verður við komið.

2.1 Framkvæmdir í fundarsal.
Um verslunarmannahelgina var lokið breytingum á merkingum á tímaritahillum í salnum. Hillurnar eru á hægri hönd þegar gengið er í salinn. Innstungumöppum sem félagið fékk að gjöf árið 2012 var endurraðað og merkingar með nafni hvers tímarits voru færðar, þannig að nú blasa þær við úr salnum, en áður þurfti að ganga að vesturglugga til að sjá merkingarnar, samanber meðfylgjandi ljósmyndir.

Eftir breytinguna 3. ágúst 2020. Nöfn tímaritanna sjást nú greinilega úr salnum. Ljósmynd: TF3JB.

Fyrir breytingu þurfti að ganga nánast að glugga á vesturhlið salarins til að sjá nöfn tímaritanna. Ljósmynd: TF3JB.

ÍRA berast tímarit frá 10 landsfélögum radíóamatöra, þar af 6 á pappír: Frá ARRL, RSGB, DARC, REF, ARI og JARL og 4 rafrænt: Frá SSA, NRRL, EDR og SRAL. Fimm árgangar (2016, 2017, 2018, 2019 og 2020) eru aðgengilegir í félagsaðstöðunni á prentuðu formi. Það eru QST, RadCom, CQ DL, Radio REF og JARL News.[10] Norrænu tímaritin koma í dag út á rafrænu formi, en sum þeirra voru prentuð til ársins 2013-2015, samanber meðfylgjandi töflu. Hjá okkur, líkt og systurfélögunum á Norðurlöndum, var CQ TF síðast prentað til dreifingar á pappír í apríl 2012.[11]

Þetta lesefni stendur félagsmönnum til boða öll fimmtudagskvöld, en rafrænn aðgangur að Norrænu blöðunum er í boði á borðtölvu í fjarskiptaherbergi á 2. hæð. Félagsmenn geta ennfremur lesið Norrænu tímaritin í eigin tölvum með aðgengi gegnum heimasíðu félagsins.

Í töflunni er yfirlit yfir tímarit erlendra landsfélaga radíóamatöra sem berast reglulega til félagsins.

TÍMARIT	ÚTGEFANDI	TUNGA	ÚTGÁFUTÍÐNI	PRENTÁRGANGAR	RAFRÆN
QST	ARRL, American Radio Relay League	Enska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
RadCom	RSGB, Radio Society of Great Britain	Enska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
CQ DL	DARC, Deutscher Amateur-Radio-Club e.V.	Þýska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
Radio REF	REF, Reseau des Emetteurs Francais	Franska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
Radio Rivista	ARI, Associazione Radioamatori Italiani	Ítalska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	Sænska	1 x mánuði	2012-13-14-15 (*til 2016*)	Frá 2016
Amatör Radio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	Norska	6 x ári	2014-15-16-17 (*til 2018*)	Frá 2018
OZ	EDR, Experimenterende Danske Radioamatører	Danska	6 x ári	2008-09-10-11-12 (*út 2012*)	Frá 2013
Radioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatooriliitto	Finnska	1 x mánuði	2009-10-11-12-13 (*til 2013*)	Frá 2013
JARL News	JARL, Japan Amateur Radio League	Japanska	4 x ári	2014-15-16-17-18	-
CQ TF	ÍRA, Íslenskir radíóamatörar	Íslenska	4 x ári	2018, 1. og 2. tbl.	Frá 2012

[10] JARL News berst ársfjórðungslega til félagsins.

[11] Stjórn ÍRA samþykkti á fundi sínum þann 11. júní 2018 að ráðast skuli í prentum 25 eintaka hvers tölublaðs CQ TF sem kemur út á starfsárinu 2018/19. Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður tók að sér að gera tillögu um fyrirkomulag dreifingar á þessum eintökum.

2.2 FRAMKVÆMDIR Í FJARSKIPTAHERBERGI.

Fimmtudagskvöldið 20. febrúar kom í ljós, að eitthvað hafði komið fyrir diskloftnetið fyrir OSCAR 100 gervitunglið í rokmiklu veðri í vikunnu á undan. Þegar Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri ÍRA, ætlaði að prófa stöðina þá um kvöldið komu engin merki inn.

Nú voru góð ráð dýr, vegna þess að auglýst hafði verið á vetraráætlun, heimasíðu og FB síðum svokallaður „opinn laugardagur“ daginn eftir, þann 22. febrúar. Því var ákveðið, að degi síðar yrði ráðist í viðgerð á netinu, strax og menn hefðu tíma eftir vinnu.

Það gekk eftir og í eftirmiðdaginn á föstudag mætti TF1A á staðinn ásamt TF3GZ og TF3JB. Í ljós kom við skoðun, að önnur (af tveimur) festingunum (sem er úr pottáli) hafði brotnað og diskurinn færst niður. TF3GZ útvegaði varahlut á ótrúlega skömmum tíma og rétt fyrir kl. 18 var diskurinn kominn í fyrri stöðu og hafði verið stilltur nákvæmlega inn á merkið frá OSCAR 100 tunglinu. Laugardeginum (daginn eftir) var þar með bjargað. Þakkir til viðkomandi.

Sjá má greinilega á myndinni hvernig neðri festingin brotnaði í tvennt í rokmiklu veðri í febrúarbyrjun. Ljósmynd: TF1A.

Ari og Georg hjálpast að við að skipta um festinguna. Á myndinni má sjá nýju festinguna sem er úr stáli og á að standa sig. Diskurinn er það þungur undir þessum kringumstæðum og þarf til tvo menn. Ljósmynd: TF3JB.

Ara stillir diskinn með aðstoð mælitækis. Það er nákvæmnisverk því ekki má muna miklu ef ná á hámarks ávinningi. Ljósmynd: TF3JB

2.2.1 Nýtt VHF/UHF loftnet fyrir TF3IRA.
Sunnudaginn 16. ágúst var mætt í Skeljanes eftir hádegið. Verkefni dagsins var að setja upp nýtt Diamond X-700HN VHF/UHF loftnet fyrir TF3IRA. Veður var eins og best verður á kosið, sól og vart ský á himni og lofthiti 20°C.

Georg Kulp TF3GZ reisir nýja Diamond X-700HN VHF/UHF loftnetið á austurhlið hússins í Skeljanesi. Nýja netið er 7.20 metrar á hæð. Það er samsett úr fjórum "stökkuðum" 5/8λ loftnetum á VHF; ávinningur er 9.3 dBi. Á UHF er það samsett úr 11 "stökkuðum" 5/8λ loftnetum; ávinningur er 13 dBi. Veðurþol er 40 m/sek. óstagað. Ljósmynd: TF3JB.

Nýja loftnetið er betur staðsett en það eldra, á röri fyrir miðju húsinu á austurhlið (sbr. ljósmynd). Á móti kemur að nota þarf lengri kapal (25 metra) sem er Ultraflex-10 af vandaðri gerð með N-tengjum. Verkefnið heppnaðist með ágætum, standbylgja 1.2 á báðum böndum og Búri er nú vel læsilegur í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A setur N-tengin á Ultraflex 10 kóax kapalinn. Ljósmyndir: TF3JB.

Stóra stundin! RigExpert AA-1400 loftnetsgreinirinn sýndi standbylgju 1.2 í resónans bæði á 2 metrum og 70 cm. Þá gátu menn andað léttar, farið niður á neðri hæð og fengið sér kaffi.

Eldra netið, Diamond SX-200N var upphaflega sett upp 29. september 2018. Síðan fært á öflugri festingu 15. desember sama ár og loks flutt á nýja (hærri) festingu 11. maí 2019. Líklegt er að það megi gera við það og þá er hugmyndin að það notist við APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø. Þeir sem komu að verkefninu: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Georgs Kulp, TFGZ og Jónas Bjarnason, TF3JB.

2.2.2 KiwiSDR viðtæki flutt í Skeljanes.

KiwiSDR viðtækið, sem tekið var niður í Bláfjöllum 29. nóvember, var flutt í fjarskiptaherbergi ÍRA í Skeljanesi þann 12. desember. Tækið var vistað þar til bráðabirgða á meðan fjarskiptaherbergið var haft lokað vegna Covid-19 faraldursins. Það var tengt við Newtronics Hustler BTV-4, fimm banda stangarnet félagsstöðvarinnar, sem er fyrir 80, 40, 20, 15 og 10 metra böndin.



KiwiSDR viðtækið var sett upp til bráðabirgða í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 12. desember. Tækið er staðsett lengst til hægri á boriðnu vinstra megin (við hliðina á hátalaranum). Ljósmynd: TF3JB.

Flutningur viðtækisins í Skeljanes var áhugaverður, m.a. í ljósi nýrrar staðsetningar sem kom vel út og bárust margar jákvæðar umsagnir frá félagsmönnum sem gerðu tilraunir yfir jól og áramót. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A annaðist breytinguna ásamt Georg Kulp, TF3GZ. Viðtækinu hefur verið fundinn framtíðarstaður á Reykjanesi og mun Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, annast flutning og uppsetningu suðurfrá.



KiwiSDR viðtækið tengt og klárt í Skeljanesi. Ari er í símanum við Georg sem gaf uppsetningunni grænt ljós. Mynd: TF3JB.

2.2.3 APRS stöð ÍRA tengd við stærra loftnet.

TF3IRA-1Ø, APRS stöð félagsins, var tengd við stærra loftnet 20. desember. Um er að ræða Diamond X-700HN VHF/UHF húsloftnet TF3IRA sem er 7.20 metrar á hæð, samsett úr fjórum "stökkuðum" 5/8 netum, með 9.3 dBi ávinning á VHF. Breytingin var gerð til bráðabirgða á meðan fjarskiptaherbergi félagsins var lokað vegna Covid-19 faraldursins.

TF3IRA-1Ø er fyrir miðju á myndinni. Stöðin er Icom IC-208H, 5-55W VHF/UHF FM stöð. APRS búnaður: GW-1000 (APRS Total Solution) frá CG-Antenna. Ljósmynd: TF3JB.



Mikil breyting varð við svörun á APRS merkjum TF3IRA-1Ø eftir tengingu við nýja loftnetið. Eftir uppsetningu, kl. 17:56 (20.12.) kom t.d. inn merki í Skeljanes frá TF1MT í 106 km fjarlægð (yfir Hellisheiðina) sem lofar góðu. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A annaðist breytinguna í samráði við Guðmund Sigurðsson, TF3GS.

Þegar stóra loftnetið verður aftur fært yfir á VHF/UHF stöð TF3IRA, verður eldra loftnet stöðvarinnar (Diamond SX-200N) sett upp og tengt við TF3IRA-1Ø í stað J-póls loftnetsins sem ARRS stöðin var áður tengd við.[12]

Til vinstri: Georg Kulp TF3GZ setur upp stóra Diamond loftnetið 16.8.2020. Loftnetið er 7,2 m. á hæð.

Til hægri: Benedikt Guðnason TF3TNT (þáverandi VHF stjóri ÍRA) setur upp J-pól VHF/UHF loftnetið 25.10.2012. Það er um 1,4 m. á hæð.

(Ljósmyndir: TF3JB).

[12] Diamond SX-200N var upphaflega sett upp 29. september 2018 við VHF/UHF stöð TF3IRA. Síðan fært á öflugri festingu 15. desember sama ár og loks flutt á nýja (hærri) festingu 11. maí 2019. Það var síðan tekið niður þegar nýtt Diamond X-700HN loftnet var tengt 16. ágúst 2020.

2.3 AÐRAR FRAMKVÆMDIR Í HÚSNÆÐI FÉLAGSINS.

Skömmu fyrir miðjan júlí (2020) bárust boð frá Henry Arnari Hálfdánarsyni, TF3HRY, starfsmanni RÚV þess efnis, að nú væri komið að því að sækja dót félagsins sem var í geymslu á Vatnsenda eftir að kjallari félagsins í Skeljanesi flæddi í mikilli rigningartíð árið 2017. Síðdegis þann 16. júlí var dótið sótt upp á Vatnsenda. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB og Jónas Bjarnason, önnuðust verkið. Málið er, að Henry var falin umsjón með því verkefni að tæma tæki og tól sem eru í geymslu í húsinu vegna væntanlegs niðurrifs.

Fimmtudaginn 16. júlí mættu fulltrúar félagsins á staðinn og fluttu dót félagsins vestur í Skeljanes. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, hafði útvegað sendiferðabifreið til verksins og gekk greiðlega að flytja dótið í hana, en á staðnum voru til aðstoðar (auk framangreindra) þeir Guðjón Egilsson, TF3WO og Benedikt Guðnason, TF3TNT.

Málin rædd yfir kaffi og vínarbrauði í stöðvarhúsinu á Vatnsendahæð. Henry Arnar Hálfdánarson TF3HRY og Guðmundur Sigurðsson TF3GS. Ljósmynd: TF3JB.

Henry Arnar TF3HRY og Guðmundur TF3GS gera sig klára í að flytja fyrstu tækin yfir í sendiferðabílinn. Ljósmynd: TF3JB.

Geymsluherbergi ÍRA í kjallaranum í Skeljanesi áður en þar flæddi. Mörg tækjanna sem sjá má á myndinni voru flutt aftur í Skeljanes 16. júlí. Ljósmynd: TF3JB.

Henry Arnar TF3HRY, Guðmundur TF3GS og Benedikt TF3TNT taka til dót í sendiferðabílinn á Vatnsendahæð. Ljósmynd: TF3JB.

2.3.1 Tiltekt í fordyri, gangi og QSL herbergi í Skeljanesi.

Líkt og fram kemur að ofan, hafði sendiferðabifreið á vegum Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS með dóti félagsins ofan af Vatnsenda verið affermd í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 16. júlí. Dótið hafði verið sett til bráðabirgða inn á gang hússins, þar sem var gólfpláss. Ákveðið var þá að nota helgina sem var framundan til að koma dótinu fyrir.

Fyrirkomulagi í herbergi QSL stofunnar á 2. Hæð var breytt til bráðabirgða svo hægt væri að koma fyrir hluta dótsins. Ljósmynd: TF3JB.

Það gekk eftir og helgina 18. og 19. júlí var unnið við að koma dótinu fyrir á ný. Strax kom í ljós, að geymsluherbergi félagsins í kjallaranum í Skeljanesi var ónothæft, vegna þess að dagana á undan hafði hellirignt í Vesturbænum og gólfið í kjallaranum á floti. Í stað þess að flytja dótið þangað, var gripið til þess ráðs að endurskipuleggja herbergi QSL stofunnar á 2. hæð og flytja hluta þess þangað upp. Sá hluti sem ekki komst upp á 2. hæð var fluttur í hliðarrými sem er í ganginum niðri, samhliða inngangi í húsið (á vinstri hönd þegar gengið er inn), nema nokkrir hlutir sem voru fluttir í geymsluna í salnum uppi á 1. hæð.

Hugmyndin er, að dótið hafi viðdvöl á þessum stöðum uns hægt verður að gera kjallara-geymsluna örugga á ný.

Jónas Bjarnason, TF3JB og Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33, önnuðust flutninga og tilfærslur innanhúss um þessa helgi, en eftirtaldir félagar mættu til að spjalla, gefa góð ráð og/eða til að sýna stuðning með því að færa í hús bakkelsi með kaffinu.

Á laugardag: Mathías Hagvaag, TF3MH, Ari Þór Jóhannesson, TF1A og Garðar Valberg Sveinsson, TF8YY og á sunnudag: Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS og Mathías Hagvaag, TF3MH.

Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 við hliðarrýmið við innganginn í húsið þar sem hluta dótsins var komið fyrir til bráðabirgða. Mynd: TF3JB.

Greiður inngangur og snyrtilegur í Skeljanes eftir tiltektina helgina 18.-19. júlí. Ljósmynd: TF3JB.

Eftir að Doddi (TF3SB) hafði verið til ráðuneytis um frágang á radíódóti félagsins, heimsótti hann Odd Helgason, framkvæmdastjóra ORG ehf., Ættfræðiþjónustunnar, sem deilir húsnæði með ÍRA í Skeljanesi. Þar aðstoðaði hann Odd við tengingar á búnaði á skrifstofu hans. Sú vinna gekk upp og var Oddur ánægður og sagði Dodda „einstaklega hæfan fagmann“.

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri CQ TF aðstoðar Odd B. Helgason hjá ORG ehf. í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

2.4 GJÖF TIL TF3IRA-1Ø.

Félagið tók á móti gjöf til félagsstöðvarinnar TF3IRA þann 2. ágúst. Um var að ræða Yaesu SMB-201, sem er sérhönnuð borðfesting með innbyggðri viftu til notkiunar fyrir Icom IC-208H VHF/UHF APRS félagsins, TF3IRA-1Ø.

Skeljanesi 2. ágúst 2020. YAESU FT-7900E og ICOM IC-208H stöðvar félagsins komnar á SMB-201 borðfestingar svo “jafnvægi” ríkir á VHF/UHF borðinu í fjarskiptaherbergi félagsins. Ljósmynd: TF3JB.

SMB-201 þarf ekki að skrúfa niður í borðplötuna því hún er búin sérstökum gúmmífótum, sem gerir stöð og festingu mjög stöðuga. Þá er kæliviftan í borðfestingunni stærri en innbyggða viftan í IC-208H stöðinni þannig að vart heyrist í henni þegar hún fer í gang. Stjórn ÍRA þakkar velvilja og góðan stuðning, en gefandi óskar að láta kallmerkis ekki getið.

2.5 SNYRT TIL VIÐ SKELJANES

2.5.1 Snyrt til utanhúss 28. júní.

Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33, mætti í Skeljanes eftir hádegi sunnudaginn 28. júní. Á dagskrá var að hreinsa til og gera snyrtilegt við húsið og innganginn. Verkið gekk hratt og vel fyrir sig svo brátt var orðið boðlegt fyrir félagsmenn og gesti að mæta á staðinn. Leigumarkaður BYKO í Breidd sá okkur fyrir Honda sláttuorfi með öflugum bensínmótor (eins og árið áður) en Baldvin kom færandi hendi með stunguskóflu og önnur garðáhöld heiman að frá sér í Garðabæ.

Baldvin beitir sláttuorfinu á óæskilegan gróður. Grasvöxturinn upp við húsið var einnig fjarlægður. Ljósmynd: TF3JB.

En þar var ekki látið við sitja, því eins og fram kom í 4. tbl. CQ TF 2019, þegar Baldvin snyrti síðast til fyrir utan Skeljanes, var haft eftir honum að: *„…hann hafi verið nokkuð ánægður [með unnið verk þá] en benti á að næst mætti huga að því að mála, a.m.k. tréveggin þar sem TF3IRA skiltið er fest“.*

Og í framhaldi af garðvinnunni, tók Baldvin sér málningarpensil og rúllu í hönd og málaði í snatri tvær umferðir á tréveggin og í kring. Veggurinn, sem síðast var málaður 7. apríl 2018 lítur nú út sem nýr samanber meðfylgjandi ljósmynd.

Baldvin beitir málningarrúllunni faglega á tréveggginn við innganginn. Hann sagðist ætla að láta tvær umferðir nægja að sinni. Skiltið með kallmerki félagsstöðvarinnar var meira að segja skrúfað niður og þrifið. Ljósmynd: TF3JB.

Allt annað og snyrtilegra er nú að nálgast innganginn í félagsaðstöðuna. Illgresið sem áður var þétt vaxið upp við húsvegginn er allt farið og úr sér vaxið grasið á flötinni fyrir framan húsið hefur verið slegið. Baldvin sagðist bara nokkuð ánægður með verkefni dagsins, en benti á að næst mætti huga að því að mála fleiri fleti á húsinu.

Góðu dagsverki lokið. Búið að snyrta gróður og mála. Baldvin sagðist bara nokkuð ánægður. Ljósmynd: TF3JB.

2.5.2 Snyrt til utanhúss 3. júlí, 23. júlí og 17. ágúst.
Félagsmaður okkar, Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 vann mikið og gott verk við að mála og snyrta til utanhúss í Skeljanesi sumarið 2020, svo eftir var tekið.

Næsta verkefni (eftir 28. júní) þegar hann hafði reyndar líka skrapað og málað neðri hæð framhliðar hússins í Skeljanesi, var stærra. Eftir að neðri hæðin var orðin skammlaus, sagðist hann vera ósáttur við hve efri hæð hússins væri „skellótt“, þ.e. málning væri flögnuð af svo víða sæi í beran múr.

Þann 3. júlí var Baldvin mættur í Skeljanes til að skrapa lausa málningu af efri hæðinni til undirbúnings fyrir málningu og 23. júlí tókst að ljúka undirbúningi og grunna framhliðina. Vegna þess að ýmist var rigningartíð eða menn uppteknir, frestaðist til 17. ágúst að ljúka við að mála 2. hæðina. Mikill munur er á framhlið hússins eftir þetta góða vinnuframlag eins og sjá má á ljósmyndum sem voru teknar fyrir og eftir verkið.

Stjórn ÍRA þakkar Baldvin Þórarinssyni, TF3-Ø33 fyrir frábært vinnuframlag og elju við að fegra til í umhverfi félagsaðstöðunnar í Skeljanesi.

2.6 FÉLAGSAÐSTAÐAN; YFIRLIT YFIR OPNANIR Á STARFSÁRINU 2020/21.

Í eðlilegu starfsári er félagsaðstaðan í Skeljanesi opin öll fimmtudagskvöld, nema á lögboðnum frídögum.[13]

Á starfsárinu 2020/21 (frá 20. febrúar 2020 til 25. febrúar 2021) hefði, undir eðlilegum kringumstæðum, verið haft opið 50 fimmtudagskvöld. Vegna Covid-19 faraldursins urðu kvöldin þó aðeins 16 en lokunarkvöld 34, samanber töfluna til hliðar.

Opnunartímabil:

- 20. febrúar - 12 mars (4).
- 11. júní - 30. júlí (8).
- 17. september (1).
- 11. febrúar - 25. febrúar 2021 (3).

Lokunartímabil:

- 19. mars - 4. júní (10).
- 6. ágúst - 10. september (6).
- 24. september - 4. febrúar 2021 (18).

Vetraráætlun ÍRA sem var kynnt í 1. tbl. CQ TF 2020 var frestað þann 10. mars til haustsins. Hins vegar urðu aðstæður ekki þannig það sem eftir var starfsársins að hægt væri að gera áætlunina virka á ný.

Skömmu áður (5. mars) hafði flóamarkaði félagsins verið frestað um tvo mánuði til 5. maí, en sú frestun var dregin til baka tveimur dögum síðar. Ekki náðist að efna til flóamarkaðar frekar en til annarra viðburða það sem eftir lifði starfsársins.

OPIÐ	LOKAÐ
20. febrúar	-
27. febrúar	-
5. mars	-
12. mars	-
-	19. mars
-	26. mars
-	2. apríl
-	16. apríl
-	30. apríl
-	7. maí
-	14. maí
-	21. maí
-	28. maí
-	4. júní
11. júní	-
18. júní	-
25. júní	-
2. júlí	-
9. júlí	-
16. júlí	-
23. júlí	-
30. júlí	-
-	6. ágúst
-	13. ágúst
-	20. ágúst
-	27. ágúst
-	3. september
-	10. september
17. september	
-	24. september
-	1. október
-	8. október
-	15. október
-	22. október
-	29. október
-	5. nóvember
-	12. nóvember
-	19. nóvember
-	26. nóvember
-	3. desember
-	10. desember
-	17. desember
-	7. janúar
-	14. janúar
-	21. janúar
-	28. janúar
-	4. febrúar
11. febrúar	-
18. febrúar	-
25. febrúar	-



LOKAÐ TIL 14. JANÚAR

Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði lokuð fimmtudag **10. desember** vegna Covid-19 faraldursins.

Líkur aukast á að slakað verði á kröfum vegna faraldursins eftir að framlengingu reglugerðar heilbrigðisráðherra lýkur 12. janúar. Gangi mál á besta veg, bindum við vonir við að geta opnað á ný **14. janúar 2021.**

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

(Tölvupóst má senda á stjórn ÍRA á ira@ira.is Formaður ÍRA, Jónas Bjarnason, TF3JB er í GSM sima 898-0559).

The headquarters of Icelandic Radio Amateurs (ÍRA) at Skeljanes will be closed on Thursday December 10, 2030. This is due to the Covid-19 pandemic.

We are optimistic that we can open again on Thursday January 14, 2021.

The board of ÍRA.

(ÍRA E-mail address: ira@ira.is Our president, Jónas Bjarnason, TF3JB, may be reached at GSM 898-0559).

Tilkynningar líkar þeirri sem sýnd er til vinstri (á íslensku og ensku) voru límdar upp við innganginn í Skeljanesi í hvert sinn sem stjórn ÍRA þurfti að taka ákvörðun um lokun félagsastöðunnar. Ljósmynd: TF3JB.

[13] https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1692

2.7 FIMMTUDAGSKVÖLD Í SKELJANESI

Í kafla 2.6 kemur m.a. fram að hægt var að hafa félagsaðstöðuna í Skeljanesi opna á alls 16 fimmtudagskvöldum á starfsárinu 2020/21. Hér á eftir má sjá ljósmyndir frá nokkrum af þessum opnunarkvöldum.

Fimmtudagur 20. febrúar.

Nýjustu tímaritin eru alltaf vinsæl. Frá vinstri (næst myndavél): Heimir Konráðsson TF1EIN, Jón Björnsson TF3PW, Björgvin Víglundsson TF3BOI, Baldvin Þórarinsson TF3-033 og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Ljósmyndir: TF3JB.

Hressilegar umræður í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Ari Þór Jóhannesson TF1A, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Þórður Adolfsson TF3DT (standandi) og Benedikt Sveinsson TF3T.

Fimmtudagur 11. júní.

Brúna leðursófasettið er alltaf vinsælt. Frá vinstri: Þórður Adolfsson TF3DT, Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Heimir Konráðsson TF1EIN og Sigmundur Karlsson TF3VE. Ljósmynd: TF3JB.

Fimmtudagur 18. júní.

Frá vinstri: Óskar Sverrisson TF3DC, Guðmundur Sigurðsson TF3GS og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3JB.

Frá vinstri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Elín Sigurðardóttir TF2EQ. Ljósmynd: TF3JB.

Fimmtudagur 25. júní.

Við fundarborðið.
Jón Björnsson TF3PW,
Ágúst H. Bjarnason TF3OM,
Baldvin Þórarinsson TF3-033
og Mathías Hagvaag TF3MH.

Óskar Sverrisson TF3DC,
Yngvi Harðarson TF3Y,
Sigurður R. Jakobsson TF3CW og
Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Einn í
hópnum fékk nýja HF stöð daginn áður
sem hann ætlar að nota til að taka þátt í
SOTA verkefninu sumarið 2020.

Rætt um áhugaverð DX-skilyrði.
Sigurður R. Jakobsson TF3CW,
Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB,
Kristján Benediktsson TF3KB
og Yngvi Harðarson TF3Y.

Tímaritin eru alltaf spennandi.
Baldvin Þórarinsson TF3-033,
Hans Konrad Kristjánsson TF3FG,
og Mathías Hagvaag TF3MH.
Fjær: Óskar Sverrisson TF3DC
og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.
Ljósmyndir: TF3JB.

Fimmtudagur 9. júlí.

Skeljanesi 9. júlí. Frá vinstri: Sigmundur Karlsson TF3VE, Þórður Adolfsson TF3DT, Mathías Hagvaag TF3MH, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósmynd: TF3JB.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY útskýrir landakort af Íslandi með reitakerfinu í VHF/UHF leikunum 2020.
Frá vinstri:
Hrafnkell Sigurðsson TF8KY,
Þórður Adolfsson TF3DT,
Sigmundur Karlsson TF3VE,
Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og
Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

Eftir kynningu TF8KY. Frá vinstri:
Kristján Benediktsson TF3KB,
Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB,
Baldvin Þórarinsson TF3-033 og
Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.
Ljósmyndir: TF3JB.

Fimmtudagur 16. júlí.

Frá vinstri: Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL og Kristján Benediktsson TF3KB. Plakat frá DARC lá frammi; „Kurzwellen-Bandplan DL + 6m“. Hugmyndin er að fá leyfi Þjóðverjanna til að nota þeirra uppsetningu fyrir sérstakt TF tíðniplan. Málið á rætur að rekja til vel heppnaðrar kynningar Kristjáns, TF3KB um tíðniplön á HF amatörböndunum sem haldin var í Skeljanesi 8. desember (2019), en í umræðum eftir kynninguna kom fram mikill áhugi manna að félagið láti útbúa sérstakt plakat fyrir TF.

Frá vinstri: Þórður Adolfsson TF3DT, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Baldvin Þórarinsson TF3-033, Sigurður Kolbeinsson TF8TN og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS (fyrir enda borðs).

Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH, Þórður Adolfsson TF3DT, Þór Þórisson TF1GW, Einar Kjartansson TF3EK, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Guðmundur Sigurðsson TF3GS og Jón G. Guðmundsson TF3LM. Ljósmyndir: TF3JB.

Fimmtudagur 30. júlí.

Alltaf fjör við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Tommi Laukka TF8TL, Þórður Adolfsson TF3DT, Baldvin Þórarinsson TF3-033, Erling Guðnason TF3EE, Einar Kjartansson TF3EK, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs). Ljósmynd: TF3DC.

Litið á loftnetsbúnaðinn á opnunarkvöldi í Skeljanesi 30. júlí. Guðmundur Sigurðsson TF3GS búinn að setja á sig öryggis-búnaðinn áður en hann hélt upp turninn. Gummi lét þau orð falla þegar hann kom aftur niður að þótt það þurfi að lagfæra fæðinguna í loftnetið sé greinilegt að vandað hafi verið til uppsetningar og alls frágangs þegar lofnetið var sett upp fyrir tveimur árum. Ljósmynd: TF3DC.

Fimmtudagur 17. september.



Myndin er af aðstöðu sem komið var upp við inngang í fundarsalinn í Skeljanesi 17. september. Áskilið var frá þeim tíma að að nota andlitsgrímur og spritta hendur í félagsaðstöðunni. Grímur og handspritt voru einnig í boði víðar um salinn. Ljósmynd: TF3JB.

Fimmtudagur 11. febrúar 2021.

Frá vinstri (við borð): Mathías Hagvaag TF3MH, Valtýr Einarsson TF3VG, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL og Georg Kulp TF3GZ. Bæði TF3MH og TF3AWS hafa fengið Covid-19 veiruna og voru því undanþegnir grímuskyldu. Ljósmynd: TF3JB.

Fimmtudagur 18. febrúar 2021.

Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH, Jón Björnsson TF3PW, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Sigmundur Karlsson TF3VE og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Fremst á mynd til vinstri og til hægri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Sigmundur Karlsson TF3VE. Fjær: Mathías Hagvaag TF3MH, Jón Svavarsson TF3JON og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Ljósmyndir: TF3JB.

Fimmtudagur 25. febrúar 2021.

Skeljanesi 25.2.2021. Ólafur Örn Ólafsson TF1OL tók þátt í öllum þremur viðburðum ÍRA á árinu 2020. Hann náði framúrskarandi góðum árangri og varð í 1. sæti í TF útileikunum. Í verðlaun var ágrafinn veggplatti og sértakt viðurkenningarskjal fyrir árangurinn. Þá varð Ólafur í 2. sæti í VHF/UHF leikum félagsins. Í verðlaun var vandaður verðlaunagripur. Hann hlaut að auki sérstakar viðurkenningar félagsins fyrir bestu ljósmyndina í leikunum og fyrir skemmtilegustu færsluna á Facebook.

Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél), Baldvin Þórarinsson TF3-033, Ólafur B. Ólafsson TF3ML, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Einar Kjartansson TF3EK, Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS og Georg Kulp TF3GZ.

Alltaf er áhugi á radíódóti. Frá vinsti: Georg Kulp TF3GZ, Wlhelm Sigurðsson TF3AWS, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Benedikt Sveinsson TF3T, Einar Kjartansson TF3EK (bak í myndavél) og Valgeir Pétursson TF3VP. Ljósmyndir: TF3JB.

3. Vetrardagskrá; erindi í Skeljanesi

FLUTNINGUR ERINDA OG ÁRLEGT JÓLAKAFFI

3.1 YFIRLIT

Árið 2020 fór vel af stað. Nýtt hefti CQ TF, 1. tbl. 2020 kom út á heimasíðu þann 23. janúar. Í blaðinu var m.a. kynnt ný og glæsileg vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið 13. febrúar til 14. maí 2020. Hvað varðar erindisflutning, hafði hins vegar ekki náðst að flytja eitt einasta erindi þegar stjórn félagsins þurfti að taka þá þungbæru ákvörðun 10. mars að fresta dagskránni vegna Covid-19 faraldursins.[14]

Bókun í fundargerð var þessi: „Samþykkt að fresta öllum viðburðum öðrum en opnu húsi á fimmtudagskvöldum til haustsins, þ.á.m. flóamarkaði (sem áður hafði verið frestað til 3. maí). Framhald yrði síðan að ráðast af framvindu COVID-19 veirunnar og tilmælum stjórnvalda í þeim efnum“. Eins og þekkt er í dag, varð sú frestun endanleg út árið 2020. Í eðlilegu ári, hefðum við kynnt síðari hluta vetrardagskrár ÍRA fyrir tímabilið október-desember (í 4. tbl. CQ TF 2020) sem hefði lokið með vinsælu jólakaffi félagsins í desembermánuði. Það kom hins vegar ekki til þess vegna Covid-19 faraldursins.

Þrátt fyrir að ekki sé frá miklu að segja undir þessu kaflaheiti, var engu að síður ákveðið að hafa kaflanum með í þessari skýrslu starfsársins 2020/21. Aðallega til að halda til haga hve vinsæll og vel sóttur þessi þáttur var í félagsstarfinu árin á undan, þ.e. 2018 og 2019. En 15 blaðsíður þurfti í ársskýrslu hvors árs til að skýra frá þessum þætti í félagsstarfinu.

Myndin var tekin á einu best sótta erindi á vetraráætlun ÍRA 2019/20 þegar nær 40 félagar mættu til að hlýða á erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar TF3DX „Radíótækni í árdaga“. Erindið var flutt 4. apríl 2019 í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

[14] Stjórn ÍRA hafði áður (5. mars) tilkynnt um frestun á auglýstum flóamarkaði félagsins, sem fyrirhugað var að halda sunnudaginn 8. mars. Rök voru þessi: “Flóamarkaðir ÍRA hafa, síðustu ár, verið fjölsóttustu viðburðir félagsins og gjarnan hafa komið um og yfir 50 manns í Skeljanes. Ljóst er, þegar slíkur fjöldi mætir í salinn, verða mikil þrengsli. Leitað var til fagaðila um álit vegna þessa í dag og okkur ráðlagt að fresta viðburðinum, sé þess kostur”.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

TF3CW virkjar SOTA TF/SL215.
Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, virkjaði Miðfell við Flúðir í Hrunamannahreppi (SOTA TF/SL215) föstudaginn 3. júlí 2020. Tindurinn er í 251 metra hæð yfir sjávarmáli í reit HP94uc. Þau Björg Óskarsdóttir (XYL) gengu á fjallið og voru mjög ánægð með ferðina, en þegar upp var komið var lengst af logn með sól á köflum.

Þetta var fyrsta SOTA ferð Sigga og jafnframt í fyrsta skipti sem þessi tindur er virkjaður. Hann hafði 10 sambönd á morsi, vítt og breitt um Evrópu, allt niður til Ísrael. Siggi notar þriggja banda Mountain Topper MTR-3B stöð frá LNR Precesion fyrir 40/30/20m böndin. Sendiafl er mest 5W. Loftnet var svokallað „V-á hvolfi“ sem var haldið uppi með 6m hárri glertrefjastöng.

SOTA (*Summits On The Air*) verkefnið var stofnað 2002. Málið snýst um að fara á fjöll með fjarskiptatæki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi og hérlendis eru þeir 910.

TF3DX varð fyrstur til að „virkja“ fjallatind samkvæmt verkefninu, þann 1. september 2016 þegar Ísland gerist aðili. Þeir TF3EO, TF3EK og TF5PX settu kerfið upp hér á landi.



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjar Miðfell á Skeiðum (SOTA TF/SL215) 3. júlí. Ljósmynd: XYL Björg Óskarsdóttir.

4. Vetrardagskrá; aðrir viðburðir

LAUGARDAGS- OG SUNNUDAGSOPNANIR, NÁMSKEIÐ, NETSPJALL

4.0 INNGANGUR

Í þessum kafla er veitt yfirlit yfir aðra viðburði á vetrardagskrá ÍRA heldur en erindi (sem gert er grein fyrir í þriðja kafla). Samhliða er gerð grein fyrir viðburðum sem voru auglýstir sérstaklega. Um er um að ræða opnanir félagsaðstöðu á laugardögum og sunnudögum, námskeið (önnur en til amatörprófs) og myndakvöld.

Þessi kafli í skýrslunni er ekki mikill að vöxtum samanborið við fyrri tvö starfsár þar sem stjórn ÍRA var knúin til að fresta öllum viðburðum í auglýstri vetrardagskrá fram á haustið frá og með 10. mars vegna Covid-19. Bókun stjórnarfundar var eftirfarandi:

„Ástæðan er, ríkjandi aðstæður vegna útbreiðslu kórónaveiru sem veldur CONVID-19 sjúkdómi, sem breiðist hratt út en tilfellin hér á landi eru orðin alls 81. Mörg fimmtudagserindi í boði á vetrardagskrá hafa verið vinsæl og ekki óalgengt að um 40 manns hafi verið samankomnir og sitja þétt, þannig að smithætta getur verið fyrir hendi“.

Vegna framgangs faraldursins var þó aldrei hægt að gangsetja dagskrána á ný haustið 2020 þar sem frá var horfið í marsmánuði.

4.1 LAUGARDAGSOPNANIR.

4.1.1 Kynning á gervihnattastöð TF3IRA í Skeljanesi.
Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti í Skeljanes laugardaginn 22. febrúar og kynnti búnað, tækni og tól til fjarskipta um OSCAR 100 gervitunglið, auk þess sem hann aðstoðaði menn við að fara í loftið frá félagsstöðinni TF3IRA í gegnum tunglið. Félagsaðstaðan opin frá kl. 10-15 til að gefa sem flestum tækifæri til að nýta viðburðinn.

Þetta fyrirkomulag heppnaðist vel og var góð mæting og dreifing yfir daginn. Menn fóru í loftið, bæði á tali (SSB) og morsi. Fjarskiptin eru nokkuð sérstök, þ.e. sterk merki, engar truflanir og DX. Sérprentaðar greinar Ara Þórólfs úr CQ TF um OSCAR 100, lágu frammi í salnum til kynningar. Alls mættu 24 félagsmenn og 3 gestir í Skeljanes þennan sólríka laugardag.

Farið yfir undirstöðuatriði gervihnattafjarskipta áður en farið var í loftið. Frá vinstri: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Gunnar Bergþór Pálsson TF2BE og Gísli G. Ófeigsson TF3G. Ljósmynd: TF3JB.

Guðmundur Gunnarsson TF3GG sagði þessa tegund fjarskipta áhugaverða og sérstaklega að hægt væri að vera á morsi í samböndum um OSCAR 100. Ljósmynd: TF3JB.

Hans Konrad Kristjánsson TF3FG var afar ánægður og tók sín fyrstu QSO á SSB í gegnum OSCAR 100, m.a. við radíóamatöra í Brasilíu.

Þessi ljósmynd var valin á forsíðu 2. tbl. CQ TF sem kom út 29. mars 2020. Ljósmynd: TF3JB.

Biðraðir mynduðust fljótt hjá Ara í fjarskiptaherberginu. Á mynd: Baksvipur þeirra Björgvins Víglundssonar TF3BOI, Guðmundar Gunnarssonar TF3GG og Gísla G. Ófeigssonar TF3G. Mynd: TF3JB.

Gervihnattafjarskiptin útskýrð í sal á neðri hæð. Frá vinstri: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Óskar Sverrisson TF3DC og Gunnar B. Pálsson TF2BE. Undir sófaborðinu má sjá mælitæki frá RigExpert (AA-1400) sem var tengt við fartölvuna á borðinu. Í kaffihléi var hönk af RG-213 kóax tengd við tækið og m.a. greint sýndarviðnám á fæðilínunni (sem reyndist mismunandi eftir lengd enda kapallinn samsettur).

Þórarinn Benedikz TF3TZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A ræddu m.a. búnað sem þarf til að verða QRV og möguleika sem bjóðast í samböndum um gervihnöttinn ES'hail-2 / OSCAR 100.

Björgvin Víglundsson TF3BOI, Kristján Benediktsson TF3KB og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS skoðuðu m.a. stöðu OSCAR 100 í gráðum á himinhvolfinu, séð frá Íslandi. Ljósmyndir: TF3JB.

4.1.2 Mæling VHF/UHF stöðva félagsmanna.
Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Jón G. Guðmundsson TF3LM, mættu í Skeljanes laugardaginn 29. febrúar. Mælitæki voru sett upp í salnum til að mæla VHF og UHF stöðvar félagsmanna bæði fyrir amatörböndin og utan þeirra.

Þrennt var prófað: Afl sendis, næmleiki viðtækis og áberandi sterkar yfirsveiflur (frá 1mW). Allar prófanir voru gerðar í gerviálag.

Félagsmönnum var boðið að mæta á staðinn með eigin stöðvar og komu menn alls með alls 25 stöðvar (bílstöðvar, handstöðvar og heimastöðvar). Þótt ekki hafi verið búist við þetta miklum áhuga tókst engu að síður að prófa alls 15 stöðvar.

Mælingarlaugardagur í Skeljanesi 29. febrúar. Frá vinstri: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Sveinn Aðalsteinsson TF1SA (bak í myndavél), Jón G. Guðmundsson TF3LM og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Ljósmynd: TF3JB.

Yfirsveiflur voru mældar upp að 1,5 GHz. Algengt var að sjá yfirsveiflur í kringum 800 MHz og lélegar Kínastöðvar, sem sendu merki fyrir neðan senditíðni (undirsveiflur). Þótt niðurstöður hafi almennt reynst góðar, sagðist Ari vilja benda á að ekki væri að vita hvernig tækin hegða sér á mismunandi bílnetum.

Mælitæki: Rohde & Schwarz CMU-300 Universal Radio Communication Tester (6 GHz), DBD Communications 100W gerviálag (6 GHz) og DAIWA CN-801V VHF/UHF standbylgju- og aflmælir. Aflgjafar: Diamond GSV3000 (25A), QJE PSV30SWIV (30A) og Astron SL-11A (11A).

Niðurstöður voru birtar í greinargóðri skýrslu Jóns Guðmundssonar, TF3LM „Mælingadagur VHF/UHF stöðva í Skeljanesi 2020“ (á blaðsíðum 35-37) í 2. tölublaði CQ TF sem kom út í mars 2020. Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/03/cqtf_34arg_2020_02tbl.pdf

Alls mættu 30 félagar og 2 gestir þennan ágæta laugardag í Skeljanes, þrátt fyrir mikla snjókomu í vesturbæ Reykjavíkur.

Frá vinstri: Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Georg Kulp TF3GZ, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Sveinn Aðalsteinsson TF1SA (bak í myndavél) og Gunnar B. Pálsson TF2BE.

Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél), Hörður Bragason TF3HB, Georg Kulp TF3GZ, Sveinn Aðalsteinsson TF1SA og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A. Þá Baldvin Þórarinsson TF3-033, S. Smári Hreinsson TF8SM, Jón G. Guðmundsson TF3LM og Björgvin Víglundsson TF3BOI (allir með bak í myndavél).

Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ, Jón Björnsson TF3PW, Sveinn Aðalsteinsson TF1SA, Gunnar B. Pálsson TF2BE, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Jón Guðmundsson TF3LM, Snorri Ingimarsson TF3IK (bak í myndavél) og Benedikt Sveinsson TF3T. Myndir: TF3JB.

Áfylling sótt á kaffið. Frá vinstri: Baldvin Þórarinsson TF3-033, Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Óskar Sverrisson TF3DC, Snorri Ingimarsson TF3IK og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Ljósmynd: TF3JB.

4.2 SUNNUDAGSOPNANIR.

Auglýstar sunnudagsopnanir féllu niður á starfsárinu vegna Covid-19 faraldursins.

4.3. NÁMSKEIÐ.

Auglýst námskeið féllu öll niður á starfsárinu vegna Covid-19 nema námskeið Yngva Harðarsonar, TF3Y sem haldið var 1. mars.

4.3.1 Keppnisforritið Win-Test.

Hraðnámskeið til upprifjunar á Win-Test keppnisforritinu var haldið í Skeljanesi sunnudaginn 1. mars.[15] Yngvi Harðarson, TF3Y, annaðist kynninguna.



Yngvi, sem hefur mikla reynslu af notkun Win-Test, fór yfir uppsetningu, notkun og viðhald forritsins. Hann sýndi uppsetninguna (skref fyrir skref), uppfærslu gagna, tengingarmöguleika og stillingar (fyrir mismunandi keppnir), auk þess sem nytsamar ábendingar um notkun fylgdu.

Hann fór vel yfir getu og möguleika Win-Test, bæði í „Run“ og „S&P“ ham. Og fjallaði um mismunandi eiginleika í CW, SSB og RTTY keppnum, þ.á.m. stillingu tengiviðmóts, wtDX Telnet (hliðarforritsins) og uppsetningu á „Voice keyer“, RIGblaster og MicroHam búnaði. Þá kynnti hann nytsemi og möguleika mismunandi glugga á skjánum, út frá eigin reynslu.

Loks sýndi hann samhæfingu stöðvar og forrits með því að tengja eigin stöð á staðnum, þ.e. Elecraft KX-2. Glærur frá erindinu eru í boði á þessari vefslóð: http://bit.ly/2PD61mZ Alls mættu 12 félagar og 1 gestur í Skeljanes þennan veðurmilda og ágæta vetrarmorgun í vesturbænum í Reykjavík.

[15] Námskeiðið var auglýst í vetrardagskrá 23. febrúar en frestaðist til 1. mars.

Skeljanesi 1. mars. Yngvi Harðarson TF3Y flutti upprifjunarnámskeið um Win-Test forritið.



Ein af mörgum fróðlegum glærum sem Yngvi sýndi um Win-Test forritið.

Við ræðupúltið í Skeljanesi. Yngvi tók með sér eigin stöð, Elecraft KX2 og sýndi á skemmtilegan hátt samhæfingu forrits og stöðvar. Ljósmyndir: TF3JB.

4.4. NETSPJALL.

Það nýmæli var tekið upp í nóvember að efna til „spjallfunda“ á netinu í máli og mynd og voru fjórir fundir haldnir yfir netið til áramóta.

Ágúst H. Bjarnason TF3OM.

Það var Ágúst Bjarnason, TF3OM sem reið á vaðið og bauð til fyrsta fundarins þann 19. nóvember. Notað var vefforritið Zoom sem sækja má frítt á netið.

Hugmyndin hjá Ágústi var að gera mönnum kleift að sjást og tala saman í mynd á meðan félagsaðstaðan væri lokuð og var stefnan tekin á fimmtudagskvöld kl. 20:00.

Tilraunin tókst vel og tók Jón Björnsson, TF3PW við keflinu og efndi til áframhaldandi netfunda fimmtudagskvöldin 26. nóvember og 10. og 17. desember.

Engin sérstök dagskrá var auglýst fyrirfram, en umræðuefni voru næg og stóðu fundir allt upp í tvær og hálfa klukkustund. Á bilinu frá 5–11 félagar mættu á hvert netspjall.

4.4.1 Fimmtudagur 19. nóvember.

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM efndi til óformlegs „netstpjalls“ á meðal félagsmanna ÍRA fimmtudaginn 19. nóvember. Hann ræddi hugmyndina fyrst þann 7. nóvember á FB síðu félagsins og svo á ný 10 dögum síðar þegar hann skrifaði: „Ég stefni á að boða til óformlegs „hittings“ eða spjalls næsta fimmtudag 19/11 klukkan 20:00“.

Í stuttu máli sagt, fór viðburðurinn fram á tilsettum tíma og kom glimrandi vel út. Þátttakendur voru mjög ánægðir með reynsluna af þessu fyrsta „netspjalli“ sem varði í um eina og hálfa klukkustund og ekki skorti umræðuefni.

Tólf höfðu lýst yfir áhuga en fimm mættu á netið. Notað var forritið Zoom sem er frítt og gerir kleift að eiga í rauntímasamskiptum í videomynd, tali og skrifuðum texta. Ekki þarf mikinn tækjabúnað og flestir, ef ekki allir eiga snjallsíma sem er með öllu sem til þarf. Skjá, hljóðnema og videomyndavél. Sama er að segja um ferðatölvur, þær eru með öllu.

4.4.2 Fimmtudagur 26. nóvember.

Jón Björnsson, TF3PW bauð til netspjalls fimmtudagskvöldið 26. nóvember kl. 20:00. Notað var vefforritið Zoom. Góð mæting var og skráðu sig alls níu félagsmenn inn á fundinn sem stóð í rúmlega 1 klst. og 45 mínútur.

Jón Björnsson TF3PW.

Eins og við var að búast var umfjöllunarefnið margvíslegt þótt engin dagskrá hafi verið sett upp fyrirfram, enda margir að prófa fjarfundabúnað í fyrsta skipti. Meðal annars var rætt um tækin; QRP stöðvarnar: SKY SDR frá Ariel-51, FDM-DUO frá Elad, CommRadio CTX-10 frá AeroStream og Argonaut VI frá Ten-Tec. Ennfremur var mikið rætt um Yaesu FTdx101D, nýju FTdx10 stöðina og Icom IC-7100, IC-7300 og nýju IC-705 stöðina sem vinnur á 160-10 metrum, auk 6 metra, 4 metra, 2 metra og 70 sentímetra bandanna.

Þá var áhugaverð umræða um SDR viðtæki. Einnig var rætt um góð skilyrði s.l. tvo mánuði út frá sólarsveiflu 25 og um fjarskipti um VHF/UHF endurvarpann sem er í alþjóðlegu geimstöðinni.

4.4.3 Fimmtudagur 10. desember.
Jón Björnsson, TF3PW bauð til netspjalls fimmtudaginn 10. desember kl. 20:00. Notað var vefforritið Zoom líkt og í fyrri skiptin tvö.

Góð mæting var og skráðu sig 10 félagsmenn inn á fundinn sem stóð í 2 klst. Flestir voru Í Reykjavík, en einnig frá Hveragerði og Akranesi. Þótt ekki hafi verið sett upp dagskrá fyrirfram skorti ekki umræðuefni.

Rætt var um um tækin, tæknina, smíðar og smíðaverkefni, loftnet, heyrnartól og hljóðnema, fjarskipti yfir netið og alþjóðlegar keppnir, m.a. um ARRL keppnina á 10 metrum. Menn skiptust einnig á vefslóðum á áhugaverðar heimasíður.

Þetta var þriðja fimmtudagskvöldið sem menn hittust á þennan hátt, en Jón (TF3PW) efndi einnig til spjalls 26. nóvember (þegar 9 mættu). Skemmtileg tilbreyting og vel heppnuð a.m.k. á meðan félagsaðstaðan er lokuð í Skeljanesi vegna COVID-19.

4.4.4 Fimmtudagur 17. desember.
Jón Björnsson, TF3PW bauð til síðasta netspjalls ársins fimmtudagskvöldið 17. desember. Notað var vefforritið Zoom eins og áður.

Góð mæting var og skráðu sig 11 félagsmenn inn á fundinn sem stóð í rúmar tvær og hálfa klukkustund. Flestir voru staddir á Reykjavíkursvæðinu, en einnig mættu félagar á Reykjanesi, Suðurlandi og Vesturlandi.

Þótt ekki hafi verið sett upp dagskrá fyrirfram skorti ekki umræðuefni frekar en fyrri daginn. Rætt var m.a. um tækin, SDR viðtæki, loftnet, truflanir, starfrækslu yfir netið, alþjóðlegar keppnir og um skilyrðin.

Bestu þakkir til Jóns Björnssonar, TF3PW. Þetta var 4. fimmtudagskvöldið sem menn hittust á þennan hátt, þar sem Jón efndi einnig til spjalls 10. desember og 26. nóvember s.l., en Ágúst H. Bjarnason, TF3OM reið fyrstur á vaðið með netspjall 19. nóvember 2020. Skemmtileg tilbreyting og vel heppnaðir viðburðir.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Glæsilegur árangur TF3EK.

Einar Kjartansson TF3EK.

Einar Kjartansson, TF3EK náði markverðum árangri í byrjun október, þegar hann náði 1001 stigi í SOTA verkefninu. Þessi frábæri árangur byggist á virkjun alls 186 íslenskra fjallatinda. SOTA (*Summits On The Air*) verkefnið var stofnað árið 2002. Málið snýst um að fara á fjöll með fjarskiptatæki og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi; hérlendis eru þeir 910 talsins.

Auk Einars, hafa eftirtaldir leyfishafar skráningu með stig á heimasíðu SOTA: TF3DX (212); TF3Y (38); TF3CW (14); TF3GD (8); TF3EO (5); TF3EE (4); TF3WJ (1) og TF8KY (1). Alls hafa 20 TF kallmerki skráningu í gagnagrunni SOTA. Vefslóð:
https://www.sota.org.uk/

Þeir Egill Ibsen TF3EO, Einar Kjartansson TF3EK og Þórður Ívarsson TF5PX settu kerfið upp hér á landi. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX varð fyrstur til að „virkja“ fjallatind á Íslandi samkvæmt verkefninu þann 1. september 2016 þegar Ísland gerðist aðili. Hamingjuóskir til Einars með árangurinn.

Benda má á fróðlegt erindi TF3EK sem hann flutti í Skeljanesi 7. mars 2019: „Búnaður og aðferðir sem henta fyrir SOTA“. Þar fór hann m.a. yfir tilurð SOTA, heppilegan búnað og útskýrði hvernig sambönd eru höfð og færð inn í gagnagrunn á heimasíðu verkefnisins. Sjá CQ TF, 2. tbl. 2019 bls. 32, vefslóð:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/03/cqtf_33arg_2019_02tbl.pdf

SOTA verðlaunagripur eins og sá sem Einari stendur til boða. Nafnbótin “Mountain Goat” fylgir. Ljósmynd: VK3YY.

5. Námskeið og próf til amatörleyfis

NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS – PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS

5.1 NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS,

Fyrirhugað var að bjóða námskeið til amatörprófs hjá félaginu vorið 2020. Í ljósi Covid-19 faraldursins var því frestað fram á haustið í þeirri von að þá gæfist tækifæri til að halda námskeiðið. Af því gat þó ekki orðið vegna faraldursins.

Á stjórnarfundi í ÍRA þann 24. nóvember 2020 var samþykkt að fara þess á leit við prófnefnd, að undirbúið verði námskeið sem verði í boði á vormisseri 2021. Í erindi til nefndarinnar dags. 29. nóvember kemur m.a. fram, að mælt sé með að námskeiðið verði haldið í húsnæði Háskólans í Reykjavík líkt og verið hefur frá árinu 2013. Verði kórónaveiran Covid-19 hins vegar enn hamlandi á þeim tíma, er nefndin beðin um að kanna með að bjóða námskeiðið yfir netið.

Upplýsingar þessa efnis voru settar á heimasíðu og FB síður 28. nóvember og komu strax viðbrögð frá fólki sem hefur nú beðið eftir að komast á námskeið frá því vorið 2020. Síðasta námskeiði ÍRA til amatörprófs lauk með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík 14. desember 2019. Alls náðu átta fullnægjandi árangri, annaðhvort til N-leyfis eða G-leyfis.



Mynd af innsetningu á heimasíðu ÍRA 28. nóvember 2020. Ljósmynd: TF3JB.

5.2 PRÓFKRÖFUR.

Úr reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna
nr. 348 19. apríl 2004:

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

5. gr. Próf og prófkröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radíóáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið samtökum radíóáhugamanna að hafa umsjón með prófum og taka þátt í gerð prófgagna. Stofnunin getur einnig falið samtökum radíóáhugamanna að annast próf enda sé tilnefndur ábyrgðarmaður af hálfu samtakanna. Samtök radíóáhugamanna bera sjálf kostnað af þátttöku sinni í prófhaldi.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út ef þess er óskað prófskírteini sem eru í samræmi við tilmæli CEPT 61-02 (Harmonised Amateur Radio Examination Certificate, HAREC). Prófkröfur taka mið af sömu tilmælum eftir því sem við á og eru eftirfarandi:

a) N-próf:

1. Grunnatriði í rafmagns- og radíófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radíóáhugamenn.

b) G-próf:

1. Tækni:
   Raf-, rafsegul- og radíófræði.
   Íhlutir.
   Rásir.
   Viðtæki.
   Sendar.
   Loftnet og sendilínur.
   Útbreiðsla rafsegulbylgna.
   Mælingar.
   Truflanir og truflanavernd.
   Öryggismál í sambandi við rafmagn.

2. Innlendar og alþjóðlegar reglur um viðskipti og aðferðir:
   Stöfun með orðum.
   Q-skammstafanir.
   Skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum.
   Alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum.
   Kallmerki.
   Skipulag alþjóðlegu radíóáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radíóáhugamanna.

3. Innlendar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna:
   Radíóreglugerð ITU.
   Reglur CEPT.
   Innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um efni til prófs í samræmi við tilmæli CEPT.

Próf skulu vera skrifleg en heimilt er að bregða út af því er aðstæður réttlæta. Póst- og fjarskiptastofnun skipar prófdómara nema samtökum radíóáhugamanna hafi verið falið að annast próf.

5.2.1 Prófdagur og fyrirkomulag.

Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis er yfirleitt haldið á laugardegi. Síðustu ár hefur fyrirkomulag verið eftirfarandi:

Kl. 10-12.00 Rafræði og radíótækni.
Kl. 12-13.00 Hádegishlé.
Kl. 12-14.00 Reglur og viðskipti.
Kl. 15:30 Prófsýning.

Myndin var tekin þegar próf PFS til amatörleyfis var að hefjast 14.desember 2019 kl. 10:05 í stofu V109 í HR. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar stendur fyrir stafni. Átta náðu fullnægjandi árangri. Ljósmynd: TF3JB.

5.3 FRAMKVÆMD MUNNLEGRA PRÓFA.

Framkvæmd munnlegs prófs til amatörleyfis fer fram samkvæmt ákveðnum vinnureglum. Þær eru eftirfarandi:

1. Þrír menn annist prófið, tveir frá Prófnefnd ÍRA og prófdómari frá Póst- og fjarskiptastofnun. Annar prófnefndarmanna einbeitir sér að samskiptum við próftaka en hinir tveir gefi einkunn hvor í sínu lagi fyrir hvern lið, á bilinu 0,0 - 1,0 með upplausninni 0,1. Hvor um sig hafi eintak af prófinu með réttum svörum við höndina.

2. Æskilegt er að þeir sitji ekki andspænis próftaka, svo nærvera þeirra og athafnir dreifi athygli hans sem minnst. Þeir geta þó í hófi lagt til málanna ef þess gerist þörf, en aldrei skulu prófendur ræða mat sitt svo próftaki heyri. Þó er spyrjanda heimilt að láta í ljós við próftaka staðfestingu á velgengni þegar við á.

3. Að prófun lokinni beri þeir tveir sem skráðu einkunn fyrir hvern lið saman bækur sínar, skoða skriflega úrlausn að því marki sem hún liggur fyrir og geta ráðfært sig við spyrjandann. Náist ekki samstaða um einkunn skal meðaltal af tillögum hvors um sig gilda.

4. Munnlega prófið fari fram þegar skriflega prófið er haldið, má gjarnan byrja fyrr svo því sé lokið í tæka tíð. Nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma, ríflegri en fyrir skriflega prófið ef þess gerist þörf.

5. Prófa skal úr öllum liðum skriflega prófsins. Próftaki fái skriflegu spurningarnar eins og hann kærir sig um, að öðru leyti verði leitast við að koma efni þeirra til skila munnlega og, eftir atvikum, með myndrænum hætti. Próftaka standa sömu leiðir til boða til að koma svörum sínum á framfæri. Nota skal töflu og túss eftir atvikum og óskum próftaka.

6. Prófanda ber að krefja próftaka svars við öllum liðum og skal hjálpa honum að henda reiður á hvaða svör eru í boði við fjölvalsspurningum. Taka má tillit til óska próftaka um röð spurninga, og geyma sumar til annarrar yfirferðar sé þess óskað.

7. Ef próftaki á í erfiðleikum með að skilja spurningu eins og hún er fram sett, má leita eftir skilningi á efni hennar í áföngum eða með öðrum spurningum um sama efni. Einkunnargjöf fyrir slíka spurningu taki þá mið af þeirri hjálp sem þetta er talið veita.

Hluti þátttakenda í prófi PFS til amatörleyfis sem haldið var 25. maí 2018 bíður þess að prófstofa verði opnuð í HR. Sjö náðu fullnægjandi árangri. Ljósmynd: TF3JB.

5.4 FYRIRKOMULAG EF PRÓFTAKI GLÍMIR VIÐ LESBLINDU.

Leiðbeiningar um fyrirkomulag vegna prófstöku þegar einstaklingur glímir við skrifblindu (lesblindu) og hefur hug á að sitja próf til amatörleyfis hjá Póst- og fjarskiptastofnun.[16]

1. Sækja þarf um munnlegt próf til Póst- og fjarskiptastofnunar sem er hinn raunverulegi prófhaldari.

2. Póst- og fjarskiptastofnun hefur farið fram á eftirfarandi: „…fá vottorð frá sérfræðingi í lesblindu og þá sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðs prófs radíóáhugamanna“.

3. Í sama bréfi frá Póst- og fjarskiptastofnun: „…og þá var leitað til Lestrarseturs Rannveigar Lund, vefslóð: http://www.lrl.is/ PFS leggur til að haft verði samband við hana, því hún þekkir hvers konar próf við erum að tala um“.

[16] Upplýsingar eru samkvæmt svari prófnefndar dags. 20.1.2015 vegna fyrirspurnar stjórnar ÍRA.

4. Í maí 2013 svaraði Rannveig Lund eftirgrennslan Prófnefndar þannig: „Bentu þessum manni (á) að hafa samband. Kostnaður verður kr. 8.500“. Við getum endurnýjað þessa málaleitan og kannað hvert verðtilboðið væri nú.

5. Í upphafi, árið 2006, fékk Rannveig góða greinargerð um hvað fælist í prófum fyrir radíóamatöra. Hún sendi prófnefnd þá líka ýmsar leiðbeiningar sem varða gögn fyrir lesblinda. Í eftirgrennslan til hennar 2013 frá prófnefnd sagði meðal annars:

"Mótaðar voru framgangsreglur um munnlegt próf, þar sem prófandinn gefur ekki sjálfur einkunn, heldur sitt hvor prófdómarinn frá Póst- og fjarskiptastofnun og félaginu Íslenskir radíóamatörar. Þeir láta lítið á sér bera. Þetta er gert til að draga úr streitu í samskiptum próftaka og prófanda. Prófverkefnið er það sama og hjá þeim sem taka skriflega prófið um leið, en próftaki ræður að hvaða marki hann notast við skriflegan þátt og munnlegan. Tafla og túss eru til reiðu. Einnig er ávallt hægt að fá prófverkefnið stækkað í A3 og verða við ósk um annan lit en hvítan á pappír. Nokkrir hafa þegið þessi ráð með góðum árangri án þess að ráðist sé í munnlegt próf“.

6. Þau skipti sem prófað hefur verið munnlega, var fylgt tillögum um framkvæmd sem prófnefnd gerði fyrst árið 2006.

Hluti nemenda sem sátu próf til amatörleyfis í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 28. maí 2012. Alls þreyttu 18 nemendur prófið, 17 náðu fullnægjandi árangri í tækni og 14 náðu fullnægjandi árangri í reglugerðum. Ljósmynd: TF3JB.

Frá prófi til amatörleyfis í HR 4. maí 2013. Alls náðu tíu fullnægjandi árangri. Ljósmynd: TF3JB.

5.5 HVERJIR GETA GENGIST UNDIR PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS Á ÍSLANDI?

Hér á landi geta útlendingar gengist undir próf til amatörleyfis hjá Póst- og fjarskiptastofnun til jafns við Íslendinga, þ.e. ekki er krafist íslensks ríkisborgararéttar. Í flestum þjóðlöndum setja stjórnvöld ekki skorður hvað slíkt varðar, t.d. er töluvert um að Íslendingar hafi undirgengist próf af þessu tagi erlendis, m.a. í Bandaríkjunum (gjarnan þeir sem þar stunda nám).

Sömu kröfur eru gerðar til allra einstaklinga sem undirgangast próf stofnunarinnar hvað varðar þekkingu, burtséð frá líkamlegu ástandi, þ.m.t. fötlun. Hins vegar er sérstakt tillit tekið til lesblindu og þá er í boði munnlegt próf, en próftaki ræður að hvaða marki hann notast við skriflegan þátt og munnlegan. Tafla og túss eru til reiðu. Einnig er í boði að fá prófverkefni stækkað í A3 sem og að verða við ósk um annan lit en hvítan á prófgögn.

Á námskeiði félagsins sem er í boði til undirbúnings prófs til amatörleyfis, er um 65% námsefnis á ensku og um 35% á íslensku. Námskeiðsgjald er 20 þúsund krónur og er innifalið í þeirri fjárhæð kennsla og allt námsefni (útprentað) og félagsaðild að ÍRA.

Í áranna rás hefur próf til amatörleyfis yfirleitt verið verið lagt fyrir á íslensku, en jafnframt á ensku þegar óskir hafa borist þess efnis. Líkt og fram kemur að ofan, jafnframt munnlega þegar óskir hafa borist um það.

Skráning í próf til amatörleyfis er opin fyrir alla, burtséð frá því hvort einstaklingur hefur setið námskeið félagsins eða ekki. Þess eru dæmi, að einstaklingar hafi komið beint í próf án undirbúnings hjá félaginu. Skráning í próf fer fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun og er án gjaldtöku.

Tilmæli CEPT er varða aðgang fatlaðra að prófum fyrir radíóamatöra voru samþykkt 14. október 2014; ECC „*Amateur Radio Licence Examinations for Persons with Disabilities*“. Tilmælin má kalla fram á þessari vefslóð:
https://docdb.cept.org/download/c5bb7f24-3007/REC1405.PDF

(14.2.2021/TF3JB).

Úrlausnir yfirfarnar eftir próf 4. maí 2013. Frá vinstri: Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá Póst- og fjarskiptastofnun, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, prófnefnd ÍRA; Þór Þórisson TF3GW, Reglugerð og viðskipti; Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar ÍRA og Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS, ritari prófnefndar ÍRA. Ljósmynd: TF3JB.

6. TF útileikar, vitahelgin, keppnir

TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, SÉRSTÖK KALLMERKI, KEPPNIR

6.1 TF ÚTILEIKARNIR 2020.
TF útileikarnir fóru fram um verslunarmannahelgina 2020 samkvæmt venju. Að þessu sinni bar leikana upp á 1. til 3. ágúst. Skilað var inn dagbókum fyrir 14 stöðvar, með 302 færslum um sambönd. Samanlagður stigafjöldi var 4737.

Þetta er meira en tvöföldun á virkni samanborið við það sem mest hefur verið síðan núverandi fyrirkomulag á dagbókum og stigagjöf var tekið upp sumarið 2017.

Stöðvar heyrðust m.a. frá þessum stöðum á landinu:

- Þverárfjalli við Sauðarkrók, Hofsósi og Húsavík (TF1OL).
- Búrfellsvirkjun, Grímsnesi og Eyrarbakka (TF3DT).
- Grímsnesi (TF3IG).
- Stokkseyri (TF1BT).
- Hveragerði (TF1EIN).
- Vogum og Djúpavatni (TF8KY).
- Borgarfirði (TF2LL og TF3GZ).
- Kleifarvatni og Hveravöllum (TF3EK).
- Reykjavík og nágrenni: TF1A, TF1EM, TF3DX/P, TF3EK, TF3IRA, TF3JB, TF3LB, TF3XO og TF3Y.
- Fnjóskadal (TF5VJN).
- Akureyri (TF7DHP).

Ólafur Örn Ólafsson TF1OL varð í 1. sæti með bestan árangur í TF útileikunum 2020, með alls 1386 stig. Hann var QRV frá 4 reitum: IP16, IP15, IP06 og IP05. Ólafur notaði 18 metra háa glertrefjastöng til að halda uppi loftneti fyrir lægri böndin. Hér er hann staddur sunnan við Húsavík 2. ágúst. Ljósmynd: TF1OL.

Flest sambönd voru á tali (SSB) og morsi (CW), en ekki er vitað um að menn hafi haft sambönd á FT8 eða FT4 samskiptaháttum. Tíðnin 3637 kHz á 80 metrum var mest notuð ásamt 160, 40, 60 og 20 metra böndunum. Skilyrði til fjarskipta innanlands voru misgóð um helgina, en best á laugardeginum.

Ánægjulegt erindi barst frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 28. júlí þess efnis, að leyfishafar hefðu heimild til að nota allt að 100W í tilraunum á 60 metrum (á tíðnisviðinu 5351,5 - 5366,5 kHz) útileikadagana 1.-3. ágúst, með fyrirvara um truflanir.

Þórður Adolfsson TF3DT varð í 4. sæti í TF útileikunum 2020, með alls 666 stig. Hann var QRV frá 4 reitum: HP94, HP93, IPØ3 og IPØ4. Hann notaði billoftnetið Piranha-6/160 frá Hi-Q-Antennas fyrir HF böndin og Kenwood TF-480HT 200W sendi-/móttökustöð. Á myndinni er fjallið Hekla í baksýn. Ljósmynd: TF3DT.

6.1.1 Keppnisreglur

Reglur TF útileikanna fyrir árið 2020 voru óbreyttar frá því þær voru síðast uppfærðar fyrir leikana 2017. Markmið frá upphafi hefur verið að auka færni radíóamatöra í fjarskiptum innanlands og auka þekkingu á útbreiðslu í MF og HF tíðnisviðunum. Í útileikunum er lögð áhersla á að nota lægri böndin, 160m, 80m, 60m og 40m, en sambönd á hærri HF tíðnum teljast einnig til stiga, eins og um væri að ræða sambönd á 40m. Heimilt er að hafa sambönd hvenær sem er þessa tvo sólarhringa, en til að „þétta“ virknina eru fjögur tímabil gefin upp: Kl. 17-19 á laugardag, 9-12 á sunnudag, 21-24 á sunnudag og 8-10 á mánudag. Samband við sömu stöð, á sama bandi, telst gilt svo fremi sem a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi.

Þótt hafa megi samband hvenær sem er þessa þrjá daga má heildarþátttökutími hverrar stöðvar ekki fara yfir 9 klukkustundir miðað við höfð QSO. Ef haft er samband, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálftími til viðbótar reiknast 30 mínútur. Þrjú sambönd er hámarksfjöldi sambanda sem er heimilaður við sömu stöð á sama bandi.

Lágmarksupplýsingar sem skipst er á eru QSO raðnúmer (001 o.s.frv.) og QTH. Viðbótarstig fæst ef einnig er skipst á RS(T) og afli. RS(T) táknar læsileika, styrk og tón merkis. Miðað er við afl í wöttum frá sendi í loftnet. QTH má gefa upp sem 4 eða 6 stafa hnit/staðarreiti (*e. Maidenhead locator*) t.d. HP94bc[17] eða breidd og lengd, í gráðum, t.d. 6421.

Stigafjöldi fyrir hvert samband fer eftir staðsetningu í reitum sem skilgreindir eru með 4 stafa hnit/staðarreit, t.d. HP94. Eitt eða tvö stig fást fyrir sambönd innan sama reits. Fyrir sambönd milli reita bætist við samanlagður mismunur á númerum reita norður og austur.

[17] Sjá t.d. http://www.arrl.org/grid-squares

Þannig gefur fullt samband milli HP83 og HP94 4 stig en samband milli HP94 og IP04 gefur 3 stig. Einn margfaldari, sem fer eftir fjölda reita sem sent er frá, er notaður til að reikna endanlegan stigafjölda. Margfaldarinn er 3 ef öll sambönd eru frá sama reit, ef sent er frá fleiri reitum bætist 1 við fyrir hvern reit; margfaldari verður þó ekki hærri en 6.

Wilhelm Sigurðsson TF3AWS tók þátt í TF útileikunum 2020 frá TF3IRA á SSB 2. ágúst.



Mathías Hagvaag TF3MH tók þátt í TF útileikunum frá TF3IRA á SSB 1. ágúst.

Reynir Björnsson TF3JL tók þátt í TF útileikunum frá TF3IRA á morsi 2. ágúst. Ljósmyndir: TF3JB.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í Í 5. sæti í TF útileikunum 2020, með alls 381 stig. Á myndinni gengur Keli frá glertrefja-stönginni fyrir 80 metra V-loftnet á Djúpavatnsleið, syðst á Reykjanesi þann 2. ágúst. Keli hafði mörg góð sambönd með þennan loftnetsbúnað og 100W sendiafl. Ljósmynd: Björn Þór Hrafnkelsson TF8TY.

6.1.2 Kynning leikanna.

Minnt var á TF útileikana 2020 í 3. tbl. CQ TF sem kom út 29. júní. Einar Kjartansson, TF3EK mætti síðan í Skeljanes 30. júlí og fór yfir reglur og svaraði spurningum, auk þess sem keppnisreglurnar voru í boði útprentaðar.[18] Þá var viðburðurinn, kynningarfundurinn og leikarnir sjálfir vel kynntir á heimasíðu félagsins.

TF útileikarnir til umræðu. Frá vinstri: Tommi Laukka TF8TL, Þórður Adolfsson TF3DT, Baldvin Þórarinsson TF3-033, Erling Guðnason TF3EE, Einar Kjartansson TF3EK umsjónarmaður TF útileikanna, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs). Ljósmynd: TF3DC.

[18] Vefslóð á glærur frá erindi Einars um útileikana: http://eik.klaki.net/tmp/utileikar18.pdf

6.1.3 TF útileikarnir 2020; úrslit

Taflan sýnir niðurstöður fyrir þær stöðvar sem skiluðu inn dagbókum. TF1OL, Ólafur Örn Ólafsson, fékk langflest stig en hann var m.a. á ferð norðanlands. Þetta er í fyrsta skipti sem hann tekur þátt í TF útileikum.

Taflan sýnir árangur þátttakenda í TF útileikunum 2020.

KALLMERKI	FJÖLDI SAMBANDA	STIG FYRIR SAMBÖND	MARGFALDARI	STIG
TF1OL	44	231	6	1386
TF3EK	46	144	6	864
TF2LL	51	223	3	669
TF3DT	35	111	6	666
TF8KY	30	127	3	381
TF3JB	32	88	3	264
TF1EM	14	44	3	132
TF1EIN	13	35	3	105
TF3GZ	8	22	3	66
TF3DX	8	18	3	54
TF3VS	7	17	3	51
TF3Y	7	14	3	42
TF3IRA	4	10	3	30
TF1BT	3	9	3	27
Samtals	302	1093	-	4737

Tvær aðrar stöðvar, TF3EK og TF3DT fengu líka margfaldara fyrir að hafa sambönd frá a.m.k. fjórum „Maidenhead“ reitum. Þeir voru báðir á Suðvesturlandi. Í þetta sinn var meiri virkni á öðrum böndum heldur en 80 metrum, sem varð til þess að miklu fleiri sambönd náðust samanborið við undanfarin ár.

Taflan sýnir yfirlit virkni í TF útileikum síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp.

ÁR	2017	2018	2019	2020
Fjöldi dagbóka	12	10	11	14
Færslur í dagbókum (QSO)	122	125	130	302
Stig fyrir sambönd	384	582	369	1093
Meðal margfaldari	3,23	3,53	3,58	4,33
Heildarfjöldi stiga	1242	2056	1322	4737
Þáttakandi með flest stig	TF2LL	TF2LL	TF8KY	TF1OL
Mesti stigafjöldi	304	728	425	1386

6.1.4 Afhending viðurkenninga.

Vegna Covid-19 faraldursins tókst ekki að afhenda verðlaun og viðurkenningar vegna TF útileikana á árinu 2020.

Þrátt fyrir opnun félagsaðstöðunnar 11. febrúar 2021 (eftir 5 mánaða lokun) var ákveðið í samráði við umsjónarmann, að auglýsa ekki sérstaklega hefðbundna afhendingarviðhöfn, heldur var verðlauna- og viðurkenningahöfum tjáð persónulega um, að þeir gætu vitjað þeirra í félagsaðstöðunni næstu fimmtudagskvöld, frá og með 25. febrúar.

Þetta fyrirkomulag var til að forðast að of margir félagar mæti í einu í félagsaðstöðuna í ljósi Covid-19 faraldursins.

Viðurkenningar í útileikunum eru tvennskonar. Annars vegar er vandaður verðlaunaplatti, ágrafinn á viðargrunni fyrir bestan árangur og hins vegar eru skrautrituð viðurkenningarskjöl fyrir fyrstu fimm sætin.

Myndin er af glæsilegum verðlaunaplatta fyrir 1. verðlaun í TF útileikunum 2020. Með gripnum fylgir vandaður „standari" svo hvort heldur er má hengja plattann á vegg eða hafa standandi á borði eða hillu. Ljósmynd: TF3JB.

Fyrstu TF útileikarnar ÍRA voru haldnir árið 1979 í formannstíð Kristjáns Benediktssonar, TF3KB, sem var upphafsmaður og aðalhöfundur reglna leikanna.

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX er sá félagsmaður sem oftast hefur tekið þátt í TF útileikunum í meir en 40 ára sögu þeirra. Vilhjálmur hefur árlega tekið þátt, að undanskyldu einu ári þegar hann ásamt XYL, Guðrúnu Hannesdóttur, TF3GD, voru stödd erlendis. Þess má geta, að Guðrún hefur oft tekið þátt í TF útileikunum.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL varð í 1. sæti í TF útileikunum 2020 með 1386 heildarstig.

Hann fékk verðlaunaplatta félagsins vegna leikana 2020 til eignar ásamt skrautrituðu viðurkenningarskjali.

Ólafur er handhafi G-leyfisbréfs radíóamatöra nr. 466.

Einar Kjartansson TF3EK varð í 2. sæti í útileikunum 2020 með 864 heildarstig.

Georg Magnússon TF2IL varð í 3. sæti í útileikunum 2020 með 669 heildarstig.

Þórður Adolfsson TF3DT varð í 4. sæti í útileikunum 2020 með 666 heildarstig.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 5. sæti í útileikunum 2020 með 381 heildarstig.

Þátttakendur 1.-5. sæti í TF útileikunum 2020 fengu skrautritað viðurkenningarskjal frá félaginu. Ljósmynd: TF3JB.

6.2 ALÞJÓÐLEGA VITA- OG VITASKIPAHELGIN 2020.

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fór fram helgina 22.-23. ágúst 2020. Þetta var 23. árið sem viðburðurinn var starfræktur. Þátttaka var frá 366 vitum í 43 þjóðlöndum. Um er að ræða tveggja sólarhringa viðburð og er miðað við, að flestir sem koma til dvalar í vita, á vitaskipi eða í nágrenni vita hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardegi.

Tveir íslenskir vitar voru skráðir í upphafi, Knarrarósviti og Selvogsviti. Hópurinn sem hafði fyrirhugað að virkja Knarrarós, ákvað hins vegar að falla frá fyrirhugaðri starfrækslu vegna Covid-19 faraldursins.

Árið 2020 var því einn íslenskur viti skráður til þátttöku[19], þ.e. Selvogsviti. Hann er staðsettur austarlega á sunnanverðum Reykjanesskaga og hefur auðkennið ÍS-0006. Vitinn var byggður árið 1919 og endurbyggður árið 1931.

Selvogsviti er 15,8m hár, byggður úr steinsteypu. Hann var byggður árið 1919 og endur-byggður árið 1931. Árið 1987 voru veggir ljóshúss endurnýjaðir. Vitinn var raflýstur ári síðar (1988) og settur á hann radarsvari.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL/LH, virkjaði Selvogsvita báða dagana á SSB og FT8. Ólafur sagði, að skilyrðin hafi að mestu verið léleg, en þó komið upp á milli – en frábært veður, sól og logn báða dagana. Hann sagðist samtals hafa haft rúmlega 100 QSO. Þetta var í fyrsta skipti sem Selvogsviti var virkjaður, samanber meðfylgjandi töflu yfir þátttöku frá TF frá upphafi (1998) til ársins í ár (2020).



Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og hundurinn Tinni í heimsókn hjá TF1OL við Selvogsvita 22. ágúst. Mynd: XYL TF1OL.

[19] Heimild: Ayr Amateur Radio Group: www.illw.net/

Alþjóðlega vita- og vitaskipakeppnin; þátttaka frá Íslandi 1998-2020 eftir vitum og kallmerkjum.

VITI	KALLMERKI	ÁR
Akranes	TF3DT	2016
Garðskagi Garðskagi Garðskagi	TF8IRA TF8RX TF7ØIRA	2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017 2001, 2003 2016
Knarrarós Knarrarós	TF1IRA TF6ØIRA	1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2007, 2008, 2009, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019 2006
Mararrif Malarrif	TF3DT TF3JA	2018 2018
Reykjanes	TF8RX	2000
Selvogsviti	TF1OL	2020
Vatnsnes	TF8GX	2004

Heimild: Ayr Amateur Radio Group.

ÚR FÉLAGSSTARFINU 2012

Vita- og vitaskipahelgin 18.-19. ágúst 2012 var haldin við Garðskagavita. Veðrið við vitann var í einu orði sagt „frábært"; heiður himinn, 17°C lofthiti og logn – báða dagana.

Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33, Svanur Hjálmarsson TF3AB og Ólafur B. Ólafsson TF3ML í hádegisverðarhléi í veðurblíðunni. Hjólhýsi TF3IG er í baksýn.

Frá Vita- og vitaskipahelginni 18. ágúst 2012 á Garðskaga. Fjarskiptabifreið TF3ML og loftnetsturn í forgrunni. Turninn var reistur í 25 metra hæð þegar myndin var tekin. Ljósmyndir: TF3JB.

6.3 SÉRSTÖK KALLMERKI ÍRA.

6.3.1 TF3WARD



Alþjóðadagur radíóamatöra var haldinn hátíðlegur hér á landi 18. apríl líkt og annarsstaðar um heiminn en þann mánaðardag árið 1925 voru alþjóðasamtök landsfélaga radíóamatöra, *International Amateur Radio Union, IARU* stofnuð, fyrir 95 árum. Aðildarfélög voru í upp hafi 25 talsins, en í dag eru starfandi landsfélög radíóamatöra í 160 þjóðlöndum heims, með yfir fjórar milljónir leyfishafa.

ÍRA hélt upp á daginn með því að virkja í fyrsta skipti, nýtt kallmerki félagsins, TF3WARD (*World Amateur Radio Day*). ÍRA fetaði þannig í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og um allan heim), sem starfrækja þennan mánaðardag á ári hverju, kallmerki með hliðstæðum viðskeytum.

IARU skiptist á þrjú svæði: (1) sem nær yfir Evrópu, Afríku, Miðausturlönd og norður hluta Asíu; (2) sem þekur Norður- og Suður Ameríku og (3) sem nær yfir Ástralíu, Nýja Sjáland, Kyrrahafseyjar og stærstan hluta Asíu“.


ITU zone 17; CQ zone 40; Grid Sq. HP94ad; IOTA EU-021; E-mail address: ira@ira.is

TF3WARD

A special event station of Icelandic Radio Amateurs, ÍRA, commemorating World Amateur Radio Day on April 18, on which day the International Amateur Radio Union was formed in 1925.

Icelandic Radio Amateurs, P.o. Box 1058, 121 Reykjavík, Iceland

Confirming QSO with amateur radio station:

Station:	DD/MM/YY	HH:MM	MHz	RPRT	MODE
					Two way

73 de

ÍRA barst heimild frá Póst- og fjarskiptastofnun fyrir kallmerkinu TF3WARD 17. mars 2020. Viðskeytið er óvanalegt, því það er fjórir bókstafir sem standa fyrir *World Amateur Radio Day*. Kallmerkið er eingöngu starfrækt einn dag á ári (18. apríl), a.m.k. fyrst um sinn.

TF3WARD var virkjað í fyrsta skipti á Alþjóðadag radíóamatöra, laugardaginn 18. apríl 2020. Það var Yngvi Harðarson, TF3Y sem virkjaði kallmerkið. Alls voru höfð 320 QSO á morsi og tali á 20, 30 og 40 metrum við 46 DXCC einingar, þ.á.m. Afganistan og Taíland. Ágæt virkni var á böndunum þennan dag í þokkalegum skilyrðum. Meðal stöðva sem kölluðu á TF3WARD var PA8ØØD á 40 metrum, SSB. Við hljóðnemann var Elín Sigurðardóttir, TF2EQ en kallmerkið sem hún notaði tilheyrir klúbbstöð radíóamatöra í borginni Dordrecht í Hollandi þar sem hún er búsett og stundar nám.

Yngvi Harðarson, TF3Y, sá um innsetningu á QRZ.COM, Óskar Sverrisson, TF3DC, sá um innsetningu á LoTW (*Logbook of The World*) og Mathías Hagvaag, TF3MH, annast QSL mál og kom að hönnun QSL korts fyrir TF3WARD.

6.3.2 TF3YOTA

YOTA verkefnið hófst 1. desember 2018. Starfsemi ÍRA er hluti af verkefni IARU Svæðis 1 um „*Youngsters on the air",* skammastafað YOTA. Viðburðurinn er [að stærstum hluta] rekinn í desember ár hvert og var árið 2018 fyrsta árið sem það var sett í gang. Í dag eru eru öll landsfélög radíóamatöra innan svæðis 1 þátttakendur, auk flestra landsfélaga á Svæðum 2 og 3. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, er ungmennafulltrúi félagsins og verkefnisstjóri YOTA ásamt Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN, sem er aðstoðarverkefnisstjóri YOTA.



Elín Sigurðard0óttir TF2EQ og Árni Frey Rúnarsson TF8RN í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB

6.3.2.1 17. mars

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, hannaði sérstakt QSL kort fyrir TF3YOTA á árinu 2019. Hún fékk heimild Tómas Freys Kristjánssonar ljósmyndara til að nota vel heppnaða ljósmynd hans af Kirkjufellinu í Grundarfirði að vetri til, á kortið. Þess má geta, að bæði listamaðurinn og Elín eru búsett í Grundarfirði.

Nýtt prentað QSL kort TF3YOTA barst til landsins um miðjan mars 2020 og þann 17. mars færði Ársæll Óskarsson TF3AO, Mathíasi Hagvaag TF3MH QSL stjóra félagsins og umsjónarmanns korta TF3YOTA, fyrsta upplagið. Kortin voru prentuð í Úkraínu hjá Gennady, UX5UO, og hafði Ársæll milligöngu um verkefnið. Útkoman er glæsileg, sbr. ljósmyndina til hliðar.

6.3.2.2 13. apríl.

Páskahelgina 10.-13. apríl 2020, var NOTA (*Nordics On The Air*) viðburðurinn í loftinu. Kallmerki landsfélaganna á Norðurlöndum (með YOTA viðskeyti) voru virkjuð páskadagana. Þar sem Elín Sigurðardóttir, TF3EQ, ungmennafulltrúi ÍRA var ekki á landinu, tók Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD við keflinu og virkjaði TF3YOTA heiman að frá sér í

Garðabæ. Hún virkjaði síðan TF3YOTA þann 13. apríl (annan í páskum) í samráði við Elínu, sem m.a. setti færslu á þyrpingu (*e. cluster*) undir „ nýja“ hollenska kallmerkinu sínu, PA2EQ, ásamt Lennart, PA3L og fleirum.

Margar DX stöðvar (og TF stöðvar) höfðu sambönd við TF3YOTA þennan dag og fékk Vala ágætt „pile-up“ á meðan skilyrði héldust.

Þakkir til Völu fyrir að virkja TF3YOTA á Nordics On The Air viðburðinum 2020.

Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD.

Öll systurfélög ÍRA á Norðurlöndunum (utan EDR í Danmörku) virkjuðu sérstök YOTA kallmerki um páskana 2020. Það voru: LA1YOTA (NRRL í Noregi), OH2YOTA (SARL í Finnlandi) og SK8YOTA (SSA í Svíþjóð).

6.3.2.3 20. júní.

„CQ Kids Day“ er árlegur viðburður á vegum ARRL. Þann dag bjóða bandarískir radíóamatörar ungu fólki að kynnast amatör radíói með því að hafa sambönd í gegnum stöðvar þeirra. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA tók þátt á viðburðinum frá félagsstöðinni TF3IRA í Skeljanesi. Mælt er með eftirfarandi tíðnisviðum fyrir viðburðinn: 10 metrar: *28.350–28.400 MHz;* 12 metrar: *24.960–24.980 MHz;* 15 metrar: *21.360–21.400 MHz;* 17 metrar: *18.140–18.145 MHz* og 20 metrar: *14.270–14.300 MHz.*

6.3.2.4 26. júní.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA, tók þátt í YOTA (*Youngsters On The Air*) virkni á netinu í viku 26.

Viðburðir voru hvorutveggja í boði í IARU Svæða 1 og 2 og eru hugsaðir til að koma, a.m.k. að hluta til, í stað YOTA viðburða sem ýmist voru felldir niður eða frestað vorið/sumarið 2020 vegna Covid-19 faraldursins.

Vikan endaði síðan á Svæði 2 (Bandaríkjunum) með kynningu á áhugamálinu þar sem ungu fólki var boðinn aðgangur að búnaði leyfishafa til að ræða við aðra á HF böndunum. Elín tók þátt frá félagsstöðinni TF3IRA í Skeljanesi þann 26. júní.

Skilyrði voru ekki góð vestur um haf á 20 metra bandinu á þeim tíma sem Elín hafði til ráðstöfunar til fjarskipta frá félagsstöðinni TF3IRA, þótt frekar hafi ræst úr þegar nær dró kvöldmat. Á hinn bóginn var mikið kallað á hana frá flestum öðrum heimshlutum, sem endaði í mikilli kös (*e. pile-up“)* og yfir 100 samböndum.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ í fjarskiptaherbergi TF3IRA 20. júní. Ljósmynd: TF3JB.

6.3.2.5 1. desember.
Kallmerkið TF3YOTA var virkjað 1. desember um gervihnöttinn ES‘hail-2 / Oscar 100. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA setti stöðina í loftið frá Skeljanesi.

Viðburðurinn gekk með ágætum og náðust sambönd við alls 55 stöðvar í 19 þjóðlöndum. Lengstu samböndin voru við radíóamatöra í þessum þjóðlöndum:

4Z4 – Ísrael. Asía, CQ svæði 20.
PS8 – Brasilía. Suður-Ameríka, CQ svæði 11.
RA9 – Asíu-Rússland. Asía, CQ svæði 17.
VU2 – Indland. Asía, CQ svæði 22.
ZS6 – Suður-Afríka. Afríka, CQ svæði 38.

Einnig voru sambönd við stöðvar í Evrópu; Búlgaríu, Englandi , Evrópu-Rússlandi, Frakklandi, Hollandi, Sviss, Írlandi, Lúxemborg, Noregi, Póllandi, Portúgal, Slóveníu, Tékklandi og Þýskalandi.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ virkjaði TF3YOTA í fjarskiptaaðstöðu ÍRA 1. desember. Fjarskiptin fóru fram um OSCAR-100 gervitunglið. Ljósmynd: TF3JB.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A aðstoðaði Elínu og birti skemmtilegt myndskeið af fjarskiptunum á Facbook.

6.3.2.6 29. desember.
Kallmerkið TF3YOTA var aftur virkjað þann 29. desember um gervihnöttinn ES‘hail-2 / Oscar 100. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, setti stöðina í loftið frá Skeljanesi. Hún hafði að þessu sinni sambönd við alls 95 stöðvar, þ.á.m. á öllum Norðurlöndunum, annars staðar í Evrópu, Afríku, Austurlöndum nær (fyrir botni Miðjarðarhafs), Asíu og í Suður-Ameríku.

Svo skemmtilega vildi til, að eitt af fyrstu samböndunum var við Ninu Riehtmüller, DL3GRC. Nina þessi heimsótti félagsaðstöðu ÍRA 5. september (2019) og varð fyrsta konan til að virkja TF3IRA í gegnum OSCAR 100. Það urðu því fagnaðarfundir þegar þær Elín náðu saman í gegnum gervitunglið. Nina bað Elínu fyrir kveðjur til félagsmanna ÍRA og sagðist hlakka til að koma aftur í heimsókn til Íslands sumarið 2021.

Nina Riehtmüller DL2GRC í fjarskiptaherbergi TF3IRA 5. september 2019. Henni á hægri hönd er Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og á vinstri hönd, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Ljósmynd: TF3JB.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, aðstoðaði Elínu og birti „vefstreymi“ á FB þar sem hægt var að fylgjast með samskiptunum frá TF3YOTA í gegnum gervitunglið í rauntíma.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ virkjaði TF3YOTA í fjarskiptaaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 29. desember. Fjarskiptin fóru fram um Es'hail-2 / OSCAR-100 gervitunglið. Ljósmynd: TF3JB.

6.4 VIÐBURÐIR OG KEPPNIR; ÞÁTTTAKA FRÁ TF3IRA OG TF3W.

Kallmerki félagsstöðvar ÍRA, TF3IRA og TF3W, voru virkjuð í eftirfarandi innlendum og erlendum keppnisviðburðum á starfsárinu 2020/21.

Yfirlit yfir þátttöku félagskallmerkja í innlendum og erlendum keppnisviðburðum 2020/21.

DAGS.	VIÐBURÐUR/KEPPNI	KALLMERKI	ÞÁTTTAKENDUR
11.-12. apríl	Páskaleikar ÍRA	TF3IRA	TF3JB
11. júlí	VHF/UHF leikar ÍRA	TF3IRA	TF3AWS, TF3JB, TF3MH
1.-3. ágúst	TF útileikar ÍRA	TF3IRA	TF3AWS, TF3JB, TF3MH
Júlí	IARU HF World Championship (CW)	TF3W	TF3CW
Ágúst, sept., nóv.	Worked All Europe, WAE (CW, SSB, RTTY)	TF3W	TF3CW, TF3DC
Sept., okt., nóv.	CQ World Wide DX Contest (CW, SSB, RTTY)	TF3IRA/TF3W	TF3CW, TF3DC
Sept., október	Scandinavian Acitvity Contest (CW, SSB)	TF3W	TF3CW
Febrúar, maí	CQ WW WPX Contest (CW, RTTY)	TF3W	TF3DC
Mars	ARRL International DX Contest (SSB)	TF3W	TF3DC
Nóvember	OK–OM DX Contest (CW)	TF3W	TF3DC
Nóvember	LZ DX Contest (CW)	TF3W	TF3DC

6.4.1 INNLENDIR KEPPNISVIÐBURÐIR.

Innlendir viðburðir voru alls þrír á starfsárinu: Páskaleikar ÍRA í apríl, VHF/UHF leikar um miðjan júlí og TF útileikarnir um verslunarmannahelgina í byrjun ágústmánaðar. Félagsstöðin TF3IRA tók þátt í þeim öllum.

6.4.1.1 11.-12. apríl – Páskaleikar ÍRA.

Páskaleikarnir 2020 fóru fram um páskahelgina 11.-12. apríl. Félagsstöðin TF3IRA var á meðal þátttakenda. Þetta var þriðja árið sem þeir voru haldnir. Alls tóku 15 kallmerki þátt í leikunum samanborið við 17 árið á undan (2019). Þrátt fyrir tveimur færri þátttakendur 2020 voru fleiri QSO skráð þetta árið. Þau voru alls 552 í kerfinu nú, en 390 árið 2019. Sjá nánari upplýsingar í kafla 7.

6.4.1.2 11.-12. júlí – VHF/UHF leikar ÍRA.

VHF/UHF leikarnir 2020 fóru fram helgina 10.-12. júlí. Félagsstöðin TF3IRA var á meðal þátttakenda. Þátttaka var góð og alls voru 17 virkar stöðvar með sambönd. Það er einni stöð færra en árið á undan (2019). Best þátttaka frá upphafi (2012) var árið 2018 þegar 19 stöðvar voru virkar. QSO voru alls 355 í gagnagrunni í ár og heildarvegalengd var samtals 16.626 km. Sjá nánari upplýsingar í kafla 7.

6.4.1.3 1.-3. ágúst – TF útileikar ÍRA.

TF útileikarnir 2020 fóru fram TF um verslunarmannahelgina 1. til 3. ágúst. Félagsstöðin TF3IRA var á meðal þátttakenda. Dagbókum var skilað inn fyrir 14 stöðvar, með 302 færslum um sambönd. Þetta er meira en tvöföldun á virkni samanborið við það sem mest hefur verið síðan núverandi fyrirkomulag á dagbókum og stigagjöf var tekið upp sumarið 2017. Sjá nánari upplýsingar í byrjun þessa kafla (6. kafla).

6.4.2 ALÞJÓÐLEGIR KEPPNISVIÐBURÐIR.

Kallmerki félagsstöðvarinnar, TF3IRA og TF3W voru virk í 14 alþjóðlegum keppnum á starfsárinu. Starfrækslan var á einmenningsgrundvelli vegna Covid-19 faraldursins.

- ARRL international DX Contest (SSB).
- IARU HF World Championship (CW).
- CQ WW DX Contest (CW og SSB).
- CQ WW DX RTTY Contest (RTTY).
- CQ WW WPX Contest (CW og RTTY.
- LZ DX Contest (CW).
- OK-OM DX Contest (CW).
- Scandinavian Activity Contest, SAC (CW og SSB).
- Worked All Europe, WAE (CW, SSB og RTTY).

Sigurður R. Jakobs-son TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W m.a. í SAC CW keppninni 19. og 20. september. Ljósmynd: TF3JB.

Óskar Sverrisson TF3DC virkjaði félagsstöðina TF3W m.a. í WAE SSB keppninni 8.-9. september. Ljósmynd: TF3JB.

8.-9. febrúar – CQ WW WPX RTTY Contest (RTTY).
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í CQ WW WPX RTTY keppninni 8.-9. febrúar. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á RTTY á 14 MHz.

7.-8. mars – ARRL International DX Contest (SSB).
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í ARRL International DX keppninni 7.-8. mars. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á SSB á 14 MHz.

30.-31. maí – CQ WW WPX Contest (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í CQ WW WPX keppninni 30.-31. maí. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

11.-12. júlí - IARU HF World Championship.
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í IARU keppninni helgina 11.-12. júlí. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

8.-9. ágúst - Worked All Europe, WAE (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í WAE keppninni 8.-9. ágúst. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

12.-13. september - Worked All Europe, WAE (SSB).
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í WAE keppninni 12.-13. september. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á SSB á 14 MHz.

19.-20. september - Scandinavian Acitvity Contest (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað í SAC keppnini 19.-20. september. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

26.-27. september - CQ WW DX RTTY Contest.
Kallmerkið TF3IRA var virkjað í CQ RTTY keppninni 26.-27. september. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á RTTY á 14 MHz.

10.-11. október- Scandinavian Activity Contest (SSB).
Kallmerkið TF3W var virkjað í SAC keppninni 10.-11. október. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW starfrækti stöðina á SSB á 14 MHz.

24.-25. október - CQ World Wide DX SSB Contest.
Kallmerkið TF3IRA var virkjað í CQ WW SSB keppninni 24.-25. október. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina SSB á á 14 MHz.

13.-14. nóvember - OK-OM DX Contest (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað í OK-OM keppninni 13.-14. nóvember. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

14.-15. nóvember – Worked All Europe, WAE (RTTY).
Kallmerkið TF3IRA var virkjað frá Skeljanesi í WAE keppninni 14.-15. nóvember. Óskar Sverrisson, TF3DC starrækti stöðina á RTTY á 14 MHz.

28.-29. nóvember - CQ WW DX Contest (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað í CQ WW CW keppninni 28.-29. nóvember. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

21.-22. nóvember – LZ DX Contest (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað í LZ DX CW keppninni 21.-22. nóvember. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

7. Páskaleikar og VHF/UHF leikar

TÍÐNISVIÐ, TEG. ÚTGEISLUNAR, LENGSTAR FJARSKIPTAVEGALENGDIR

7.1 PÁSKALEIKAR ÍRA 2020

Páskaleikar ÍRA 2020 fóru fram um páskahelgina 11.-12. apríl. Þetta var þriðja árið sem þeir voru haldnir, en þeir fyrstu voru haldnir 2018. Þátttaka var ágæt þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður. Samkomubann vegna Covid-19 var í gildi og því ekki hægt að halda eiginlega kynningu fyrir leikana, né uppgjör í félagsaðstöðunni í Skeljanesi, eins og venja hefur verið. Kynning á fésbókarsíðum og heimasíðu ÍRA varð því að duga þetta árið.



4-stafa reitir virkjaðir 2020 eru merktir með grænu V-merki.

REITIR SEM VORU QRV Í PÁSKALEIKUNUM 2020		
HP74XU	HP85PB	HP94BF
HP83AB	HP93DU	HP94BH
HP83RX	HP93TX	HP94CC
HP83TX	HP93UJ	HP94CD
HP84GU	HP93VS	HP94DU
HP84QB	HP93WM	HP94EQ
HP84RA	HP94AB	HP94HR
HP84XH	HP94AC	IP03AP
HP84XO	HP94BC	IP03EM

7.1.1 Yfirlit.

- Alls skiluðu 15 stöðvar dagbókum í ár, samanborið við 17 í fyrra (2019) og 23 (auk 1 hlustara) árið 2018.
- QSO voru skráð frá 27 reitum (6 stafa). Það sýnir að virkni færanlegra stöðva (*e. portable/mobile*) var þó nokkur.
- Þrátt fyrir tveimur færri þátttakendur í ár samanborið við 2019, voru fleiri QSO skráð þetta árið. Þau voru alls 552 QSO í kerfinu nú, en 390 árið 2019.
- Öll böndin sex voru notuð í leiknum þetta árið, samanber meðfylgjandi töflu.

Lengstu fjarskiptavegalengdir eftir böndum/tíðnisviðum í páskaleikunum 2020.

BAND	TÍÐNISVIÐ, MHZ	VEGALENGD	QSO MILLI	QSO MILLI	QSO MILLI
23 cm	1240	113	TF3ML - TF2MSN	TF1ML - TF1A	TF3ML - TF1OL
70 cm	430	215	TF3ML - TF1JI		
2 m	144	215	TF3ML - TF1JI		
4 m	70	25	TF2MSN -TF1OL		
6 m	50	33	TF8YY - TF3JB		
80 m	3.6	162	TF1JI - F3GZ		

7.1.2 ÚRSLIT 2020, FYRSTU 3 SÆTIN.

1. sæti; Ólafur B. Ólafsson, TF3ML: 70.389 stig.

Ólafur sigraði VHF/UHF leikana 2020 með yfirburðum, sem var verðskuldaður sigur. Hann var víðförull og átti sambönd í leikunum frá 7 mismunandi reitum, þar af 5 fjögurra stafa: HP74, HP84, HP85, HP93 og HP94. Hann fór m.a. vestur á Öndverðanes og suður til Vestmannaeyja. Það að hann var svona víðförull gaf honum 33 margfaldara, flesta

margfaldara af öllum þátttakendum. Óli hafði 87 staðfest QSO í leikunum og meirihluti sambanda hans var yfir langar vegalengdir sem telur vel til stiga, alls 2133 stig. Samtala: Stig x fjöldi margfaldara => 2133 x 33 = 70.389 stig.

TF3ML/M við Skálasnagavita sem stundum er kenndur við Svörtuloft, vestast á Snæfellsnesi. Ljósmynd: TF3ML

2. sæti; Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN: 36.435 stig.
Óðinn var án efa iðnastur þátttakenda. Hann hafði 175 staðfest QSO. Hann var QRV á öllum böndunum í leiknum og náði samböndum við aðrar stöðvar í alls 18 af þeim 27 reitum sem komu við sögu.

Óðinn náði í 21 margfaldara, sem er mjög gott miðað við að hann var QRV frá sama QTH allan leikinn. Þessi góði QSO fjöldi ásamt virkni á mörgum böndum skiluðu Óðni alls 1735 stigum. Samtala TF2MSN: Stig x f margfaldara => 1735 x 21 = 36.435 stig.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN í fjarskiptaherberginu heima á Akranesi.Ljósmynd: XYL TF2MSN.

3. sæti; Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY: 27.408 stig.
Keli náði 3. sætinu vegna fjölda margfaldara. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, var í raun með fleiri stig, en margfaldarar hans voru 24 en stig 1142. Óli Örn hafði 1234 stig og 19 margfaldara. Sá árangur skilaði honum 4. sætinu. Samtala TF8KY: Stig x fjöldi margfaldara => 1142 x 24 = 27.408 stig.

Á myndinni er Björn Þór Sigurðsson TF8TY staddur á Garðskaga í páskakaleikunum 2020 með Icom ID-51E Plus VHF/UHF 5W handstöð í QSO'i við TF3ML/M sem var staddur við Skálasnagavita sem stundum er kenndur við Svörtuloft, vestast á Snæfellsnesi. Fjarlægð 111 km í beinni sjónlínu. Ljósmynd: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY.

7.1.3 Heildarúrslit í Páskaleikum ÍRA 2020.

Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2020 samkvæmt heildarstigum.

NR.	KALLMERKI	NAFN	QTH	HEILDARSTIG
1.	TF3ML	Ólafur B. Ólafsson	/M frá 7 mismunandi reitum	70.389
2.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	34.435
3.	TF8KY	Sigurður Hrafnkell Sigurðsson	Vogar (og víðar)	27.408
4.	TF1OL	Ólafur Örn Ólafsson	Kópavogur	23.446
5.	TF3GZ	Georg Kulp	Borgarfjörður	14.833
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður	14.340
7.	TF8TY	Björn Þór Sigurðsson	Vogar (og víðar)	9.557
8.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Undir Eyjafjöllum (og víðar)	9.460
9.	TF1A	Ari Þórólfur Jóhannesson	Reykjavík	9.414
10.	TF8YY	Garðar Valberg Sveinsson	Keflavík	5.892
11.	TF3VP	Valgeir Pétursson	Reykjavík	5.100
12.	TF3IRA	Félagsstöð ÍRA	Reykjavík	3.679
13.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	3.584
14.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	3.276
15.	TF3DT	Þórður Adolfsson	Reykjavík	1.760

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY staddur í fjörunni við Strandakirkju með Icom ID-51E Plus VHF/UHF 5W handstöð í QSO'i við TF2MSN á Akranesi á VHF í páskaleikunum. Loftnetið er 4 staka Yagi handloftnet frá Arrow Antennas fyrir VHF/UHF böndin. Ljósmynd: Björn Þór Sigurðsson TF8TY.

Fjarskiptabúnaður TF3JB í páskaleikunum 2020. Efst: Icom IC-2800H fyrir VHF/UHF tíðnir; miðja (hægri): Icom IC-7410 HF/50 MHz stöð notuð á 6m metrum og neðst: Icom IC-7600 HF/50 MHz stöð notuð á 80m. Mynd:TF3JB.

7.1.4 Umsögn.

Eftirminnileg QTH komu við sögu í leikum 2020. TF3ML var QRV frá Öndverðanesi í reit HP74. Þetta er mjög áhugaverð staðsetning því reiturinn er nánast bara Atlandshafið á þrjá vegu. Öndverðanes er eini staðurinn í þessum reit.

Áhugavert var þegar TF8TY náði QSO við TF3ML á 70 cm með handstöð. TF8TY var þá staddur á Garðskaga en TF3ML í Öndverðanesi, 111 km í beinni sjónlínu. Handstöðin var ICOM ID-51E með „standard“ loftneti.

TF3ML var líka QRV frá Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Mjög áhugavert var hve margir náðu sambandi þangað á 2 m og 70 cm. Þeir sem náðu sambandi þangað voru TF1A, TF1JI, TF1OL, TF2MSN, TF3IRA, TF3JB, TF2VE, TF3VP og TF8KY.

7.1.5 Afhending viðurkenninga.

Vegna Covid-19 faraldursins tókst ekki að afhenda verðlaun og viðurkenningar vegna Páskaleikana á árinu 2020. Þrátt fyrir opnun félagsaðstöðunnar 11. febrúar 2021 (eftir 5 mánaða lokun) var ákveðið í samráði við umsjónarmann, að auglýsa ekki sérstaklega hefðbundna afhendingarviðhöfn þetta árið, heldur að verðlauna- og viðurkenningahöfum yrði tjáð persónulega um, að þeir geti vitjað þeirra í félagsaðstöðuna næstu fimmtudagskvöld frá og með 25. febrúar. Þetta fyrirkomulag var til að forðast að of margir félagar mæti í einu í félagsaðstöðuna í ljósi Covid-19 faraldursins. Viðurkenningar í Páskaleikum ÍRA eru vandaðir verðlaunagripir fyrir fyrstu þrjú sætin.

Páskaleikar ÍRA voru haldnir í fyrsta skipti helgina 31. mars til 1. apríl 2018. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, flutti áhugaverða kynningu í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 14. mars (2018) þar sem hann sagði m.a.: „Leikarnir fara fram á 2M – 4M – 6M – 70 cm – 23 cm og 80m. Allar tegundir útgeislunar (mótanir) eru heimilaðar. Hafa má samband hvenær sem er þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftar en einu sinni, en a.m.k. 6 klst. þurfa þá að líða á milli QSO'a til að fá punkta. Markmiðið er að fá menn í loftið og hafa gaman af!"

Glæsilegir verðlaunagripir voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin í Páskaleikum ÍRA 2020.

Ólafur B. Ólafsson TF3ML varð í 1. sæti í Páskaleikum ÍRA árið 2020 með 70.389 heildarstig.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN varð í 2. sæti í Páskaleikum ÍRA árið 2020 með 34.435 heildarstig

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 3. sæti í Páskaleikum ÍRA árið 2020 með 27.406 heildarstig

7.2 VHF/UHF LEIKAR ÍRA.

VHF/UHF leikarnir eru haldnir með það í huga að hafa gaman af áhugamálinu á VHF bandinu og ofar. Hugmyndin er að örva þátttöku á hærri tíðnisviðunum innanlands, reyna búnaðinn og sérstaklega að hvetja þá sem eru nýir til að fara í loftið sem og þá sem hafa verið í dvala um tíma.

Markmið þátttakanda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið. Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“, má ná fleiri stigum með að færa sig á milli staða. Hægt er að taka þátt frá heimahúsum, sumarbústöðum og hjólhýsum, eða með handstöðvum á fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, mótorhjólum eða (þess vegna) reiðhjólum eða öðrum farartækjum.

7.2.1 VHF/UHF leikarnir 2020.

Leikarnir 2020 fóru fram helgina 10.-12. júlí. Þátttaka var góð og voru alls 17 virkar stöðvar með QSO. Það er einni stöð færra en í fyrra (2019) en best þátttaka frá upphafi (2012) var 2018 þegar voru 19 virkar stöðvar. QSO voru alls 355 í gagnagrunni og heildarvegalengd var allt 16.626 km.

Landfræðileg dreifing var með ágætum að þessu sinni, m.a. frá Borgarfirði, Akranesi, Hveragerði, Stokkseyri, Keflavík, Garðskaga, Vogum, Eyjafjöllum, frá Bláfjöllum, fjallinu Búrfelli (í Grímsnesi), auk stöðva á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Skeljanesi 9. júlí. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY umsjónarmaður VHF/UHF leikana útskýrir kort af Íslandi með reitakerfinu, en þátttakendur kynna sér í hvaða 6 stafa reit þeir eru staddir hverju sinni og skrá hann við hvert QSO. Ljósmynd: TF3JB.

Leikarnir fóru fram á 2 metrum, 4 metrum, 6 metrum og á 23 og 13 sentímetrum. Allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftar en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta.

Að þessu sinni var blásið til leiks kl. 18:00 föstudaginn 10. júlí og stóðu leikar yfir til kl. 18 sunnudaginn 12. júlí. Tímasetningin er nýjung og kom þetta breytta fyrirkomulag mjög vel út. Hugmyndin er að sami háttur verði á framvegis í leikunum.

Eins og venjulega var “on-line” leikjavefur þar sem þátttakendur gátu skrá sig til leiks. Vefurinn var endur-bættur og gengur nú hnökra-laust. Hægt var að skrá sig í leikinn allan tímann sem hann stóð yfir.



Hrafnkell TF8KY svarar spurningum um reitakerfið. Ljósmynd: TF3JB.

Hrafnkell, TF8KY umsjónar-maður leikanna kynnti viðburðinn, reglur og leikja-vef á opnu húsi í Skeljanesi 9. júlí. Hann fór einnig yfir og skýrði kort af Íslandi með reitakerfinu, en þátttakendur þurfa að kynna sér í hvaða 6 stafa reit þeir eru staddir hverju sinni og skrá hann við hvert QSO í kerfinu á leikjavefnum. Hrafnkell kynnti ennfremur snjallsímaforritið „QTH Locator“ sem má nota til að komast að reitanúmeri sínu.

Eftir kynningu Hrafnkels TF8KY var áfram var rætt um VHF/UHF leikana yfir kaffinu. Frá vinstri: Sigmundur Karlsson TF3VE, Þórður Adolfsson TF3DT, Mathías Hagvaag TF3MH, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósmynd: TF3JB.

7.2.2 VHF/UHF LEIKAR 2020, ÚRSLIT

Bráðabirgðaniðurstöður VHF/UHF leikanna sumarið 2020 voru kynntar á Facebook þann 4. ágúst, en hér fyrir neðan eru birt heildarúrslit. Bestur árangur í þremur efstu sætunum var sem hér segir:

1. verðlaun, Ólafur Björn Ólafsson, TF3ML, 62.628 stig.
2. verðlaun, Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, 31.900 stig.
3. verðlaun, Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI, 25.300 stig.

Lengstu QSO vegalengdir eftir böndum/ tíðnisviðum:

23 cm (1240 MHz) = 155 km; TF3ML / TF1JI.
70 cm (430 MHz) = 215 km; TF3ML / TF11JI.
2 metrar (144 MHz) = 215 km; TF3ML / TF1JI.
4 metrar (70 MHz) = 65 km; TF3ML / TF3MSN.
6 metrar (50 MHz) = 125 km; TF2MSN / TF1JI.

Langdrægustu stöðvarnar á bandi í VHF/ UHF leikunum 2020 voru þeir TF3ML, TF1JI og TF2MSN.



Reitir sem voru virkjaðir í VHF/UHF leikunum 2020 eru merktir með grænum punktum. Það voru: HP84, HP83, HP94, HP93, IP03 og IP04. Kort: TF8KY.

Ólafur B. Ólafsson, TF3ML og Jón Ingvar Óskarsson, TF1JI settu nýtt Íslandsmet á 23cm í leikunum þegar þeir náðu sambandi yfir 155 km vegalengd á SSB á 1294.5 MHz. Eldra met var sett í leikunum í fyrra (2019) þegar þeir TF3ML og TF8YY náðu sambandi yfir 134 km vegalengd. Verðlaunagripir verða veittir á aðalfundi ÍRA 2021.

Úrslit í VHF/UHF leikum ÍRA 2020 samkvæmt heildarstigum.

NR.	KALLM.	NAFN	QTH	HEILDARSTIG
1.	TF3ML	Ólafur B. Ólafsson	M.a. Grímsnesi og /M	62.628
2.	TF1OL	Ólafur Örn Ólafsson	M.a. Fróðárheiði og /M	31.900
3.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	M.a. Miðbælisbökkum og /M	25.300
4.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	17.060
5.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	Vogar og /M	9.504
6.	TF1EM	Eiður Magnússon	Reykjavík	7.560
7.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	M.a. Hafnarfirði og /P	6.860
8.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	M.a. Vogum og /M	6.084
9.	TF3LM	Jón G. Guðmundsson	M.a. Reykjavík og /M	3.800
10.	TF1EIN	Heimir Konráðsson	Hveragerði	2.760
11.	TF3LB	Lárus Baldursson	Reykjavík	2.376
12.	TF3IRA	ÍRA; TF3JB, TF3AWS, TF3MH	Reykjavík	1.740
13.	TF3VG	Valtýr Einarsson	M.a. Reykjavík og /M	1.344
14.	TF3GZ	Georg Kulp	Borgarfjörður	768
15.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	330
16.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	110
17.	TF3RRN	Rene Boy P. Resgonia	Reykjavík	22

Undirbúningur VHF/UHF leikanna var einkum í höndum TF8KY og TF2MSN, auk TF3ML. TF8KY annaðist og endurbætti sérstakan gagnagrunn leikanna (og hjálparsíðu) á netinu vegna innsetningar á samböndum. Óðinn Þór, TF2MSN aðstoðaði bæði við kynningu og undirbúning og Ólafur B. Ólafsson, TF3ML var bakhjarl leikanna.

7.2.3 Afhending viðurkenninga.

Vegna Covid-19 faraldursins tókst ekki að afhenda verðlaun og viðurkenningar vegna VHF/UHF leikana á árinu 2020.

Þrátt fyrir opnun félagsaðstöðunnar þann 11. febrúar 2021 (eftir 5 mánaða lokun) var ákveðið í samráði við umsjónarmann, að auglýsa ekki sérstaklega hefðbundna afhendingar-viðhöfn þetta árið, heldur að verðlauna- og viðurkenningahöfum verði tjáð persónulega um, að þeir geti vitjað þeirra í félagsaðstöðunni næstu fimmtudagskvöld frá og með 25. febrúar.

Þetta fyrirkomulag var til að forðast að of margir félagar mæti í einu í félagsaðstöðuna í ljósi Covid-19 faraldursins. Viðurkenningar í VHF/UHF leikum ÍRA eru vandaðir verðlaunagripir fyrir fyrstu þrjú sætin.

Glæsilegir verðlaunagripir voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin í VHFUHF leikum ÍRA 2020.

Ólafur B. Ólafsson TF3ML varð í 1. sæti í VHF/UHF leikum ÍRA 2020 með 62.628 heildarstig.

Ólafur Örn Ólafsson TF1OL varð í 2. sæti í VHF/UHF leikum ÍRA 2020 með 31.900 heildarstig.

Jón Ingvar Óskarsson TF1JI varð í 3. sæti í VHF/UHF leikum ÍRA 2020 með 25.300 heildarstig.

Í VHF/UHF leikunum 2020 voru í fyrsta skipti veittar viðurkenningar fyrir bestu ljósmyndina á Facebook og fyrir skemmtilegustu færsluna á Facebook. Þær féllu báðar í skaut Ólafs Arnar Ólafssonar TF1OL. Ljósmynd: TF3JB.

Í leikunum 2020 var bryddað upp á þeirri nýjung að veita viðurkenningu fyrir bestu ljósmyndina á Facebook í leikunum 2020. Ljósmyndina tók Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL.

Jafnframt var veitt viðurkenning fyrir skemmtilegustu Facebook færsluna í leikunum 2020. Ólafur Örn, TF1OL fékk hana ennfremur. Færslan var: „*Einmannalegt í svartaþoku á Fróðaheiði...*“.

„Einmannalegt í svartaþoku á Fróðaheiði...“. Ólafur Örn Ólafsson TF1OL í VHF/UHF leikunum 2020. Ljósmynd: TF1OL.

7.2.4 Svipmyndir úr leikunum 2020.

TF3ML/m notaði Icom IC-9700 stöð. Mynd: TF3ML.

TF3ML/M dró kerru á eftir sér með loftnetum í VHF/ UHF leikunum. Hann ferðaðist á milli hnita og var fljótur að reisa loftnet. Á myndinni er hann með Diamond X-700HN, sem er sambyggt VHF/ UHF loftnet. Loftnetið er 7.20 metrar á hæð. Það er samsett úr fjórum “stökkuðum” 5/8 loftnetum á VHF; ávinningur er 9.3 dBi. Á UHF er það samsett úr 11 “stökkuðum” 5/8 loftnetum; ávinningur er 13 dBi. Ljósmynd: TF3ML.

Björn Þór Hrafnkelsson TF8TY kallar CQ VHF/UHF leikar frá QTH í Vogunum. Ljósmynd: TF8KY.

TF1EIN/M í VHF/UHF leikunum 2020. Ljósmynd: XYL.

Mathías Hagvaag TF3MH í VHF/UHF leikunum 2020 frá TF3IRA.

TF3JB tók þátt í VHF/UHF leikunum 2020 frá heima QTH í Reykjavík.

Wilhelm Sigurðsson TF3AWS í VHF/UHF leikunum 2020 frá TF3IRA í Skeljanesi. Ljósmyndir: TF3JB.

ÚR FÉLAGSSTARFINU

Í febrúar 2020 hófst vinna við gerð efnisyfirlits fyrir öll félagsblöð ÍRA frá upphafi, árið 1964. Í lok febrúar var lokið við fyrsta hluta, sem náði yfir 1. tbl. 2009 til 1. tbl. 2020. Næsti áfangi var unninn fyrir tímabilið frá 2. tbl. 2020 til 1. tbl. 2021 og lauk í febrúar 2021. Hugmyndin er að ljúka verkefninu á árinu 2021 fyrir allt tímabilið frá upphafi.

Þegar verkefninu er lokið verður hægt að fara inn á heimasíðu ÍRA og slá þar inn tiltekið efnisorð, t.d. loftnet og þá koma fram allar greinar í félagsblöðunum ÍRA frá upphafi þar sem orðið „loftnet“ kemur fyrir.

Hugmyndin að baki verkefnisins er, að félagsmönnum standi til boða aðgangur að því mikla efni sem birst hefur verið í félagsritinu í gegnum áratugina.



CQ TF, félagsblað Íslenskra radíóamatöra
Efnisyfirlit 2009 til 2013 og 2018 til 2020

1. TBL. JANÚAR 2009

Efnisyfirlit ... 2
Frá formanni ... 3
Fréttir af starfsemi félagsins ... 6
TF útileikarnir 2008, niðurstöður ... 12
Amatörkynning á jeppasýningu Ferðaklúbbsins 4x4 ... 16
Eimafaldur og ódýr fótrofi ... 19
DXCC-staða íslenskra radíóamatöra ... 20
Ferð á fund CCF/OHDXF á Eystrasaltsferju ... 21
Fingra-„paddla“ ... 28
Hollráð gegn sólblettaskorti ... 29
Hvað ert þú með mörg DXCC-lönd? ... 31
Árangur TF stöðva í CQ WW DX-keppnunum ... 35
Nýr „sjakkur“ opnaður ... 40
Fundargerðir stjórnar ... 42
Tillögur nefndar aðalfundar um eins stafs viðskeyti ... 49
Samtíningur ... 51

2. TBL. APRÍL 2009

Efnisyfirlit ... 2
Frá formanni ... 3
Fréttir af starfsemi félagsins ... 5
Heimsókn til OptiBeam í Þýskalandi ... 10
Rjúpnahæð kveður ... 13
Samanburður á [Yagi] loftnetum ... 17
Fundargerðir stjórnar ÍRA ... 22
Ársreikningur ÍRA 2008-2009 ... 24
Tillögur um lagabreytingar ... 26
Samtíningur ... 28

3. TBL. JÚNÍ 2009

Efnisyfirlit ... 2
Ritstjóraspjall ... 3
Frá formanni ... 3
Aðalfundur ÍRA 2009 ... 5
Ársreikningur ÍRA 2008-2009 ... 12
Eignalisti ÍRA 31.2.2009 ... 14
Skýrsla fráfarandi formanns um starfsárið 2008/09 ... 15
„Pile-up“ keppni á aðalfundi ÍRA 2009 ... 16
Fundargerðir stjórnar ÍRA ... 17
Auðveldara að sækja um viðurkenningar hjá ARRL og CQ 18
Gamalt og gott ... 19
Frá opnun fjarskiptaminjasafns að Skógum 6. júní 2009 ... 20
TF útileikarnir 2009; kynning ... 21
Fyrsta loftnetið mitt ... 23
Lög ÍRA samþykkt á aðalfundi 2009 ... 24
CQ WW WPX keppnirnar 2008 ... 26
Ham Radio 2008 í Friedrichshafen ... 27
Helstu DX-keppnir í júlí, ágúst og september 2009 ... 35
Kallsvæðaskipting amatör radíóstöðva á Íslandi ... 36

4. TBL. OKTÓBER 2009

Efnisyfirlit ... 2
Ritstjóraspjall ... 3
Útgáfa ritsins Siðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra ... 4
Félagsmerki í bílinn ... 5
Frá formanni ... 6
Líklega dýrasti morslykillinn í framleiðslu í dag ... 8
Uppgjör TF útileikanna 2009 ... 9
Radíóamatörar í TF útileikunum 2009 ... 12
Erlendir gestir í ÍRA ... 14
Vita- og vitaskipahelgin 2009 ... 15
Amatörnámskeið hefst 22. október; viðtal við TF3HR ... 16
Morsnámskeið hjá TF3AX ... 17
SYLRA í Osló 2009; ferðasaga ... 18
QSL kort TF3IRA flokkuð og skráð ... 19
Andrea IK1PMR og Claudia PA3LEO á Íslandi ... 20
Frá TF ÍRA QSL Bureau ... 20
Heimsókn TF1EIN til Skotlands ... 21
Staðan tekin á TF4M og TF4X í Otradal ... 22
Bætt aðstaða til fjarskipta hjá TF3IRA ... 24
Viðurkenningar: „The Matchtown Award“ ... 26
Bókahorn CQ TF: „Who's who in amateur radio?“ ... 27
Söguhornið ... 28
Þankastrik TF3OM ... 29
Loftnetsmastur leitar að nýjum eiganda ... 30
Neyðarfjarskipti; GAREC 2009 ... 31
D-STAR; Stafræn snilldartækni fyrir amatör radíó ... 32
Prentun QSL korta ... 33
TF1JA á drekaloftneti ... 34
Hustler 4BTV, 5BTV, 6BTV loftnetin ... 35
Kaup á nýrri amatörstöð haustið 2009 ... 38
DXCC staðan í september 2009 ... 46
Vetrardagskrá og viðburðatal ÍRA, okt.-des. 2009 ... 47
Ljósmyndir í félagatal ÍRA ... 47
Fundargerðir stjórnar ÍRA ... 48
Árangur TF stöðva í CQ WW keppnum ársins 2008 ... 50
Helstu DX keppnir í október 2009 til janúar 2010 ... 51
Góður gestur frá Noregi í klúbbstöð ÍRA ... 52
Kallað eftir áhugasömum félögum í tvo nýja starfshópa ... 52

1. TBL. JANÚAR 2010

Efnisyfirlit ... 2
Ritstjóraspjall ... 3
Eggert Steinsen TF3AS, in memoriam ... 4

1

Myndin sýnir fyrirsagnir í CQ TF á tímabilinu 2009-2010. Ljósmynd: TF3JB.

8. Útgáfumál

FÉLAGSBLAÐIÐ CQ TF, HEIMASÍÐA, FÉSBÓKAÐSÍÐA, KYNNINGAREFNI.

8.1 YFIRLIT.
Á starfsárinu 2020/21 gaf ÍRA út félagsblaðið CQ TF og hélt úti á netinu heimasíðunni *www.ira.is*, fésbókarsíðunni Íslenskir radíóamatörar og póstlistanum *irapostur@groups.is*. Á árinu var ávarpsbréf til nýrra félaga uppfært og unnið að gerð kynningarefnis um áhugamálið og félagið.

8.1.1 Félagsritið CQ TF.
Á starfsárinu komu út fjögur tölublöð félagsrits ÍRA, CQ TF. Blöðin komu út í mars, júní og september 2020 og í janúar 2021. Fjöldi blaðsíðna var alls 203, en engar auglýsingar eru birtar í blaðinu. Á starfsárinu létu 32 félagsmenn efni af hendi rakna til blaðsins.

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri CQ TF.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri CQ TF annaðist alla vinnu í sambandi við útgáfuna aðra en umbrot. Umbrotsvinnu annaðist Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS.

CQ TF kom út á PDF formi á heimasíðu félagsins í umsjón Ölvis Styrr Sveinssonar, TF3WZ, vefstjóra www.ira.is. Ritnefnd CQ TF starfaði á starfsárinu undir stjórn ritstjóra. Hvert eintak CQ TF var jafnframt prentað í 25 eintaka upplagi, og hafði Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður félagsins, umsjón með því verkefni.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS annaðist umbrot.

CQ TF er gefið út með tilvísan til ákvæðis í 27. gr. laga félagsins.[20] Þar er ekki sérstaklega sagt fyrir um útgáfutíðni og tekur ný stjórn ákvörðun um það hverju sinni í starfsáætlun við upphaf stjórnarárs. Í gegnum tíðina hefur gjarnan verið miðað við að blaðið komi út a.m.k. ársfjórðungslega.

Í lögum félagsins er ennfremur kveðið á um að CQ TF hafi það hlutverk að birta fundargerð aðalfundar. Þá eru ákvæði þess efnis, að birta skuli lög félagsins og sérstakar samþykktir eða ályktanir aðalfunda og félagsfunda. Útgáfa CQ TF féll niður á fimm ára tímabilinu 2013-18.

Ölvir Styrr Sveinsson TF3WZ vefstjóri www.ira.is

Yfirlit yfir útgáfu CQ TF á starfsárinu 2020-2021.

TÖLUBLÖÐ 2020/21	FJÖLDI BLS.	ÚTKOMUDAGUR/MÁNUÐUR
2. tbl. 2020	44	31. mars
3. tbl. 2020	52	30. júní
4. tbl. 2020	53	29. september
1. tbl. 2021	54	28. janúar

[20] 27. gr. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

Forsíður þeirra fjögurra tölublaða CQ TF sem komu út á starfsárinu 2020/21. Frá vinstri: 2. tbl. 2020; 3. tbl. 2020; 4. tbl. 2020 og 1. tbl. 2021.

Ritnefnd CQ TF starfsárið 2020/21 skipuðu þeir þeir: Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri, formaður; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, sem annast umbrot; Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður. Nefndin hélt 4 formlega fundi á starfsárinu, þ.e. 19. febrúar, 26. maí og 24. ágúst 2020 og 7. janúar 2021. Nefndin var fyrst skipuð á stjórnarfundi þann 11. júní 2019 (á fyrra starfsári) og starfaði áfram óbreytt 2020/21.

Ritnefnd ÍRA 2020/2021. Frá vinstri. Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS sem annast umbrot blaðsins, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri. Mynd: Sigrún Guðmundsdóttir.

Meðal verkefna ritnefndar er að gera hverju sinni tillögu til stjórnar um útgáfuáætlun, sbr. meðfylgjandi töflu. Þess má geta að áætlunin stóðst upp á dag á starfsárinu.

Útgáfuáætlun CQ TF starfsárið 2020/21

TÖLUBLAÐ	AUGLÝST EFTIR EFNI	ÚTKOMUDAGUR	TÍMI FRÁ SÍÐASTA TÖLUBLAÐI
2. tbl. 2020	3-15. mars	**Sunnudagur 31. mars**	2¼ mánuður
3. tbl. 2020	6.-16. júní	**Sunnudagur 30. júní**	3 mánuðir
4. tbl. 2020	4.-15. september	**Sunnudagur 29. september**	3 mánuðir
1. tbl. 2021	4.-16. janúar 2021	**Fimmtudagur 28. janúar**	4 mánuðir

8.1.2 Heimasíða, *www.ira.is*

ÍRA heldur úti heimasíðunni *www.ira.is* á netinu. Síðan kom fyrst fyrir sjónir félagsmanna í núverandi mynd uppfærð þann 9. mars 2017 í *WordPress* vefumsjónarkerfi, þegar skipt var út eldra kerfi (*Confluence).*

Yfirfærslan frá eldra kerfi yfir í nýtt var stórvirki og annaðist Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ, vefstjóri ÍRA það verk. Vart þarf að nefna að gríðarmikil vinna liggur að baki slíkrar yfirfærslu sem heppnaðist frábærlega vel og á Ölvir skilið lof fyrir verkefni vel úr hendi leyst. Ölvir hefur reyndar sagt síðan, „...að enn eigi eftir að binda nokkra lausa enda“. Traustur viðskiptaaðili ÍRA hýsir vefsíðuna. Það er Sensa, þekkingarhús samskiptalausna. Fyrirtækið hefur annast verkefnið frá 15. nóvember 2017.

Heimasíða landsfélags eins og ÍRA, er afar mikilvæg og má lýsa sem „líflínu“ tengsla við félagsmenn, jafnframt því að vera almenn upplýsingaveita til kynningar á áhugamálinu.

Á starfsárinu 2020/21 kappkostaði stjórn félagsins virkan fréttaflutning á heimasíðunni og að nýjar upplýsingar sem varða starfsemi félagsins kæmu til birtingar eins ferskar og frekast var unnt. Þetta var einkum áríðandi með tilkomu Covid-19 faraldursins í mars 2020 – í ljósi þess, að halda þurfti félagsaðstöðunni í Skeljanesi lokaðri mestan hluta starfsársins. Það kemur því ekki á óvart að innsetningar á heimasíðu 2020/21 slá öll met og voru 218 talsins.



Stöplaritið nær yfir tímabilið frá 15. febrúar 2020 til 22. febrúar 2021. Á myndinni má sjá fjölda innsetninga á heimasíðuna www.ira.is eftir mánuðum. Innsetningar voru flestar í júlí, október, nóvember og desember 2020 eða á bilinu 20-22 hvern mánuð. Þær voru fæstar í byrjun árs 2020 og byrjun árs 2021 eða 12 annars vegar og 11 hins vegar.

Vert er að vekja athygli á vel heppnaðri breytingu sem var gerð á opnunarsíðu heimasíðunnar (fréttasíðu) 28. mars 2020, þegar vefstjóri setti inn dálk til hægri á síðuna, sem skiptist annars vegar í „nýlegar fréttir“ og „tengla“ þar fyrir neðan.

Undir fyrirsögninni ***Nýlegar fréttir*** birtast fyrirsagnir fimm nýjustu frétta á heimasíðunni. Þar má smella á hverja fyrir sig og fá viðkomandi frétt beint á skjáinn. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, er vinsælt og mikið notað.

Síðari breytingin var innsetning þar fyrir neðan, þ.e. þegar smellt er á fyrirsögnina ***Tenglar.*** Þá býðst að velja annars vegar *Ársskýrslu ÍRA 2020/21* eða *CQ TF*. Þegar smellt er á ársskýrsluna kemur hún beint upp á skjáinn, en þegar CQ TF er valið, færist notandinn inn á undirsíðu fyrir blaðið og þar má velja nýjustu blöðin sem og eldri blöð félagsins áður út komin – allt frá árinu 1964.

Nýjustu blöðin eru birt efst á undirsíðunni og má smella beint á þau og þá kemur viðkomandi tölublað strax upp á skjáinn. (Smellt er á „CQ TF“ hægra megin á heimasíðunni til að kalla fram undirsíðuna).

Þegar þetta er skrifað (í febrúar 2021) er vinna í gangi á fullu við að bæta, „þétta“ og uppfæra upplýsingar á síðunni, enda verkefni sem þarf að sinna jafnt og þétt.



Skjámynd af heimasíður ÍRA, www.ira.is, 4. febrúar 2021. Ljósmynd: TF3JB.

8.1.3 Facebook síða, Íslenskir radíómatörar.

Á starfsárinu 2020/21 voru tvær almennar Facebook síður virkar á netinu fyrir íslenska radíóamatöra, þ.e. *Íslenskir radíóamatörar* og *Radíóamatörar á Íslandi*. Sú fyrrnefnda er undir stjórn félagsins og sú síðarnefnda undir stjórn Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Sigurðar Smára Hreinssonar, TF8SM.

Síðurnar eru báðar mikið notaðar og hefur stærstur hluti félagsmanna ÍRA aðgang að báðum. Það er skoðun stjórnar ÍRA (líkt og á fyrra starfsári) að það sé nægt rými fyrir báðar. Samkomulag og samvinna er með ágætum á milli aðila, og eru tilkynningar frá félaginu t.d. alltaf settar á báðar síður (á sama tíma með sama texta). Fésbókarsíðurnar hafa reynst félaginu vel og ekki síður eftir tilkomu Covid-19 faraldursins. Heildarfjöldi skráðra notenda er annars vegar 299 (ÍRA) og 319 (TF1A/TF8SM).



Skjámynd af FB síðu ÍRA, https://www.facebook.com/groups/TF3IRA. Mynd: TF3JB.

Tilkynningar frá félaginu sem eru innfærðar á heimasíðu eru samtímis innfærðar á FB síðurnar. Kostur þess er m.a. að sumir félagsmenn opna FB síðurnar oftar heldur en heimsíðuna. Þetta fyrirkomulag tryggir þannig að skilaboð til félagsmanna berist til þeirra fyrr en síðar.

Annar kostur við FB síðurnar er, að þar gefst kostur að svara spurningum sem kunna að koma upp um efni af einu eða öðru tagi sem er örðugra hvað varðar heimasíðuna, þótt þar gefist vissulega möguleiki á innsetningu umsagna (*e. comments*).

8.1.4 Facebook síða; TF3OM, flóamarkaður.

F acebook síða, sem Ágúst H. Bjarnason, TF3OM, setti upp á starfsárinu 2018/19 og heldur utan um „flóamarkað radíóamatöra“ hefur gengið prýðilega.

Ágúst H. Bjarnason TF3OM.

Skráningum hefur jafnt og þétt fjölgað frá stofnun og var 141 notandi skráður í byrjun febrúar 2021 samanborið við 108 notendur á sama tíma í fyrra (2020). ÍRA hefur veitt verkefninu brautargengi, m.a. með því að kynna síðuna í miðlum félagsins, auk þess sem félagið hefur stjórnunarréttindi á síðunni.

Til upprifjunar, skrifaði Ágúst eftirfarandi formála þegar síðan var opnuð þann 12. janúar 2019: „Þetta er Flóamarkaður radíóamatöra þar sem hægt er að birta auglýsingar er varða áhugamálið. Vinsamlegast eyðið auglýsingum eða merkið með “Selt” eftir að viðskipti hafa farið fram. Þessi vefur er ekki ætlaður fyrir hljómflutningstæki, sjónvörp og þess háttar. Hann er ekki ætlaður fyrir almennt spjall, til þess eru aðrir vefir. 73 de Ágúst, TF3OM“.

8.1.5 Póstlisti, irapostur@groups.io

Starfsemi Yahoo póstlista félagins var flutt í byrjun starfsársins 2018/19 og hefur verið opin síðan á vefslóðinni *irapostur@groups.io* Nýja slóðin var formlega opnuð 9. apríl 2018. Félagsmenn sem voru skráðir á eldri listann fengu boð um að skrá sig á groups.io og í árslok 2020 voru 87 félagar með skráningu. Til samanburðar voru 99 félagar með skráningu á sama tíma árið áður (árslok 2019).



*Skjámynd af heimasíðu póstlista ÍRA **irapostur@groups.io** 4. febrúar 2021. Ljósmynd: TF3JB.*

Notkun póstlistans hefur dalað, sérstaklega allra síðustu ár enda hafa Facebook síður um áhugamálið tekið yfir sem samskiptavettvangur. Umferð um listann hefur því verið lítil á starfsárinu 2020/21. Forveri núverandi póstlista (svokallaður Yahoo listi) hafði nýst félaginu vel í hartnær 17 ár, en hann var upphaflega stofnaður af Brynjólfi Jónssyni, TF5B, þann 25. október 2001.

8.2 Aðgangur félagsmanna að tímaritum norrænu systurfélaganna.

Landsfélög radíóamatöra á Norðurlöndunum, Experimenterende Danske Radioamatører (EDR), Íslenskir radíóamatörar (ÍRA), Norsk Radio Relæ Liga (NRRL), Föreningen Sveriges Sändareamatörer (SSA) og Suomen Radioamatööriliitto (SRAL), gerðu með sér samkomulag vorið 2017 þess efnis, að opna félagsmönnum landsfélaganna aðgang að PDF útgáfum félagsblaða systurfélaganna á Norðurlöndum.

Af tæknilegum ástæðum dróst að opna fyrir aðgang fyrir félagsmenn ÍRA að þessu efni til starfsársins 2018/19 þegar Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ vefstjóri ÍRA, leysti málið. Tæknilegir hnökrar komu þó upp á ný (okkar megin) á árinu 2020. Þess er vænst að

aðgangur skuldlausra félagsmanna ÍRA að blöðum hinna Norðurlandafélaganna á heimasíðu félagsins verði kominn í lag þegar þessi skýrsla verður lögð fram á aðalfundi 2021.

Tímarit norrænu systurfélaganna sem eru opin félagsmönnum ÍRA til lestrar á heimasíðu.

TÍMARIT	ÚTGEFANDI	TÖLUBLÖÐ Á ÁRI
OZ	EDR, Eksperimenterende Danske Radioamatører	6
Amatørradio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	6
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	12
Raioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatooriliitto	12

Vert er að benda á, að útgáfa CQ TF féll niður í fimm ár, þ.e. frá 2013-2018, uns blaðið hóf að koma út á ný í apríl 2018. ÍRA hefur því frá þeim tíma geta boðið félagsmönnum hinna norrænu félagana að lesa okkar félagsblað á sama hátt og okkur býðst að lesa þeirra blöð.[21]



Eldri tölublöð tímarita norrænu landsfélaganna liggja frammi í tímaritasafni ÍRA í Skeljanesi til lestrar á opnunartíma á fimmtudagskvöldum. Þar eru einnig í boði tímarit frá landsfélögum radíóamatöra, s.s. í Bandaríkjunum Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Japan, auk CQ TF. Sjá nánar í 2. kafla skýrslunnar; „Félagsaðstaðan í Skeljanesi“.

8.3 Önnur útgáfa: Ávarpsbréf.

Vinnu við handrit að ávarpsbréfi til nýrra félaga lauk 1. nóvember á fyrra starfsári. Á starfsárinu 2020/21 var handritið uppfært og lauk þeirri vinnu í janúar 2021. Útgáfuform er óbreytt, þ.e. ein opna í stærðinni A4 (fjórar blaðsíður) sem er prentuð í lit. Ávarpsbréfið veitir innsýn í starfsemi ÍRA og tæpir á helstu þjónustuþáttum við félagsmenn.

Samhliða uppfærslu Ávarpsbréfs hefur verið unnið að gerð nýs kynningarefnis um amatör radíó og um félagið. Efni af þessu tagi hefur ekki verið til áður. Vinna hefur dregist, en stefnt er að því að ljúka verkefninu vorið 2021. Töluverð gagnaöflun hefur fylgt, m.a. hefur verið skoðað hvernig landsfélög radíóamatöra í nágrannalöndunum vinna efni af þessu tagi. Nýi kynningarbæklingurinn verður unninn líkt og ávarpsbréfið, þ.e. í lit og 4 blaðsíður í A4 stærð (A3 opna). Hvorutveggja Ávarpsbréfið og Kynningarbæklingurinn verða í boði á pdf-formi á heimasíðu félagsins.

8.4 Aðgangur opnaður að félagsblöðum.

Í Covid-19 faraldrinum sumarið 2020 ákváðu nokkur systurfélög ÍRA að opna almenn aðgang að einu eða fleirum tölublöðum félagsblaða sinna. Upplýsingar voru jafn óðum birtar

[21] Til skýringar: Hér er átt við að félagsmenn norrænu félaganna geta t.d. lesið félagsblaðið CQ TF með aðstoð Google þýðingarforritsins.

á heimasíðu ÍRA. Um er að ræða félagsblöð frá Bretlandi (RSGB), Frakklandi (REF), Belgíu UBA), á Spáni (URE) og á Ítalíu (ARI).

Maíhefti RadCom.
Radio Society of Great Britain (RSGB) bauð okkur aðgang að maíhefti félagsblaðsins RadCom. Blaðið var að þessu sinni 100 blaðsíður að stærð. Vefslóð:

www.rsgb.org/sampleradcom

Apríl og maíhefti Radio·REF.
L'association Réseau des Émetteurs Français (REF) bauð okkur aðgang að apríl og maíheftum félagsblaðsins Radio-REF. Vefslóðir:

https://www.r-e-f.org/images/flippingbook/2020_04/2020_04.pdf

https://www.r-e-f.org/images/flippingbook/2020_05/2020_05.pdf

Maí- og júníhefti CQ QSO.
Landsfélag radíóamatöra í Belgíu (UBA), bauð okkur aðgang að maí- og júníhefti félagsblaðsins CQ QSO. Blaðið er bæði á hollensku og frönsku. Vefslóð:

https://www.uba.be/sites/default/files/uploads/actual/cq-qso-05-2020.pdf

Júníhefti Radioaficionados.

Unión de Radioaficionados Españoles (URE) bauð okkur aðgang að júníhefti félagsblaðsins RadioAficionados. Blaðið er á spænsku, en smella má á neðri vefslóðin til að fá enska þýðingu.

Smellið á "Descargas" (hægra megin) og síðan á "Junio 2020 – Revista"
https://www.ure.es/descargas/

Google þýðing á ensku:
https://tinyurl.com/SpainURE



Júlí-ágústhefti Radio Revista.

Associazione Radioamatori Italiani (ARI) bauð okkur aðgang að júlí-ágústhefti félagsblaðsins Radio Rivista. Blaðið er á ítölsku. Á síðunni má hlaða blaðinu niður á PDF formi og nota þýðingarforrit í boði á netinu. Að auki er boðið niðurhal á félagsblaðinu frá og með 4. tbl. 2020. Vefslóð:

http://www.ari.it/en/radiorivista-online.html

Landsfélag radíóamatöra í Frakklandi (REF) bauð okkur aðgang að greinasafni félagsins þann 4. október. Um er að ræða mikið af áhugaverðu efni, m.a. um fræðin og fjarskiptin, s.s. skilyrðin, loftnet (á HF, VHF og hærri tíðnum), fæðilínur, mismunandi tegundir útgeislunar, fjarskipti um gervitungl, m.a. QO-100 og margt fleira.

Greinasafnið er á frönsku, en einnig má kalla það fram í enskri þýðingu með því að slá inn meðfylgjandi vefslóð. Þess má geta að systurfélag okkar í Frakklandi, L'association Réseau des Émetteurs Français (REF) var stofnað árið 1925.

https://publications.r-e-f.org/

https://tinyurl.com/FranceREF

9. Sérstakar tíðniheimildir

TÍÐNIHEIMILDIR Á 4M, 6M, 60M, 160M OG FLEIRI BÖNDUM

9.1 TÍÐNIMÁL.

ÍRA átti í viðræðum við Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) á starfsárinu 2020/21 um tíðniheimildir íslenskra leyfishafa utan hefðbundinna heimilda samkvæmt viðauka í gildandi reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna nr. 348/2004 [og nr. 1306/2017]. Ennfremur fóru viðræður fram um væntanlegar breytingar í kjölfar jákvæðrar niðurstöðu tíðniákvörðunarráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), WRC-19[22] um 50 MHz tíðnisviðið. Vegna Covid-19 faraldursins voru samráðsfundir haldnir í síma og í tölvupósti, til undirbúnings.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Í viðræðum var samhliða haldið til haga, að ÍRA óskar eftir uppfærslu viðauka reglugerðarinnar[23] með tilvísan til væntanlegra heimilda á 50 MHz á grundvelli samþykkta WRC-19. Meðal annarra atriða sem þarf að lagfæra, er t.d. heimild um aðgang að 40 metra bandinu, sem bíður uppfærslu úr víkjandi í ríkjandi aðgang á 7.000-7.200 MHz, samanber erindi stofnunarinnar til félagsins dags. 29.3.2009 með vísan til samþykktar WRC-2003.

9.1.1 Sérheimild á 4 metrum; 70.200-70.250 MHz.

ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun 7. desember 2020 við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000-70.250 MHz. Tilraunaheimildin var endurnýjuð til næstu 2 ára, þ.e. til 31.12.2022.

Ánægja hefur ríkt með sérheimild Póst- og fjarskiptastofnunar til handa íslenskum leyfishöfum um afnot af 70 MHz tíðnisviðinu (4 metrum) í þann rúmlega áratug sem liðinn er frá því heimild var fyrst veitt þann 19. febrúar 2010. Tilraunir hafa skilað áhugaverðum niðurstöðum, m.a. samböndum yfir lengri vegalengdir innan- og utanlands.

Nýrri HF stöðvar fyrir radíóamatöra eru einnig búnar 50 og 70 MHz. Þ.á.m. er Icom IC-7300 sendi-/móttökustöðin sem hefur 50W sendi á 4 metrum.

Jákvætt er, að fram hefur komið frá stofnuninni, að ekki hafi borist kvartanir vegna starfsemi radíóamatöra þann tíma sem heimildin hefur verið í gildi.

Algengur 70 MHz heimasmíðaður tíðnibreytir (e. transverter) fyrir eldri stöðvar.

Samráð ÍRA og PFS á starfsárinu 2018/19 leiddi m.a. til rýmkunar tíðniheimildar á 4 metrum úr 70.000-70.200 MHz í 70.000-70.250 MHz þann 9. október 2018. Þessi viðauki í tíðni hefur

[22] Tíðniákvörðunarráðstefnu ITU, WRC-19, fór fram í Egyptalandi 28.10.-22.11. 2019.
[23] Í viðauka reglugerðarinnar eru upplýsingar um heimiluð tíðnisvið, sendiafl og bandbreidd.

reynst einkar mikilvægur fyrir þá sem stunda tilraunir á 70 MHz. Rýmkun heimildarinnar (umfram 70.200 MHz) hefur verulega aukið notagildið hjá leyfishöfum sem stunda fjarskipti yfir langar vegalengdir, þ.e. fjarskipti við radíóamatöra í öðrum löndum (DX). Loks er jákvætt að geta um að verulega hefur fjölgað í hópi íslenskra radíóamatöra sem eru virkir á 4 metrum í dag.

Skilyrði PFS sem lögð eru til grundvallar leyfisveitingu á 70 MHz:

- Hámarksbandbreidd er 16 kHz. Engin skilyrði hvað varðar mótun.
- Hámarks útgeislað afl er 100W.
- Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax.
- Kallmerki skal notast í upphafi og við lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir.

Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til stofnunarinnar áður heldur en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Hafi menn haft heimild til notkunar þar áður – þarf engu að síður að sækja sérstaklega um og uppfæra heimild fyrir nýtt tímabil. Núgildandi heimild gildir fyrir almanaksárin 2021 og 2022 og nægir að sækja einu sinni um fyrir allt tímabilið (þ.e. ekki þarf að endurnýja árlega). Tilgreina skal, að sótt sé um heimild fyrir nýtt tímabil, 1.1.2021.-31.12.2022.

9.1.2 Sérheimild á 160 metrum; 1850-1900 kHz.

ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun 4. desember 2020 við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2021. Heimildin nær til eftirtalinna keppna:

Heimild á 1850-1900 kHz gildir um tilgreindar alþjóðlegar keppnir á árinu 2021.

ALÞJÓÐLEG KEPPNI	TEG. ÚTG.	DAG- OG TÍMASETNINGAR	ALLS
CQ World-Wide 160 metra keppnin	CW	29.-31.1. janúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL International DX keppnin	CW	20.-21. febrúar, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World-Wide 160 metra keppnin	SSB	26.-28. febrúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL International DX keppnin	SSB	6.-7. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WW WPX keppnin	SSB	27.-28. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WW WPX keppnin	CW	29.-30. maí, kl. 00:00-23:59	48 klst.
IARU HF World Championship	CW/SSB	10.-11. júlí, kl. 12:00-11:59	24 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	SSB	30.-31. október, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	CW	27.-28. nóvember, kl. 00:00-23:59	48 klst.
ARRL 160 metra keppnin	CW	3.-5. desember, kl. 22:00-15:59	40 klst.

Heimildin er veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili. Um þessa notkun gilda sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1810-1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi:

- Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir standa yfir (sjá töflu).
- G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W.

Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til stofnunarinnar áður heldur en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Hafi menn haft heimild til notkunar á tíðnisviðinu áður – þarf engu að síður að

sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil. Núverandi heimild er fyrir almanaksárið 2021 og nægir ein umsókn fyrir allar 10 keppnirnar. Tilgreina skal, að sótt sé um heimild fyrir nýtt tímabil; 1.1.2021.-31.12.2022.

Íslenskir radíóamatörar hafa heimild til að nota tíðnisviðið 1850-1900 kHz á víkjandi grunni í tilraunaskyni í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Heimild til G-leyfishafa að mega nota allt að 1kW (fullt afl) var fyrst veitt með erindi PFS til ÍRA, dags. 6.1.2011, en áður höfðu leyfishafar haft sambærilega heimild til notkunar á tíðnisviðinu á mest 10W afli.

Flestar HF stöðvar fyrir radíóamatöra framleiddar eftir árið 1980 eru búnar 1.8 MHz tíðnisviðinu. Þ.á.m. er Icom IC-7600 sendi-/móttökustöðin sem hefur 100W sendi á 160 metrum. Þess má geta, að 160 metrarnir komu inn sem nýtt band (1810-1850 kHz) í reglugerð hér á landi árið 1981.

Líkt og með 70 MHz sérheimildina, þurfa þeir sem hafa áhuga á að nýta sérheimild á 1850-1900 kHz, að senda erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem tilgreint er QTH og heiti keppni. Þegar heimild er fengin, er jákvætt að senda tölvupóst til stofnunarinnar þar sem fram kemur að fyrirhuguð sé þátttaka í tilgreindri keppni. Það á við um allar 10 keppnirnar. Þetta er gert þar sem Vaktstöð siglinga hefur úthlutaðar nokkrar tíðnir í sviðinu.

Þess má geta, að PFS heimilaði íslenskum leyfishöfum að vinna í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum radíóamatöra árin 2007, 2008 og 2010 (en ekki var sótt um heimild fyrir árið 2009). Þau ár var aflheimild mest 10W. Frá og með 6. janúar árið 2011 hefur hins vegar verið veitt full aflheimild til G-leyfishafa, þ.e. 1kW.

9.1.3 Sérheimild á 6 metrum; 50-52 MHz: Stöðuskýrsla.

Árið 2018; ný stjórn hefst handa.
Ný stjórn ÍRA var kjörin á aðalfundi 21. mars 2018. Meðal mikilvægra verkefna var vinna til undirbúnings uppfærslu heimildar á 50 MHz (6 metrum). Þegar leið á sumarið (2018) og forgangsverkefni voru frá, hófst ný stjórn undirbúning (sbr. fundargerðir frá þeim tíma)[24]. Að því loknu, var sent erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar þann 5. október með beiðni um rýmkaðar aflheimildir í 50-52 MHz tíðnisviðinu. Þar var farið fram á heimild til G-leyfishafa um fullt afl, allt að 1kW. Í annan stað, var þess farið á leit, að aflheimild til N-leyfishafa yrði rýmkuð úr 50W í 100W.

Meginrök til stuðnings erindinu voru m.a., að mikilvægt sé að íslenskir radíóamatörar sem gera tilraunir í tíðnisviðinu geti haft aðgang að fullu afli til að standa jafnfætis leyfishöfum í öðrum löndum, m.a. á Norðurlöndunum. Hér koma m.a. til tilraunir sem fela í sér sambönd yfir langar vegalengdir (utanlands), þ.á.m. EME sambönd (*e. Earth-Moon-Earth*) og MS (*e. Meteor Scatter*).

Ennfremur kom fram í erindi félagsins, að eftir því sem sjónvarpssendingar eru aflagðar í sviðinu [í fleiri löndum] hafi aflheimildir til radíóamatöra verið auknar, samanber Nkom (norsk systurstofnun PFS) sem heimilar norskum leyfishöfum fullt afl (allt að 1kW) á 50 MHz (í forgangsflokki-1 í reglugerð Norðmanna sem tók gildi 8. ágúst 2018). Þá hafi dönsk stjórnvöld heimilað sínum radíóamatörum að nota fullt afl á 50 MHz árum saman.

[24] Fundargerðirnar eru birtar í Ársskýrslu ÍRA 2018/19. Sjá Viðauka-A, bls. 91-122. Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/02/20190216-arsskrysla-tf3jb.pdf

Árið 2019: óvæntar upplýsingar.
Í byrjun starfsárs 2019/20 komu þær upplýsingar fram á samráðsfundi við stofnunina, að ekki væri formleg samþykkt að baki 50 MHz bandinu frá tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (eins og venjan er). M.ö.o., byggði heimild til íslenskra radíóamatöra (og í öðrum löndum) um notkun á 50 MHz tíðnisviðinu á neðanmálsgrein í alþjóðareglugerðinni. Það er í raun sama fyrirkomulag sem sérheimild okkar á 70 MHz byggir á.

Fljótlega eftir að radíóamatörar byrjuðu að fá heimildir á 50 MHz komu einsbands sendi-/móttökustöðvar á 6 metrum á markað. Myndin er af Kenwood TS60S sem var framleidd allt til ársins 2000. Tíðnispan er 50-54 MHz; sendiafl er allt að 90W og tegund útgeislunar er á CW, SSB og FM. Eftir árið 2000 var almennt byrjað að bjóða 160-10 metra HF sendi-/móttökustöðvar með 6 metra bandinu.

Fram til þess tíma sem þessar upplýsingar urðu ljósar, hafði stjórn ÍRA gefið sér og ályktað, að tíðniupplýsingar fengju *ekki* birtingu í viðauka með reglugerðinni[25] nema að um væri að ræða tíðnisvið með ITU samþykktir að baki.

Kenwood TS-590SG er gott dæmi um HF sendi-/móttökustöð radíóamatöra sem vinnur á 6 metrum til viðbótar við 160-10 metrana. Sendiafl er allt að 100W á öllum böndum. Stöðin býður jafnframt upp á CW/FSK, AM, SSB, FM og stafrænar tegundir mótunar.

Í framhaldi var athugað sérstaklega með aðrar heimildir í viðaukanum. Staðfest var, að þær eiga uppruna í samþykktum ITU.

Með öðrum orðum, einvörðungu 50 MHz tíðnisviðið er undantekningin (sem sannar regluna).

Árið 2019: WRC-19 og stuðningur PFS.
Þegar leið á starfsárið 2019/20 og WRC-19 radíótíðniákvörðunarráðstefna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) var framundan – og frumvarp IARU um 50 MHz tíðnisviðið formgerðist, kom stjórn ÍRA tillögum IARU á framfæri við Póst- og fjarskiptastofnun. Stuðningur Póst- og fjarskiptastofnunar fékkst sem og stuðningur systurstofnana PFS á Norðurlöndum og reyndar víðast um heiminn.

Árið 2019: Samþykkt WRC-19 um 50 MHz.
Grunntillaga IARU um 6 metra bandið var síðan til umfjöllunar á WRC-19 ráðstefnunni í Egyptalandi í október/nóvember 2019. Góðar fréttir bárust síðan til félagsins þann 21.

[25] Vefslóð á gildandi reglugeð um starfsemi radíóáhugamanna nr. 348/2004: https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/samgonguraduneyti/nr/3732

nóvember þess efnis, að radíótíðniráðstefna Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU),WRC-19, hafi samþykkt frumvarp IARU þess efnis að 50 MHz sviðinu verði formlega úthlutað til radíóamatörþjónustunnar. Samþykktin var lagskipt (eins og við var búist), þ.e. 44 þjóðríki á Svæði 1 munu veita leyfishöfum ríkjandi aðgang á 500 kHz (á 50-54 MHz) og 26 ríki munu veita ríkjandi aðgang að öllu sviðinu.

Öll þjóðríki á Svæði 1 samþykktu að veita radíóamatörum víkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-52 MHz. Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun á Svæði 1 og Svæði 3 munu halda heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radíóamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst þannig óbreyttur.

Stjórn ÍRA sendi þegar erindi sama dag (21. nóvember 2019) til Póst- og fjarskiptastofnunar, til framkvæmdastjórnar IARU og til framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 með þökkum, fyrir hönd íslenskra radíóamatöra.

Árið 2019: Kynning á niðurstöðum WRC-19.
Á fjórðu og síðustu sunnudagsopnun ÍRA samkvæmt vetrardagskrá 2019/20, þann 15. desember, mætti Jónas Bjarnason, TF3JB, í Skeljanes og kynnti helstu niðurstöður radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU, frá WRC-19 sem lauk 22. nóvember sama ár.

Þar kom m.a. fram, að nánari útfærsla á samþykktum WRC-19 er gerð af stjórnvöldum í hverju þjóðríki fyrir sig. Fram kom einnig, að væntingar væru til þess að ákvörðun verði tekin um nýskipan 6 metra bandsins hér á landi, líklega fyrir páska 2020. Félagar í þétt skipuðum fundarsalnum í Skeljanesi klöppuðu þegar þær upplýsingar komu fram. Frásögn var birt frá viðburðinum í 1. tbl. CQ TF, bls.19.[26]

Árið 2020: Áframhaldandi samráð við PFS.
Eftir aðalfundinn 15. febrúar 2020 var hafist við verkefnið á ný með viðræðum við PFS. Vegna Covid-19 faraldursins náðist þó aðeins einn fundur í lok febrúarmánaðar sem gerð var grein fyrir á næsta stjórnarfundi í félaginu.

Málið var hins vegar tekið aftur upp við stofnunina í maímánuði (2020), einkum fyrir áhrif innsetninga á FB síður þar sem félagsmenn gerðust óþolinmóðir – í ljósi frétta á netinu þess efnis, að þýskir radíóamatörar væru búnir að fá uppfærslu á 50 MHz heimildum samkvæmt samþykkt WRC-19 – en við ekki. Í ljós kom, að þýska landsfélagið, DARC, hafði fengið uppfærða heimild Bundesagentur samkvæmt tímabundinni bráðabirgðaheimild.

Í 3. tbl. CQ TF 2020[27] sem kom út í maí var málið skýrt og óánægjuöldur lægði strax eftir að réttum upplýsingum hafði verið komið á framfæri í blaðinu og á FB síðum. Málið hlaut í framhaldi umfjöllun á 2. og 3. stjórnarfundi starsfársins. Á 3. stjórnarfundi (28.7.2020) flutti formaður stjórn félagsins skýrslu um viðræðurnar við PFS, þar sem farið var yfir stöðuna.

Fram kom m.a., að jafnvel komi til greina að fá samsvarandi tímabundna uppfærslu reglugerðarinnar líkt og DARC, en stjórnarmenn voru sammála um að bíða heldur og fá þess í stað endanlega heimild, þar sem „vertíðin“ á 6 metrum væri hvort eð er yfirstaðin þetta árið. Hlé var því gert á viðræðum við PFS haustið 2020 vegna faraldursins annars vegar, og hins vegar, vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar.

[26] CQ TF 1. tbl. 2019. Vefslóð:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/01/cqtf_34arg_2020_01tbl.pdf

[27] CQ TF 3. tbl. 2020, bls. 19. Vefslóð:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/06/cqtf_34arg_2020_03tbl.pdf

Upplýsingar sem komið var á framfæri við félagsmenn í 3. tbl. CQ TF 7. maí 2020.

DARC varð fyrsta landsfélagið til að fá heimild hjá stjórnvöldum fyrir sína leyfishafa á 50 MHz eftir samþykkt frumvarps á radíótíðniráðstefnu ITU (WRC-19) í nóvember 2019. Heimildin er bráðabirgða-heimild (*e. preliminary provisional implementation)* til notkunar á 50 MHz, var veitt 6. maí og gildir úr árið 2020.

Heimildin nær til tíðnisviðsins 50.000-52.000 MHz, er á víkjandi grundvelli og leyfir allar tegundir útgeislunar með mest 12 kHz bandbreidd. Skilyrt er að nota loftnet sem senda út lárétt póluð merki. Aflheimild er tvískipt: 750W fyrir hærra leyfi og 100W fyrir lægra leyfi á tíðnisviðinu 50.000 MHz til 50.400 MHz og mest 25W á tíðnisviðinu fyrir báða leyfisflokka á 50.400-52.000 MHz.

Þegar þetta er skrifað (14. júní) hafa ekki fleiri þjóðlönd veitt bráðabirgðaheimildir til sinna leyfishafa á bandinu. WRC-19 samþykktin gerir ráð fyrir að stjórnvöldum veitist ráðrúm til að innleiða nýjar heimildir [samkvæmt WRC-19] að lágmarki til 1. janúar 2021. Stjórn ÍRA á í viðræðum við Póst- og fjarskiptastofnun um útfærslu heimilda á 50 MHz hér á landi.

Árið 2021: Samþykktir stjórnarfundar 2. febrúar 2021.
Á 7. stjórnarfundi starfsársins 2020/21 (2. febrúar) flutti formaður stjórn skýrslu um stöðu mála hvað varðar 50 MHz tíðnisviðið með tillögu þess efnis, rétt væri að taka upp á ný viðræður við Póst- og fjarskiptastofnun á næstunni. Helstu rök voru eftirfarandi:

- Samkvæmt samþykkt WRC-19 höfðu stjórnvöld ráðrúm a.m.k til 1.1.2021 til undirbúnings.
- Ný „vertíð“ á 50 MHz nálgast.
- Aðalfundur ÍRA 2021 verður haldinn 13. mars.
- Covid-19 faraldurinn er í rénum og flestar stofnanir miða starfsemi sína við það.

Fram kom til viðbótar, að þrátt fyrir að ráðrúm stjórnvalda (þ.e. tímamörkin til 1. janúar 2020) hafi Covid-19 faraldurinn almennt haft áhrif til seinkunar hjá stjórnvöldum, bæði hér á landi sem annars staðar, enda væri ekki vitað um uppfærslu(r) reglugerða í 50 MHz tíðnisviðinu í aðildarlöndum IARU Svæðis 1 (miðað við stöðu mála 2.2.2021). Einvörðungu fyrrnefnd bráðabirgðareglugerð í Þýskalandi væri borðliggjandi, en hún rann sitt skeið 31.12.2020 og virðist hafa verið ein „á báti“ meðal þjóðríkja í IARU Svæði 1.

Stjórnarmenn voru sammála um, að komandi „vertíð“ á 50 MHz sem hefst í apríl/maí n.k. veiti aðhald og því væri bæði jákvætt og mikilvægt að vinna að því að fá reglugerðina uppfærða fyrir þann tíma. Kjörstaða væri að geta skýrt frá væntanlegri uppfærslu á aðalfundi ÍRA 2021, þann 13. mars n.k.

Í ljósi framangreinds, samþykkt stjórn ÍRA að fela formanni félagsins að taka upp samráð við Póst- og símamálastofnun á ný um verkefnið þar sem frá var horfið.

9.1.4 Heimild á 60 metrum; 5351,5 -5366,5 kHz.
Núverandi heimild íslenskra leyfishafa á 60 metra bandinu er á tíðnisviðinu 5351.5–5366.5 kHz; sem er 15 kHz bandbreidd. Hámarksafl er 15W (EIRP). Heimild Póst- og fjarskipta-stofnunar byggir á samþykkt radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, sem tók gildi þann 1. janúar 2017.

ÍRA hefur síðustu misseri unnið að undirbúningi frumvarps til PFS þar sem farið er fram á rýmkun heimildarinnar á 60 metrum, m.a. í ljósi neðanmálsgreinar með samþykkt WRC-15, þar sem er fjallað um að aukin fjarlægð frá landamærum næsta þjóðríkis hafi áhrif, m.a. á aflheimildir. Með tilliti til útbreiðslu radíóbylgna í tíðnisviðinu og í ljósi þess að Ísland er eyja – tiltölulega langt frá öðrum þjóðríkjum, er það skoðun félagsins að stjórnvöld hér á landi geti, á þeim grundvelli, komið til móts við ósk ÍRA um aukið afl. Í annan stað er, við undirbúning frumvarpsins, skoðaður grundvöllur þess að fá 15 kHz tíðnisviðið útvíkkað.

Vinna til undirbúnings, þ.m.t. gagnaöflun, hefur af ýmsum ástæðum, reynst tímafrek. Á hinn bóginn má segja, að tíminn vinni með okkur, þar sem sum þjóðlönd (sem svipað er ástatt um landfræðilega) hafa náð að koma til móts við sína leyfishafa um rýmkun heimilda eftir viðræður við stjórnvöld. Þróunin þessara mála er því áhugaverð og í raun jákvæð.

Eftir samþykkt WRC-15 um nýtt tíðnisvið radíóamatöra á 60 metrum (5351.5–5366.5 kHz) frá og með 1.1.2017 eru flestar nýjar HF sendi-/móttökustöðvum radíóamatöra á markaði í dag jafnframt búnar 5 MHz tíðnisviðinu. Yaesu FTdx101D er dæmi um slíka stöð en hún var frumsýnd í maí 2018.

Segja má, að skilningur ríki hjá hjá Póst- og fjarskiptastofnun, a.m.k. hvað það áhrærir að PFS hefur heimilað aukið afl (allt að 100W) á 60 metrum í TF útileikunum s.l. tvö ár; 2019 og 2020. Stefnt er að því að frumvarp með tillögum ÍRA um auknar heimildir á 60 metrum verði tilbúið um mitt ár 2021.

Tíðniskipan IARU fyrir 60 metra bandið (uppfært 8.12.2019).

5351.5	5354	5357	5360	5363	5366–5366.5
CW and narrow digital modes	All modes, USB voice				Weak signal, narrow band
200 Hz	2700 Hz				20 Hz

9.1.4.1 60 metra bandið; yfirlit til upprifjunar.
Íslenskir leyfishafar fengu fyrst tilraunaheimild á 60 metrum 1. janúar 2008. Heimildin var síðan framlengd fyrir almanaksárin 2009 og 2010. Fyrstu þrjú árin var skilyrt að nota 8 fastar tíðnir, eingöngu á morsi og tali.

Heimildin var endurnýjuð fyrir almanaksárin 2011 og 2012. Að beiðni ÍRA, samþykkti PFS að heimila 150 kHz í tíðnisviðinu 5260-5410 kHz. Í annan stað, var heimilað að nota VFO tíðnistýringu í stað 8 fastra tíðna áður (þ.e. rásaskiptingar). Á móti kom að afl var skert frá fyrri heimild úr 200W í 100W. Þann 6. júní 2012 barst barst ÍRA barst jákvætt svar frá stofnuninni við ósk félagsins um heimild til að nota PSK-31 tegund útgeislunar (6OH0J2B) á 60 metrum, til viðbótar við CW og SSB.

Sama heimild (þ.e. tíðnisvið og tegundir útgeislunar) var síðan framlengd fyrir almanaksárin 2013 og 2014 samkvæmt erindi PFS dags. 13. nóvember 2012. Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar voru eftirfarandi:

- Heimilaðar mótunaraðferðir: J3E (USB), A1A (CW) og 6OH0J2B (PSK-31); hámarksbandbreidd 3 kHz.
- Hámarks leyfilegt útgeislað afl: 100W.
- Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, þá verður að hætta sendingum strax.

- Kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.
- Hafi leyfishafar haft heimild fyrir til notkunar á tíðnisviðu, þurfti engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil, þ.e. 1.1.2013-31.12.2014.

Um tíma hafði ríkt bjartsýni um almenna úthlutun bandsins 5260-5410 kHz til radíóamatöra, en eftir úthlutun WRC-12 á tíðnisviðinu 5250-5275 kHz til staðsetningarnota varð ljóst að ekki gat orðið af því, þar sem slík úthlutun hefði skaraðist verulega við tímabundnar tilrauna-úthlutanir í tíðnisviðinu 5260-5410 kHz.

Staða mála skýrðist loks á radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, (27. nóvember 2015) þegar samþykkt var úthlutun á 5351.5–5366.5 kHz (15 kHz) til radíóamatörþjónustunnar. Hámarksafl var miðað við 15W (EIRP) með undanþágu fyrir allt að 25W (EIRP). Samþykkt WRC-15 tók síðan gildi þann 1. janúar 2017.

9.2 NÝJAR TÍÐNIHEIMILDIR

Stjórn ÍRA vann á starfsárinu 2020/21 að undirbúningi fleiri erinda er varða tíðniheimildir til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í skoðun er að sækja um aukið afl í alþjóðlegum keppnum. Til viðmiðunar er að sækja um alltað 1,5kW heimild fyrir G-leyfishafa. Meginástæðan er, að íslenskir leyfishafar geti staðið jafnfætis leyfishöfum öðrum löndum sem veita svipaðar (eða meiri) aflheimildir, en 1,5kW er hæsta leyfilegt afl í stærstu alþjóðlegum alþjóðlegum keppnum.

Frekari rök eru staðsetning landsins sem löngum hefur verið lýst svo, að hún sé sú versta á hnettinum til fjarskipta í stuttbylgjusviðinu. Sem dæmi, þá kom fram í erindi þeirra Yngva Harðarsonar, TF3Y og Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem flutt var í Skeljanesi 17. febrúar 2011, að truflanir vegna norðurljósa voru að meðaltali 243 daga á ári hér á landi. Til samanburðar er dagafjöldi fyrir Bretland 10 á ári og fyrir Suður-Frakkland 1 dagur á ári. Stefnt er að því að ljúka vinnu við undirbúning og frágang frumvarps með beiðni um aukið afl í alþjóðlegum keppnum seint á árinu 2021.

ÍRA hefur haft til skoðunar s.l. tvö starfstímabil, að sækja um tíðnisvið á 40.0-44.0 MHz (8 metrum) og á 54.0-69.9 MHz (5 metrum). Til hliðsjónar eru heimildir írskra radíóamatöra í þessum tíðnisviðum. Verkefnið er í raun á byrjunarreit, en til upplýsingar má benda á áhugaverða grein Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS, í 1. tbl. CQ TF 2021 um 40-45 MHz tíðnisviðið (á 8 metrum).[28]

Aðeins þremur vikum eftir birtingu greinar TF3GZ um 40 MHz bandið í CQ TF, bárust fréttir um nýjan radíóvita á 8 metra bandinu. Það er S55ZMS sem er er virkur á 40.570 MHz. Hann sendir út á morsi og PI4 stafrænni mótun. Vitinn varð virkur 9. febrúar 2021. Sendiafl er 7W og loftnet er láréttur tvípóll. Loftnet vitans er staðsett á einum af loftnetsturnum keppnisstöðvarinnar S53M í norðausturhluta Slóveníu. Þetta er fjórði radíóvitinn á 8 metrum, Ennfremur má benda á tíðniskipan IRTS á 5 og 8 metrum, sem sækja má á þessa vefslóð: https:/WWW.irts.ie/dnloads/Irish_8m_5m_band_palns.pdf.

[28] http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/01/cqtf_35arg_2021_01tbl.pdf

9.3 FRUMVARP TIL FJARSKIPTALAGA.

Frumvarpi til til nýrra fjarskiptalaga var dreift á Alþingi 7. maí (2020). Það var m.a. til innleiðingar á nýjum fjarskiptapakka ESB, auk kynningar á uppfærslu reglugerðar ESB um samstarfsvettvang evrópskra eftirlitsaðila, svonefndar BEREC og TSM reglugerðir ásamt uppfærslu eldri gerða samkvæmt tilskipun ESB nr. 2018/1972.

Uppkast að frumvarpinu kom til umfjöllunar á stjórnarfundi í ÍRA þann 3. febrúar. Niðurstaða var, að ekki væri sérstök ástæða til umsagnar eða afskipta félagsins, enda áhyggjur manna um að ferlið hreyfði við CE merkingum og undanþágum fyrir radíóamatöra óþarfar, þar sem ekkert væri fjallað um þau mál í frumvarpsdrögunum.

Fundargerð stjórnarfundarins er birt í heild á bls. 40-42 í 2. tbl. CQ TF 2020 sem kom út 22. mars, vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/03/cqtf_34arg_2020_02tbl.pdf

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Kallmerki fer óneitanlega vel sem bílnúmer. Fjöldi kallmerkja sem skráningarmerki á bifreiðum hér á landi voru alls 10 talsins í vetrarbyrjun 2020. Þetta eru kallmerkin: TF3DX, TF3GB, TF3GL, TF3IT, TF3KJ, TF5B, TF5BW, TF8GX, TF8SM og TF8YY.

Nýjasta einkanúmerið er TF8YY, kallmerki Garðars Valbergs Sveinssonar, sem óneitanlega fer vel á hvaða bifreið sem er. Það var skráð á afmælisdag Garðars þann 8. júlí 2020.

Garðar Valberg Sveinsson TF8YY hampar nýju einkanúmeri sem XYL færði honum óvænt á 70 ára afmælisdaginn þann 8. júlí 2020. Ljósmynd: Egill Ibsen, TF3EO.

HANDHAFAR DXCC ÁRIÐ 1953

Upplýsingar komu fram í maí 2020 um sex ný TF kallmerki sem voru handhafar DXCC viðurkenningarinnar þegar fyrir 67 árum. Þetta kemur m.a. fram í viðtali sem birtist í Alþýðublaðinu 10. janúar 1953 við þáverandi formann ÍRA, Ásgeir Magnússon, TF3AB. Nöfn og kallmerki:

- Árni Egilsson, TF3AR.
- Einar Pálsson, TF3EA.
- Hannes Thorsteinsson, TF3ZM.
- Sigurður Finnbogason, TF3SF.
- Ingi Sveinsson, TF5SV (síðar TF3SV og TF3C).
- Þórhallur Pálsson, TF5TP.

Í 1. tbl. CQ TF 2021 er birt uppfærð DXCC staða TF stöðva 22. janúar 2021. Þar koma fram alls 17 íslensk kallmerki. Í ljósi þessara nýju upplýsinga er ljóst, að heildarfjöldi TF kallmerkja, sem eru handhafar DXCC, er a.m.k. 23 talsins. Þakkir til Kristjáns Benediktssonar, TF3KB, fyrir þessar upplýsingar.

Í CQ TF 2. tbl. 2018 er grein um CQ World Wide DX keppnirnar í 70 ár, en fyrsta CQ WW DX keppnin var haldin árið 1948. Keppnirnar voru þá strax í tveimur hlutum, þ.e. á tali og á morsi. RTTY keppnin kom síðar. Strax fyrsta árið tóku sum af ofnanefndum kallmerkjum þátt í CQ WW, sumir í báðum hlutum. Vefslóð á greinina 2. tbl. 2018, bls. 26:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/07/cqtf_32arg_2018_02tbl.pdf

Ljósmyndin er af Einari Pálssyni TF3EA, fyrsta formanni ÍRA, í fjarskiptaherbergi sínu árið 1955. Sjá má m.a. áhugaverðar og þekktar fjarskiptaviðurkenningar sem prýða veggi herbergisins.

9A. Ákvarðanir PFS 2019 og úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2020

BRÁÐABIRGÐAÁKVÖRÐUN PFS NR. 17/2019; ÁKVÖRÐUN PFS NR. 24/2019; OG ÚRSKURÐUR HÉRAÐSDÓMS REYKJAVIKUR 8. JÚLÍ 2020

9A.1 Inngangur; úrskurður héraðsdóms 2020.
Á starfsárinu 2020/21 féll úrskurður í Héraðsdómi Reykjavíkur 8. júlí, í máli Bjarna Sverrissonar, TF3GB gegn íslenska ríkinu; Mál nr. E-7441/2019. Málið var þingfest 19. desember 2019 en tekið til dóms 10. júní [2020] að lokinni aðalmeðferð. Niðurstaða: Málinu var vísað frá dómi án kröfu.



Félagið kom óbeint að máli Bjarna heitins að hans eigin ósk á fyrra starfsári (2019/20). Engu að síður hlaut mál hans viðamikla umfjöllun í stjórn ÍRA (sbr. fundargerðir); enda truflanir mál sem snertir alla leyfishafa.

Meðal annars var boðað til sérstaks kynningar- og umræðufundar í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 5. september 2019 og var fundurinn fjölsóttur. Aðkoma EMC nefndar félagsins var jafnframt að málinu, eins og aðstæður frekast leyfðu. Loks voru félagsmenn upplýstir um málið á heimasíðu og FB síðum frá fyrsta degi þegar stjórn félagsins varð áskynja um vanda Bjarna, sem og jafn óðum og einhver þróun varð í málinu til frásagnar. Bjarni Sverrisson, TF3GB, lést eftir erfið veikindi 15. september 2020.

Hér að neðan eru birt opinber gögn málsins ásamt kynningu félagsins á hverjum tíma:

- Bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019; 16. júlí 2019.
- Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 24/2019; 29. október 2019.
- Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 2020.

9A.1.1 Inngangur; ákvarðanir PFS 2019.
Athygli stjórnarmanna ÍRA var vakin á bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar þann 22. ágúst (2019). Ákvörðun stofnunarinnar var dagsett 16. júlí 2019.

Í framhaldi ákvað stjórn félagsins, í samráði við EMC nefnd ÍRA, að efna til kynningar- og umræðufundar í Skeljanesi 5. september í tilefni bráðabirgðaákvörðunarinnar. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, formaður EMC nefndar hafði framsögu og fór yfir ákvörðunina, sem varðar kvörtun vegna truflana frá radíóamatör á sjónvarpsmóttöku og gæðum nettengingar hjá nágranna hans.

Við mælingar tæknideildar PFS á vettvangi var truflunin staðfest. Ekki kemur fram að búnaði leyfishafa sé áfátt, en ýmislegt fannst sem betur mátti fara hjá nágrannanum, sem m.a. varðar VDSL fastlínusamband (tengingar í götuskáp), aðrar tengingar og tækjabúnað hans. Málið er ekki einfalt, því sem dæmi kom m.a. fram, að radíóamatörinn var beðin um að vera ekki í loftinu í eina viku (sem hann samþykkti), en á þeim tíma komu áfram fram truflanir hjá nágrannanum. Alls mættu 30 félagsmenn í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.

Þann 29. nóvember 2019 bárust síðan fregnir af birtingu Ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 24/2019 á heimasíðu stofnunarinnar, sem var dagsett 29. október. Samkvæmt ákvörðuninni, var viðkomandi radíóamatör gefin fyrirmæli um að hætta útsendingum frá stöð sinni á tíðnisviðunum 3,5-3,8 MHz, 7,0-7,2 MHz og 14,0-14,35 MHz. Fyrirmælin tóku gildi þann 1. desember og verða í gildi þar til nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar á viðkomandi fjarskiptabúnaði.

Viðkomandi leyfishafi sætti sig ekki við ákvörðun PFS og leitaði til lögfræðinga með málarekstur í huga gegn stofnuninni. Annar félagi ritaði stjórn félagsins erindi 13. nóvember (2019) með fyrirspurn „...til að kanna og óska eftir hvort stjórn ÍRA sjái sér fært að hlaupa undir bagga að veita honum fjárhagslegan stuðning ef með þarf".

Erindið var formlega tekið fyrir á stjórnarfundi þann 11. desember þar sem fjárhagsstuðningi til málareksturs úr félagssjóði var hafnað.

Hins vegar segir í niðurlagi bókunar sem gerð var: „*Hins vegar vill stjórnin eftir mætti stuðla að því að þetta mál leysist. Til þess þarf væntanlega aðgerðir beggja deiluaðila. Stjórnin lýsir sig reiðubúna til þess að félagssjóður borgi endurbætur á tækjum, loftnetum, flutningslínum eða öðrum búnaði sem gætu leitt til þess að truflunum verði eytt og málið verði þar með úr sögunni. Stjórnin er einnig reiðubúin til þess að kosta hugsanlegar endurbætur á lögnum eða búnaði í húsi nágrannans. Auk þess er stjórnin reiðubúin að beita sér fyrir því að veita NN allan þann tæknilega stuðning sem hægt er að ná fram hjá félagsmönnum til þess að leysa þetta mál, t.d. með mælingum eða vinnu við að prófa aðra tilhögun loftneta eða annars búnaðar*".[29]

9A.2. ÁKVÖRÐUN PFS NR. 17/2019 (BRÁÐABIRGÐAÁKVÖRÐUN)

Eftirfarandi Ákvörðun (bráðabirgðaákvörðun) Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar, dagsett 16. júlí 2019, var birt á heimasíðu stofnunarinnar 21. ágúst 2019.

9A.2.1 Reifun, birt á heimasíðu PFS.

Póst- og fjarskiptastofnun barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum. Í erindinu kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem að væri radíóáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar kvartanda. Krafa kvartanda laut að því að framkvæmd yrði úttekt og lausn yrði fundin á málinu. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radíóútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum á VDSL línu kvartanda. Radíóáhugamaður taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og að útsendingar hans væru innan þeirra tíðnisviða sem að honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi.

Með bráðabirgðaákvörðun þessari takmarkar PFS heimild radíóáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Stofnunin vísar til þeirrar undirstöðuregla að fjarskiptavirki nýtur forgangs þegar kemur að því að notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að

[29] Sjá nánar bókun í Viðauka-A með skýrslu þessari; fundargerð 7. stjórnarfundar starfsárið 2019/20.

ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e. truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga.

Radíóáhugamanni var því gert að takmarka útgeislað afl sendistöðvar sinnar á tilteknum tíðnisviðum. Með tilliti til sjónarmiða um meðalhóf þótti stofnuninni rétt að láta þau fyrirmæli gilda tímabundið, svo að hægt væri að nota sendibúnaðinn og radíóáhugamanni gæfist ráðrúm til að gera ráðstafanir sem að leystu truflanavandann.

9A.2.2 Ákvörðunarorð PFS.

1. Með vísan til 1 . mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 4. mgr. reglugerðar nr. 348/2004 tekur PFS bráðabirgðaákvörðun, með stoð í 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst og fjarskiptastofnun, um að [...], til heimilis að [...], takmarki útgeislað afl sendistöðvar sinnar á tíðnisviðinu 3,5-3,8 MHz og 7,0-7,1 MHz við 20 W að hámarki. Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi til 2. mars. 2020.

2. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar.

Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Vefslóð á Ákvörðun PFS nr. 17/2019: https://www.pfs.is/urlausnir/akvardanir-pfs/

9A.3 ÁKVÖRÐUN PFS NR. 24/2019

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 24/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar, dagsett 29. október 2019, var birt á heimasíðu stofnunarinnar 29. nóvember 2019.

9A.3.1Reifun.

PFS barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum að heimili hans. Í erindi kvartanda kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem að væri radíóáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radíóútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum að heimili kvartanda. Radíóáhugamaður taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og að útsendingar hans væru innan þeirra tíðnisviða sem að honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi. Með bráðabirgðaákvörðun nr. 17/2019 takmarkaði PFS heimild radíóáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Í niðurstöðukafla bráðabirgðaákvörðunar sagði að sú ráðstöfun gæti orðið varanleg lausn á málinu, þ.e.a.s. ef að radíóáhugamaður gerði ekki aðrar ráðstafanir til úrbóta á gildistíma ákvörðunarinnar eða þær skiluðu ekki árangri, annars væri óhjákvæmilegt fyrir stofnunina að grípa til frekari

aðgerða. Eftir gildistöku bráðabirgðaákvörðunarinnar bárust PFS fleiri tilkynningar frá kvartanda um fjarskiptatruflanir.

Að lokinni vettvangsathugun var það mat PFS að fyrirmæli bráðabirgðaákvörðunarinnar hefðu ekki skilað árangri og truflanirnar væru enn til staðar. Stofnunin leit svo á að um truflanir í skilningi 64. gr. fjarskiptalaga væri að ræða en samkvæmt ákvæðinu, ef um skaðlega truflun er að ræða, ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi truflunarvaldinn. PFS taldi sýnt að fjarskipti að heimili kvartanda yrðu áfram í hættu ef sendingar radíóáhugamanns héldu áfram á ákveðnum tíðnisviðum. Að mati stofnunarinnar var því nauðsynlegt að setja takmörkun á heimild radíóáhugamanns við útsendingar úr sendistöð sinni. Stofnunin gerði því honum að stöðva útsendingar á tilteknum tíðnisviðum þar til að hann hefði gert varanlegar ráðstafanir á tækjabúnaði sínum. PFS þótti rétt að láta þau fyrirmæli taka gildi nokkru síðar en með því gæfist radíóáhugamanni ráðrúm til að gera slíkar ráðstafanir. Úrbæturnar þyrfti að bera undir stofnunina til samþykktar áður en útsendingar mættu hefjast aftur á viðkomandi tíðnisviðum.

9A.3.2 Ákvörðunarorð PFS.
1. Með vísan til 1 . mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 13. mgr. reglugerðar nr. 348/2004, um starfsemi radíóáhugamanna, ber [...], til heimilis að [...], að hætta útsendingum úr sendistöð sinni á tíðnisviðunum 3,5-3,8 MHz, 7,0-7,2 MHz og 14,0-14,35 MHz. Fyrirmæli þessi taka gildi þann 1. desember 2019 og verða í gildi þar til nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar á viðkomandi fjarskiptabúnaði.

2. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunar-innar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferð.

Vefslóð á Ákvörðun PFS nr. 24/2019:
https://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/Akv_PFS_nr_24_2019_fjarskiptatruflanir.pdf

9A.4 ÚRSKURÐUR HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR 8. JÚLÍ 2020.

Athygli stjórnarmanna ÍRA var vakin á því þann 13. júlí, að úrskurður hafi fallið í Héraðsdómi Reykjavíkur 8. júlí, í máli Bjarna Sverrissonar, TF3GB gegn íslenska ríkinu; Mál nr. E-7441/2019. Málið var þingfest 19. desember 2019 en tekið til dóms 10. júní s.l. að lokinni aðalmeðferð. Niðurstaða: Málinu var vísað frá dómi án kröfu.

9A.4.a Niðurstaða dómsins.
„Af ofangreindu er ljóst að erindi nágranna stefnanda varð Póst- og fjarskiptastofnun tilefni þess að taka til athugunar hvort útsendingar stefnanda yllu skaðlegum truflunum á fjarskiptum að heimili nágrannans í skilningi 1. mgr. 64. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, og hvort ástæða væri til þess að stofnunin gripi til íhlutunar af þeim sökum á grundvelli heimilda sinna samkvæmt sömu lögum.

Er jafnframt ljóst að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 29. október 2019 byggist á því að útsendingar stefnanda hafi valdið truflunum á fjarskiptum á heimili nágrannans. Verður því ekki annað séð af gögnum málsins en að nágranni stefnanda hafi átt verulegra, einstaklingslegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Í ljósi þessa er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi þurft að gefa nágranna sínum kost á því að taka til varna í dómsmálinu sem hér er til meðferðar. Þar sem þetta var ekki gert er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi án kröfu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála“.

Vefslóð: https://www.heradsdomstolar.is/domar/domur/?id=56216ad9-d72d-4e7e-b34e-88e680831264

ÚR FÉLAGSSTARFINU 2018.

Skeljanesi 28.7.2018. Erling Guðnason TF3EE stillir VFO'inn á Icom IC-7610 stöð félagsins. Ljósmynd: TF3JB.

Skeljanesi 30.6.2018 í fjarskiptaherbergi ÍRA. Frá vinstri: Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Páll B. Jónsson TF8PB, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Jón G. Guðmundsson TF3LM. Ljósmynd: TF3JB.

ÚR FÉLAGSSTARFINU 1979.

Félagsstöðin, TF3IRA, var virkjuð í báðum hlutum CQ World Wide DX keppninnar árið 1979, þ.e. á SSB og CW. Þetta var í fyrsta skipti sem þátttaka var frá nýrri félagsaðstöðu ÍRA að Dugguvogi 1.b í Reykjavík, eftir flutninga árið áður. Ástæða þess að þetta er rifjað upp hér er að Kristján Benediktsson, TF3KB fann nýlega hjá sér nokkrar ljósmyndir frá þessum keppnum árið 1979 sem eru birtar hér á eftir.

Yngvi Harðarson TF3Y við tækin í CQ WW DX SSB keppninni í fjarskiptaaðstöðu TF3IRA í október 1979. Á myndinni er m.a. félagsstöð TF3IRA sem þá var glæný, Yaesu FT-10IZD.

Eina myndin sem vitað er um úr CW hluta keppninnar 1979. Það er Kristinn Andersen TF3KX sem hlustar á R.L. Drake TR4.

Gísli G. Ófeigsson TF3G og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA leita margfaldara í SSB keppninni í smíðaaðstöðu félagsins. Gísli situr við R.L. Drake TR4 stöð og Sæmundur við Kenwood TS-520.



Jónas Bjarnason TF3JB leitar margfaldara í smíðaaðstöðunni í Dugguvogi ásamt Gísla TF3G. Hann situr við Heathkit SB-102 og til hliðar við Gísla er Yaesu FT-101E stöð. Ljósmyndir: TF3KB.

10. Endurvarpar, stafvarpar, radíóvitar

70.000-70.250 MHZ, 144-146 MHZ OG 430-440 MHZ

10.1 YFIRLIT

Á starfsárinu 2020/21 voru alls starfræktir sex FM endurvarpar í metrabylgjusviðinu (VHF), tveir endurvarpar í sentímetrabylgjusviðinu (UHF), sjö stafvarpar og/eða internetgáttir í metrabylgjusviðinu (VHF) og tveir radíóvitar í metrabylgjusviðinu (VHF).

Endurvarpar í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1RPB – Bláfjöll.
- TF1RPE – Búrfell.
- TF2RPJ – Mýrar.
- TF3RPA – Skálafell.
- TF3RPK – Skálafell.
- TF5RPD – Vaðlaheiði.

Endurvarpar í sentímetrabylgjusviðinu (UHF):

- TF3RPI – Bláfjöll (stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR fjarskiptakerfið).
- FM hlekkur – Bláfjöll (tengdur við TF2RPJ).

Stafvarpar og/eða internetgáttir í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1APA – Búrfell; stafvarpi (64°04.77' N 19°49.11' W).
- TF1APB – Reynisfjall; stafvarpi (63°24.85' N 19°01.70' W).
- TF1MT-1 – Landeyjar; stafvarpi/internetgátt (63°35.07' N 20°09.08' W).
- TF3IRA-1Ø – Reykjavík; stafvarpi/internetgátt (64°07.53' N 21°56.98' W) .
- TF3RPF – Reykjavík; stafvarpi (64°07.20' N 21°48.57' W).
- TF5SS – Akureyri; internetgátt (65°38.85' N 18°06.38' W).
- TF8APA – Grindavík; stafvarpi (63°51.91' N 22°26.20' W).

Radíóvitar í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1VHF á 50 MHz – Álftanes á Mýrum.
- TF1VHF á 70 MHz – Álftanes á Mýrum.

Vetrarmynd frá Bláfjölum 29. janúar 2021. Loftnet TF3RPB er í 690 metra hæð yfir sjávarmáli. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

FM endurvarpar, DSTAR endurvarpar, stafvarpar og radíóvitar starfræktir á starfsárinu 2019/20.

QRG, MHz	QRG inn	Tónn inn	QTH	Kallmerki	Hnit	Eigandi
FM ENDURVARPAR						
145.575	-0,6 MHz	88,5 Hz	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPK	HP94gf	TF3ML
145.600	-0,6 MHz	-	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPA	HP94gf	ÍRA
145.625	-0,6 MHz	-	Vaðlaheiði, 550 m. hæð yfir sjó	TF5RPD	IP05xr	ÍRA
145.650	-0,6 MHz	88,5 Hz	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF1RPB	HP93ex	TF3ML
145.700	-0,6 MHz	88,5 Hz	Búrfell, 669 m. yfir sjó	TF1RPE	IP04cb	ÍRA
145.750	-0,6 MHz	88,5 Hz	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF2RPJ	HP84wl	TF3ML
439.975	-7.0 MHz	-	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	Hlekkur 1)	HP93ex	TF3ML
DSTAR ENDURVARPAR						
439.950	-5,0 MHz	-	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF3RPI	HP93ex	TF3ML
STAFVARPAR						
144.800	-	-	Búrfell, 669 m. yfir sjó	TF1APA	IP04cb	TF1MT
144.800	-	-	Reynisfjall, 340 m. yfir sjó	TF1APB	HP93lw	APRS 2)
144.800	-	-	Landeyjar	TF1MT-1	HP93wo	TF1MT
144.800	-	-	Reykjavik (Skeljanes)	TF3IRA-1Ø	HP94ad	ÍRA
144.800	-	-	Reykjavík (Hraunbær)	TF3RPF	HP94cc	TF3JA
144.800	-	-	Akureyri (Kjarnaskógur)	TF5SS	IP05wp	APRS 2)
144.800	-	-	Þorbjarnarfell, 244 m. yfir sjó	TF8APA	HP83su	ÍRA
RADÍÓVITAR						
50.457	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML
70.057	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML

1) UHF hlekkur á 439.975 MHz tengdur við TF2RPJ.
2) APRS hópurinn.

10.1.1 ENDURVARPAR.

Líkt og fyrri ár, er ætíð töluvert um viðhalds- og viðgerðarvinnu í tengslum við þá endurvarpa sem standa félagsmönnum til boða. Sú vinna hefur að mestu lent á Ara Þór Jóhannessyni, TF1A, og ber að þakka honum og þeim sem hann hefur kallað til aðstoðar fyrir það verðmæta framlag í misjöfnum veðrum. Vinnan er öll í sjálfboðavinnu.

23. júlí 2020.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ gerðu góða ferð í Bláfjöll 23. júlí og settu upp nýtt Kathrein loftnet fyrir endurvarpann TF3RPB. Nýja loftnetið er samsett úr tveimur lóðréttum „folded“ tvípólum sem eru fasaðir saman.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A gengur frá Fæðilínunni við nýja Katherein loftnetið fyrir TF3RPB. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

Góðar niðurstöður létu ekki á sér standa og var merkið úr Bláfjöllum betra, bæði hjá TF1EIN í Hverageröi, TF2MSN á Akranesi, TF3IRA í Reykjavík sem og í bíl í Kömbunum og á Hellisheiði, þar sem áður var erfitt að halda sambandi.

23. júlí 2020 (síðdegis).
Þegar tíðindamaður hafði samband við þá félaga um kl. 16 (sama dag) voru þeir að nálgast fjallið Búrfell til að líta á endurvarpann TF3RPE sem ekki hafði verið QRV í nokkurn tíma. Niðurstöður úr ferðinni voru þær að endurvarpinn TF3RPE reyndist bilaður. Endurvarpinn var því tekinn niður og fluttur til Reykjavíkur til viðgerðar.

26. júlí 2020.
Samkvæmt upplýsingum frá Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A 26. júlí, er viðgerð lokið á Kenwood TKR-750 endurvarpsstöðinni sem flutt var til Reykjavíkur biluð þremur dögum áður. Ari er er bjartsýnn um að það verði ferð austur fljótlega og þá verður Búri tengdur á ný.

26. júlí 2020 (síðdegis).
Og af ferðinni varð síðdegis sama dag, 26. júlí. Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, Georg Kulp, TF3GZ og Árni Þór Ómarsson, TF3CE sem fóru austur og lögðu á fjallið Búrfell. Og nákvæmlega kl. 20:00 varð TF3RPE, Búri, QRV á ný. Ari sagði, að samhliða viðgerð tækisins hafi verið farið yfir allar stillingar þannig að endurvarpinn væri nú jafn góður, ef ekki betri, en þegar ÍRA keypti hann nýjan.

TF3RPE (Búri) notar endurvarpsstöð ÍRA sem er af gerðinni Kenwood TKR-750.

30. júlí 2020.
Endurvarpinn TF3RPK varð QRV á ný frá Skálafelli eftir uppsetningu bráðabirgðaloftnets. Þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ lögðu á fjallið 30. júlí.

Bráðabirgða VHF loftnetið er á horni hússins (fyrir ofan UHF loftnetið í ferhyrnda kassanum).Ljósmynd: TF1A.

TF1A stendur við skápinn sem hýsir Icom endurvarps-stöð TF3RPK. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

TF3RPK hafði verið úti frá því um páska (2020) þegar mikil ísing skemmdi fæðilínuna fyrir VHF loftnetið (en UHF hlekkurinn var í lagi). Ari sagði, að bráðabirgðaloftnetið tryggi virkni endurvarpans a.m.k yfir verslunarmannahelgina, eða lengur. Ráðgert er að Ólafur B. Ólafsson, TF3ML sláist í hópinn og þá verður gerð ferð á fjallið á ný vegna frágangs fyrir veturinn.

TF3RPK vinnur á 145.575 MHz. Inngangstíðnin er -600 Hz og tónn er 88,5 Hz. Tengingar eru með 430 MHz hlekk við endurvarpann í Bláfjöllum og á Mýrum.

12. ágúst 2020.
Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Ólafur B. Ólafsson TF3ML, Samúel Þór Hjaltalín, TF3SUT og Árni Þór Ómarsson, TF3CE gerðu ferð á Skálafell síðdegis þann 12. ágúst. Á dagskrá var, að koma loftneti endurvarpans TF3RPK í lag fyrir veturinn.

Í ljós kom, að fæðilína loftnetsins var verr á sig komin en menn höfðu talið, þannig að bráðabirgðaloftnetið sem sett var upp í ferð þeirra TF1A og TF3GZ á fjallið þann 30. júlí s.l., verður notuð áfram uns tækifæri gefst til að endurnýja kapalinn.

Að sögn Ara, voru aðstæður á fjallinu ekki þær hagstæðustu, þ.e. rigning, vindur og 3°C lofthiti. Áætlað er að ljúka verkefninu í næstu ferð, sem væntanlega verður farin fljótlega.

Á Skálafelli 12. ágúst áður en haldið var niður af fjallinu. Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT, Ólafur B. Ólafsson TF3ML og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A. Ljósmynd: Árni Þór Ómarsson TF3CE.

8. október 2020.
Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ gerðu ferð í Bláfjöll fimmtudaginn 8. október. Verkefnið var að gera endurvarpann TF3RPB kláran fyrir veturinn með því að lækka og ganga frá VHF loftneti stöðvarinnar, en mikil ísing er á fjallinu.

Strákarnir höfðu sett loftnetið upp þann 23. júlí s.l., sem er frá Kathrein, samsett úr tveimur lóðréttum „folded“ tvípólum sem eru fasaðir saman. Það hefur komið mjög vel út í sumar og haust, m.a. á stöðum sem höfðu áður verið í „skugga“.

Georg Kulp TF3GZ í Bláfjöllum 8. október. Búið að lækka loftnet TF3RPB. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

29. janúar 2021.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Bláfjöll 29. janúar. Verkefnið var að hækka og snúa loftneti VHF endurvarpans TF3RPB, til að reyna að losna við truflanir sem hafa komið inn á stöðina að undanförnu, en mikið RF svið er á fjallinu og þegar ísing er mikil, ber meira á truflunum.

Loftnetið var hækkað u.þ.b. um ¼λ og gerð breyting á bestri stefnu, ca. úr norðaustri í austur.

Georg var ánægður með ferðina þegar komið var niður af fjallinu og sagði, að nú þurfi félagarnir að vera duglegir að prófa endur-varpann til að staðfesta að truflanir hafi minnkað/horfið og verkefnið hafi tekist. Þakkir til Georgs fyrir ferð á fjallið um hávetur.

Myndin var tekin 29. janúar 2021. Greinilega má sjá hvernig ísingin sest á loftnetin. Ísing hefur áhrif á eigintíðnistillingu loftneta sem býður hættunni heim hvað varðar truflanir. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

10.1.2. STAFVARPAR OG INTERNETGÁTTIR.

Áframhaldandi uppbygging var gerð á APRS-IS kerfinu á starsárinu 2020/21 og komu m.a. þrír nýir APRS varpar til sögunnar. Það eru: TF1MT-1 í Landeyjum (13. júní), TF5SS á Akureyri (7. ágúst) og TF1APB á Reynisfjalli (21. ágúst). Auk þessa, var gerð tilraun með tengingu TF3IRA-1Ø við stærstu gerð VHF húsloftnets (20. desember). Tilraunin var gerð til bráðabirgða á meðan félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi er lokuð vegna Covid-19 faraldursins.

Það var APRS hópurinn sem vann að þessu verkefni líkt og fyrri ár. Það eru einkum þeir Magnús Ragnarsson, TF1MT, Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, Jón Þ. Jónsson, TF3JA, Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT og Árni Þór Ómarsson TF3CE. Öll vinna er unnin í sjálfboðavinnu, en ÍRA hefur kostað hluta af búnaði úr félagssjóði, m.a. Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi.

13. júní 2020.

Magnús Ragnarsson, TF1MT, setti upp APRS stöðina TF1MT-1, sem iGátt og W1 stafavarpa frá nýju QTH í Landeyjum. Búnaðurinn les vel merki frá Bláfjöllum, Búrfelli, Þorbirni og Reynisfjalli.

APRS búnaður TF1MT-1. Motorola GM-300 VHF stöð, Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og Kenwood PS-8 aflgjafi. Ljósmynd: Magnús Ragnarsson TF1MT.

Diamond VHF loftnet TF1MT-1. Ljósmynd: Magnús Ragnarsson TF1MT.

7. ágúst 2020.

APRS stafvarpinn TF5SS fór í loftið þann 7. ágúst, laust fyrir kl. 18.00. QTH er skáta-miðstöðin að Hömrum á Akureyri. Nýi stafvarpinn er viðbót við APRS-IS kerfið.

Það var Guðmundur Sigurðsson, TF3GS sem annaðist uppsetningu fyrir norðan en Magnús Ragnarsson, TF1MT sá um að stilla búnaðinn heiman að frá sér í Landeyjum.



APRS búnaður TF5SS á Akureyri. Sjá má m.a. Motorola GM-300 VHF stöð, Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og aflgjafa. Ljósmynd: TF3GS.

Guðmundur Sigurðsson, TF3GS sagði að prófanir á Akureyri lofi góðu með útbreiðsluna.

Búnaður TF5SS er Motorola GM-300 VHF stöð, Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/ I-gate og Procom 5/8λ VHF húsloftnet.

Procom 5/8λ VHF húsloftnetið sem TF5SS APRS stafvarpinn notar á Akureyri. Sjá má að staðsetningin er góð m.v. fjallatoppana í fjarlægð. Ljósmynd: Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

21. ágúst 2020.
APRS stafvarpinn TF1APB fór í loftið 21. ágúst 2020. QTH er Hraunshóll á Reynisfjalli í Mýrdal, sem er 340 metra yfir sjávarmáli. Loftnet er 2 fasaðir VHF tvípólar frá Kathrein.

Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Jón Þ. Jónsson TF3JA og Magnús Ragnarsson TF1MT sáu um uppsetningu. Guðmundur sagði, að nýi varpinn dekki þjóðveg 1 undir Eyjafjöllum og austur fyrir Vík. Fyrstu prófanir með 1W vita (*e. tracker*) austur á Hjörleifshöfða og á heimleið á Hvolsvöll hafi lofað góði.

Nýi stafvarpinn er viðbót við APRS-IS kerfið.

APRS búnaður TF1APB. Í kassanum eru m.a. Motorola GM-300 VHF stöð, Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og aflgjafi. Ljósmynd: Magnús Ragnarsson, TF1MT.

Stöðvarhús og loftnetsturnar á Hraunshóli á Reynisfjalli. Sjá má að staðsetningin er góð m.v. útsýni til nærliggjandi fjalla. Ljósmynd: Magnús Ragnarsson TF1MT.

Magnús Ragnarsson TF1MT og Guðmundur Sigurðsson TF3GS hafa borði hita og þunga af uppsetningu og þjónustu við APRS-IS kerfið á starfsárinu 2020/21. Mynd: Jón Þ. Jónsson TF3JA.

20. desember 2020.
TF3IRA-1Ø, APRS stöð félagsins, fékk stærra loftnet til afnota þann 20. desember. Það er Diamond X-700HN VHF/UHF húsloftnet sem er 7.20 metrar á hæð, samsett úr fjórum "stökkuðum" 5/8 netum, með 9.3 dBi ávinning á VHF.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A annaðist breytinguna í samráði við Guðmund Sigurðsson, TF3GS VHF stjóra ÍRA.

Hugmyndin er að prófa þetta fyrirkomulag á meðan félagsaðstaðan er lokuð vegna Covid-19 faraldursins, a.m.k. fram í febrúar 2021 þegar líkur eru á að hægt verði að opna félags-aðstöðuna í Skeljanesi á ný.

Myndin var tekin 16. ágúst 2020 þegar Georg Kulp TF3GZ setti upp og gekk frá Diamond X-700HN VHF/UHF loftneti TF3IRA í Skeljanesi. Loftnetið er 7,20 metrar á hæð og ávinningur á VHF er 9.3 dBi. Ljósmynd: TF3JB.

APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø, er fyrir miðju á myndinni. Stöðin er Icom IC-208H, 5-55W VHF/UHF FM stöð. APRS búnaður: GW-1000 (APRS Total Solution) frá CG-Antenna og aflgjafi frá MW. Ljósmynd: TF3JB.

10.1.3 RADÍÓVITAR Á 50 OG 70 MHZ.

Radíóvitarnir TF1VHF voru virkir á starfsárinu 2020/21. Vitarnir, sem báðir nota sama kallmerki, vinna annars vegar á 50.457 MHz (á 6 metrum) og hins vegar á 70.057 MHz (á 4 metrum). Búnaður er staðsettur í húsi Neyðarlínunnar í Álftanesi á Mýrum. Vitarnir eru tengdir við sitt hvorn ½λ tvípólinn í loftnetsturni á staðnum; 50 MHz loftnetið er lárétt í 26m og 70 MHz netið er lóðrétt í 16m.

Radíóvitarnir eru búnir 25W sendum. Tegund útgeislunar er þrískipt, þ.e. A1A, hefðbundin burðarbylgja og PI4 (Pharus-Ignis-4 digital modulation (MGM) for beacon purposes). Þeir voru hannaðir og smíðaðir af hópi danskra radíóamatöra, undir stjórn Bo Hansen, OZ2M. Radíóvitarnir voru fjármagnaðir af og eru í eigu Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML.

Vert er að rifja upp, að radíóvitarnir fóru í loftið þann 12. maí 2018. Þeir Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT, Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 önnuðust uppsetningu og frágang búnaðar.

Í samtali við Ólaf B. Ólafsson, TF3ML í febrúar 2021 sagði hann m.a., að sérsmíðaður radíóviti fyrir 2 metra bandið (einnig af OZ2M og félögum) sé tilbúinn. Hann stefnir að uppsetningu sumarið 2021.

Loftnet radíóvitanna TF1VHF á 6 metrum og 4 metrum eru í 26 metra hæð annars vegar og 16 metra hæð hins vegar. Það er Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT sem sést uppi í turninum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Radíóvitarnir TF1VHF eru hannaðir og smíðaðir af radíóamatörum í Herlev í Danmörku undir stjórn Bo OZ2M. Mynd: TF3ML.

11. Erlendir gestir í Skeljanesi

Á hverju starfsári heimsækir félagið fjöldi erlendra radíóamatöra í Skeljanes. Margt bendir til að það sé þó ekki nema hluti þeirra leyfishafa sem ferðast til landsins. Radíóamatörar eru nefnilega eins og annað fólk, stundum hentar ekki að binda sig tiltekinn vikudag í borginni til að koma í heimsókn í Skeljanes eða að einhverjar aðrar ástæður ráða, oft samferðafólk.

Á starfsárinu 2020/21 komu hins vegar engir erlendir gestir í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanes fyrir áhrif Covid-19 faraldursins, enda lítið um ferðalög um heiminum á starfsárinu, þ.á.m. til og frá Íslandi. Það lýsir ástandinu vel, að stærstu viðburðum á vettvangi áhugamálsins var aflýst vegna veirunnar, þ.e. Ham Radio 2020 sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi, Dayton Hamvention Dayton 2020 í Ohio í Bandaríkjunum og Tokyo Hamfest 2020 í samnefndri höfuðborg Japans.

Ákveðið var, engu að síður, að halda þessu kaflaheiti inni í skýrslunni, enda við því að búast að bólusetning muni opna fyrir ferðalög, þ.á.m. radíóamatöra, á nýju starfsári 2021/22.

Heiðursgestur í jólakaffi ÍRA, viðhafnarkaffi, þann 20. desember 2018, var Guttormur Guðmundsson VE8TF. Hann hefur verið búsettur í Kanada í meir en 40 ár. Með honum á mynd er Guðmundur Sigurðsson TF3GS. Ljósmynd: TF3JB.

Til upprifjunar, fylgir stutt yfirlit yfir heimsóknir erlendra leyfishafa og annarra gesta til ÍRA síðustu tvö starfsár.

Starfsárið 2018/19 komu alls 23 erlendir gestir í Skeljanes, þar af 20 leyfishafar.[30] Kallmerki: DH4GIG (YL), DL1MHJ, ES6JAN, HB9CPS, HB9GUR, K3EST (og XYL), K4KJN (YL), K6TXT (og XYL), N1SOH, OH1EG, OH1KDT, OH2BBM, OH2LAK, PA3L, RA1AUW (YL), VE2DX (og XYL), VE8TF, W6NV, WØAIH og WØPXM (YL).

Starfsárið 2019/20 komu alls 11 erlendir gestir í Skeljanes, þar af 10 leyfishafar.[31] Kallmerki: DL8SCU, EA/TF3CW, EI8JB, KE1R, N1DSP (YL), OE6GEG/MØFEU, OH2LAK, OZ7AM, SQ9CNN og US5ETV (ásamt dóttur).

[30] Heimild: Ársskýrsla ÍRA 2018/19, bls. 83-89.
[31] Heimild: Ársskýrsla ÍRA 2019/20, bls. 107-112.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

TF5B með yfir 30.000 QSO á árinu 2020.
Brynjólfur Jónsson, TF5B hafði alls **30.103 QSO** á árinu 2020. Samböndin voru öll höfð á FT8 samskiptareglum undir MFSK mótun. Fjöldi DXCC eininga varð alls 156 og fjöldi staðfestra DXCC eininga alls 151. Forskeyti voru alls 1.956 og CQ svæði 39.

Þess má geta að Billi missti niður hluta loftneta sinna um miðjan desember 2019 og varð ekki að fullu QRV á ný fyrr en í maímánuði (2020) þegar voraði á ný.

Flest sambönd voru höfð á 30 metrum, eða 8.729. Þrjú bönd voru með ámóta mikinn fjölda sambanda, þ.e. 40 metrar 5.159 QSO; 20 metrar 6.391 QSO og 17 metrar 5.128 QSO.





Skipting sambanda: Evrópa 23.819 QSO, N-Ameríka 2.982 QSO, Asía 2.643 QSO, Afríka 140 QSO, S-Ameríka: 263 QSO og Eyjaálfa: 256 QSO.

Brynjólfur Jónsson, TF5B er handhafi G-leyfisbréfs nr. 125.

Loftnet TF5B eftir viðgerð í maí 2020. Fritzel FB-33, 3 staka Yagi loftnet fyrir 14, 21 og 28 MHz; Fritzel tvípóll fyrir 10, 18 og 24 MHz; Hamstick tvípóll (láréttur) fyrir 3.5 MHz; Ham stick tvípóll (láréttur) fyrir 1.8 MHz og Diamond X-30 stangar loftnet fyrir 144/430 MHz. Ljósmynd: Brynjólfur Jónsson TF5B.

12. Gjafir til ÍRA

FJARSKIPTABÚNAÐUR, RADÍÓDÓT, HÚSMUNIR OG FLEIRA

Á hverju starfsári berast félaginu gjafir. Hér á eftir er leitast við að gefa stutt yfirlit yfir gjafir og gefendur á starfsárinu 2020/21. Þar á meðal eru gjafir, þar sem félagsmenn vilja ekki láta nafns síns getið. Stjórn félagsins þakkar velvilja félagsmanna.

12.1 Vegleg gjöf til félagsins frá TF3EO (6. desember).
Stjórn ÍRA tók á móti veglegri gjöf til félagins sunnudaginn, 6. desember. Það var félagsmaður okkar, Egill Ibsen, TF3EO sem færði félaginu að gjöf sambyggða sendi-/móttökustöð, G90 frá Xiegu.

Egill hafði m.a. á orði, að hann væri vel settur með fjarskiptabúnað sjálfur og langaði að gefa ÍRA stöðina með það fyrir augum að félagið gæti t.d. lánað hana til nýrra leyfishafa eða ráðstafað á annan hátt.

Egill Ibsen TF3EO afhenti gjöfina á heimili formanns ÍRA í Reykjavík sunnudaginn 6. desember. Ljósmynd: TF3JB.

G90 er 20W sendi-/móttökustöð sem vinnur á öllum amatörböndum, frá 160-10m (þ.m.t. 60m). Hún vinnur á SSB, CW, AM og stafrænum tegundum útgeislunar (FT8 o.fl.). Stjórnborð er búið 1.8“ TFT LCD litaskjá og er frátengjanlegt. Með tækinu fylgir m.a. Xiegu CE-19 „*Data Interface Expansion Card*“ ásamt öllum snúrum. Forrit í stöðinni eru uppfæranleg í gegnum netið. Tækið lítur út eins og nýtt enda ekki mikið notað.

Stjórn ÍRA þakkar Agli Ibsen, TF3EO velvilja og rausnarlega gjöf til félagsins sem kemur í góðar þarfir.

Xiegu G90 er 20W HF SDR sendi-/móttökustöð sem vinnur á öllum amatörböndum frá 1.8 til 29.7 MHz. Ljósmynd: Xiegu.

12.2 Radíódót frá TF3BM (20. febrúar).

Opið hús var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 20. febrúar. Hans Konrad Kristjánsson, TF3FB færði félaginu radíódót með kveðju frá frá Bjarna Magnússyni, TF3BM, sbr. myndir. Bestu þakkir til Bjarna fyrir hugulsemina.

Nýtt dót frá TF3BM kom í hús 20. febrúar, m.a. þetta viðtæki sem er fyrir 2-30 MHz. Ljósmynd: TF3JB.

Hluti af dóti frá TF3BM sem kom í hús 20. febrúar, m.a. hljóðnemar, síur og spennar. Ljósmynd: TF3JB.

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB sagði að það væri alltaf margt áhugavert sem kæmi frá TF3BM.
Ljósmynd: TF3JB.

12.3 Radíódót frá TF3BM (12. mars).

Félaginu barst radíódót frá Bjarna Magnússyni, TF3BM, þann 12. mars. Það var Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG, sem færði félaginu dótið með kveðju frá Bjarna, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Bestu þakkir til Bjarna fyrir hugulsemina.

Hluti af radíódótinu sem TF3FG færði félaginu frá Bjarna Magnússyni 12. mars.Meðal annars Motorola Mocom 35 VHF stöð.
Ljósmynd: TF3JB.

Hluti af radíódótinu sem TF3FG færði félaginu frá Bjarna Magnússyni 12. mars. Meðal annars tveir stórir AC/DC aflgjafar.
Ljósmynd: TF3JB.

12.4 Radíódót frá TF3BM (18. júní).
Félaginu bárust nokkrir kassar af radíódóti frá Bjarna Magnússyni, TF3BM, þann 18. júní. Það var Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG, sem færði félaginu dótið með kveðju frá Bjarna, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Bestu þakkir til Bjarna fyrir hugulsemina.

Radíódót sem Hans Konrad Kristjánsson TF3FG færði félaginu frá TF3BM. Sumt er nýtt og enn í plastinu. Ljósmynd: TF3JB.

Radíódót sem Hans Konrad Kristjánsson TF3FG færði frá TF3BM. Ljósmynd: TF3JB.

12.5 Borðfesting fyrir APRS stöð ÍRA frá NN (2. ágúst).
Stjórn félagsins tók á móti góðri gjöf til TF3IRA sunnudaginn 2. ágúst. Um er að ræða YAESU SMB-201, sem er sérhönnuð borðfesting með innbyggðri viftu og notast við ICOM IC-208H VHF/UHF APRS stöð félagsins, *TF3IRA-1Ø.*

SMB-201 þarf ekki að skrúfa niður í borðplötuna því hún er búin sérstökum gúmmífótum, sem gerir stöð og festingu mjög stöðuga. Þá er kæliviftan í borðfestingunni stærri en innbyggða viftan í IC-208H stöðinni, þannig að vart heyrist í henni þegar hún fer í gang. Stjórn ÍRA þakkar velvilja og góðan stuðning, en gefandi óskar að láta kallmerkis ekki getið.

Skeljanesi 2. ágúst 2020. YAESU FT-7900E og ICOM IC-208H stöðvar félagsins komnar á SMB-201 borðfestingar og "jafnvægi" ríkir á VHF/UHF borði TF3IRA. Ljósmynd: TF3JB.

Um er að ræða samskonar borðfestingu og félaginu var gefin 23. september 2019 til að nota við YAESU FT-7900E VHF/ UHF stöð TF3IRA og hefur reynst vel. Svo heppilega vill til, að Yaesu SMB-201 festingin smellpassar við ICOM IC-208H ARPS stöðina. Sami félagsmaður var gefandi þá og nú.

Á myndinni má sjá hvernig staðan var á VHF/UHF borðinu þar til síðari gjöfin var móttekin þann 2. ágúst 2020. Ansi mikil breyting þegar myndirnar eru skoðaðar til samanburðar. Ljósmynd: TF3JB.

12.6 Radíódót frá Raunvísindastofnun (20. ágúst).
Félaginu barst eftirfarandi tækjagjöf frá Raunvísindastofnun þann 20. ágúst:

- General Electric Delco MD-129A/GR; mótari og aflgjafi.
- Stewart-Warner T-282D/GR; 100W sendir.
- Hewlett-Packard; Model 6068 VHF Signal generator (10-420 MHz).

Jónas Bjarnason, TF3JB og Guðmundur Sigurðsson, TF3GS tóku á móti tækjunum fyrir hönd félagsins. Bestu þakkir til Raunvísindastofnunar fyrir hugulsemina.

Tækin frá Raunvísindastofnun. Guðmundur Sigurðsson TF3GS kemur einu þeirra fyrir í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Skeljanesi 20. ágúst. Tækin komin í hús og sett til á borðin í ganginum inn í húsið til að byrja með. Ljósmynd: TF3JB.

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands er staðsett við Dunhaga í Reykjavík.

12.7 Radíódót frá TF3BM (8. september).
Félaginu bárust kassar af radíódóti frá Bjarna Magnússyni, TF3BM, þann 8. september. Það var Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG, sem færði félaginu dótið með kveðju frá Bjarna, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Bestu þakkir til Bjarna fyrir hugulsemina.



Dótið sem TF3FG færði í hús frá TF3BM 8.9.2020 er ofaná og til hliðar við stóru tækin tvö. M.a. Hitachi hleðsluborvél í tösku (til vinstri), Fluke fjölsviðsmælir og Motorola HT-500 VHF handstöðvar. Ljósmynd: TF3JB.

Nærmynd til glöggvunar af hluta dótsins sem TF3FG færði félaginu frá TF3BM 8.9.2020. Ljósmynd: TF3JB.

12.8 Þakmálning fyrir Skeljanes frá TF2BE (16. október).
Stjórn ÍRA tók á móti góðri gjöf til félagsins þann 16. október. Um er að ræða 25-30 lítra af þakmálningu.

Félagsmaður okkar, Gunnar Bergþór Pálsson, TF2BE hafði samband og sagðist eiga þakmálningu afgangs. Hann sagðist hrifinn af framtaki félaganna við að mála húsið í Seljanesi í sumar og óskaði að leggja sitt af mörkum og gefa félaginu þakmálningu ef ske kynni að hugmyndir væru uppi um að mála þakið líka. Á meðfylgjandi mynd hafði verið tekið á móti gjöfinni og málningardósirnar undirbúnar til flutnings í Skeljanes. Stjórn ÍRA þakkar velvilja og góðan stuðning Gunnars.

Málningin móttekin og undirbúin til flutnings í Skeljanes 16. október. Ljósmynd: TF3JB.

12.9 QSL kort fyrir TF3WARD frá NN (28. október).
Í byrjun nóvembermánaðar hannaði Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS nýtt QSL kort fyrir kallmerki ÍRA, TF3WARD og var Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri ÍRA með í ráðum.

Ákveðið var að prenta upplag af kortinu til bráðabirgða til að afgreiða fyrirliggjandi beiðnir og fékk Mathías kortin afhent í dag, 28. október. Ársæll Óskarsson, TF3AO mun síðan hafa milligöngu um prentun kortsins hjá Gennady, UX5UO í vor. Svo skemmtilega vill til, að félagsmaður sem sem óskar að láta nafns síns ekki getið, annaðist prentunina á eigin kostnað. Stjórn ÍRA þakkar gott framlag.


ITU zone 17; CQ zone 40; Grid Sq. HP94ad; IOTA EU-021; E-mail address: ira@ira.is

TF3WARD

A special event station of Icelandic Radio Amateurs, ÍRA, commemorating World Amateur Radio Day on April 18, on which day the International Amateur Radio Union was formed in 1925.

Icelandic Radio Amateurs, P.o. Box 1058, 121 Reykjavík, Iceland

Confirming QSO with amateur radio station:

Station:	DD/MM/YY	HH:MM	MHz	RPRT	MODE
					Two way

73 de

Kallmerkið verður næst virkjað 18. apríl 2021 á Alþjóðadag radíóamatöra og er til skoðunar að félagsstöðin verði jafnvel virkjuð fleiri daga heldur en eingöngu á afmælisdaginn sjálfan.

Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjóri ÍRA fékk nýju QSL kortin fyrir TF3WARD afhent 28. október. Ljósmynd: TF3JB.

12.10 QSL kort frá aðstandendum TF3S (21. nóvember).
Aðstandendur Stefáns Þórhallssonar, TF3S komu kassa með QSL kortum á framfæri við stjórn félagins 21. nóvember. Um er að ræða nokkur hundruð DX kort og 12 kort frá íslenskum leyfishöfum; staðfest sambönd frá 1950-2015 eða í 65 ár, en Stefán lést árið 2015.

Hluti af kortunum sem bárust 21. nóvember. Eftir er að fara yfir öll kortin og flokka. Ljósmyndir: TF3JB.

Um er að ræða sambönd á tali (AM, SSB) og á morsi (CW). Töluvert er af áhugaverðum DX kortum og íslensku kortin eru frá 12 leyfishöfum: TF2KJ (80M CW 1977); TF3AR (20M CW 1952); TF3BB (80M CW 1968); TF3JJ (80M SSB 1969); TF3JX (15M CW 1981); TF3KX (80M SSB 1977); TF3MA (80M AM 1966); TF3NNN (80M CW 1978); TF3SG (20M CW 1981); TF5DC (80M SSB 1978); TF5GWN (80M CW 1977) og TF5TP (40M CW 1950).

Kortin eru fyrir sambönd TF2ST frá Lóranstöðinni í Vík í Mýrdal (1976), TF3ST/4U frá Genf í Sviss (1977) og TF3ST og TF3S frá Reykjavík (fyrir og eftir þær dagsetningar).

QSL kortin frá íslensku leyfishöfunum eru 12 talsins. Kortið frá föður Stefáns, Þórhalli Pálssyni TF5TP er t.d. frá árinu 1950.

QSL kortin munu liggja frammi í Skeljanesi næstu opnunarkvöld og verða síðan í vörslu stjórnar óski félagsmenn eftir að sjá þau og e.t.v. vinna úr þeim að einhverju leyti. Hugsanlegt er að meira af kortum hans muni berast félaginu. Bestu þakkir til aðstandenda. Þess má geta, að Stefán var leyfishafi nr. 28 og heiðursfélagi ÍRA. Faðir hans, Þórhallur Pálsson, TF5TP var einnig heiðursfélagi.

Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 og Stefán Þórhallsson TF3S fyrir utan heimilis Stefáns í Engihlíð í Reykjavík 15. maí 2013 þegar Baldvin sótti radíódót sem Stefán færði félaginu að gjöf.Mynd: TF3JB.

12.11 Stakt borð í sal frá NN (22. nóvember).

Hugulsamur félagsmaður hafði frumkvæði og lánað félaginu í septembermánuði (2020) stakt borð til að hafa við inngang í fundarsal í Skeljanesi til að láta liggja á andlitsgrímur og handspritt. Borðið kom þegar í góðar þarfir á opnunarkvöldi þann 17. september, enda mjög handhægt að hafa þessa hluti á þessum stað. Viðkomandi hafði samband við félagið á ný 22. nóvember og kvaðst vilja gefa félaginu borðið.



Umrætt borð í fundarsalnum í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Gjöfin var þegin með þökkum, en viðkomandi óskar ekki eftir að kallmerki hans verði gefið upp. Stjórn ÍRA þakkar velvilja og hugulsemi viðkomandi.

12.12 Kóax frá TF3FG (11.2.2021).

Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG færði félaginu veglegar hankir af kóax kapli á fyrsta opnunarkvöldi félagsaðstöðunnar í fimm mánuði, þann 11. febrúar 2021.

Um er að ræða RG-213 kóax og „hard-line“ fæðilínu, alls þrjár hankir, auk margskonar tölvudóts (sem margt er óopnað í „orignial“ umbúðum). Bestu þakkir til Hans Konrads Kristjánssonar, TF3FG.

Hans Konrad Kristjánsson TF3FG í ganginum niðri í Skeljanesi 11. febrúar. Ljósmynd: TF3JB.

12.13 Radíódót úr dánarbúi TF3GB (16. febrúar 2021).

Þór Þórisson, TF1GW hafði samband við stjórn félagsins þann 16. febrúar (2021) og kvaðst vilja bjóða ÍRA radíódót úr dánarbúi Bjarna Sverrissonar, TF3GB (SK), fyrir hönd fjölskyldunnar. Boðið var þegið með þökkum og kom Þór síðan við í Skeljanesi daginn eftir, 17. febrúar, með dótið.

Þór Þórisson TF1GW kominn í Skeljanes með dótið sem bíður þess að vera flutt inn í húsið. Ljósmynd: TF3JB.

Að stærstum hluta er um að ræða vel nothæfa hluti og sumt er meira að segja nýtt í pakkningunum. Ennfremur tilsniðin loftnet og loftnetsþráð líkt og sjá má á meðfylgjandi ljósmynd.

Bestu þakkir til aðstandenda Bjarna heitins og til Þórs fyrir að hafa milligöngu um að koma munum til félagsins.

Skeljanesi 18. febrúar. Búið að taka dótið upp úr kössunum og raða á borð í salnum. Á opnunarkvöldi í félagsaðstöðunni þá um kvöldið bauðst viðstöddum að velja hluti samkvæmt forsendunni : „fyrstur kemur…fyrstur fær". Hver félagi mátti hafa með sér þrjá hluti úr húsi. Ljósmynd: TF3JB.

12.14 Radíódót frá TF3FG (23. febrúar 2021).

Hans Konrad Kristjánsson hafði samband og sagðist vilja gefa félaginu ýmiskonar radíódót sem mætti hugsa sér að félagsmenn vildu nota, t.d. við smíðar. Þegar til kom 23. febrúar var alls um að ræða 18 tæki, auk smærri pappakassa með margskonar dóti. Stærri tækin eru bæði stýribúnaður margskonar, mælitæki (HP), tölvubúnaður, þ.á.m. þrír stórir borðtölvukassar. Konni benti t.d. á, að aflgjafarnir og margt fleira væri nýtanlegt úr þeim, s.s. harðir diskar. Bestu þakkir til Hans Konrads TF3FG fyrir hugulsemina.

Skeljanesi 23. febrúar. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG virðir fyrir sér dótið eftir að búið var að bera það inn. Ljósmynd:TF3JB.

VIÐAUKI-A

Fundargerðir stjórnar ÍRA
starfsárið 2020-2021

Stjórnarfundir	Dagsetning	Fundarstaður	Bls.
Stjórnarskiptafundur	10. mars	Skeljanes	137
Fundur 1/2020	10. mars	Skeljanes	138
Fundur 2/2020	27. maí	Skeljanes	142
Fundur 3/2020	28. júlí	Skeljanes	145
Fundur 4/2020	8. september	Skeljanes	148
Fundur 5/2020	24. nóvember	Skeljanes	151
Fundur 6/2021	5. janúar	Skeljanes	155
Fundur 7/2021	2. febrúar	Skeljanes	159
Fundur 8/2021	2. mars	Skeljanes	163

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Guðrún Hannesdóttir TF3GD og OM TF3DX virkjuðu Hestfjall, SOTA TF/SL210 haustið 2020. Ljósmynd: TF3DX.

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX virkjar Hestfjall, SOTA TF/210 á morsi, haustið 2020. Ljósmynd. XYL TF3GD.

Íslenskir radíóamatörar, starfsárið 2020/21

Fundur nr. 1 í stjórn ÍRA; stjórnarskipta- og stjórnarfundur
haldinn í Skeljanesi þriðjudaginn 10. mars 2020 kl. 20:00.

Fráfarandi stjórn: Formaður TF3JB, varaformaður TF3DC, ritari TF2LL, gjaldkeri TF3PW, meðstjórnandi TF3GS og varamenn, TF3UA og TF1EIN.

Viðtakandi stjórn: Formaður TF3JB (endurkjörinn), TF3DC (kjörinn til 2 ára), TF3GZ (kjörinn til 2 ára), TF3GS (situr síðara tímabil), TF3PW (situr síðara tímabil) og varamenn, TF3UA og TF1EIN (endurkjörnir).

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar:

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
b. Fundargerð 8. fundar 2019/20 frá 3. febrúar lögð fram.
c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
e. Fundarslit.

Tillaga að dagskrá 1. stjórnarfundar (eftir fundarhlé).

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2020/21.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Stjórn skiptir með sér verkum.
4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

27.2.2020 Erindi frá TF1CB v/útkomu úr málarekstri gagnvart Reykjanesbæ v/kröfu um að taka loftnet niður.
27.2.2020 Erindi ÍRA til TF1CB með hamingjuóskum og þökkum fyrir send málsgögn til félagsins.
27.2.2020 Afrit af kæru TF1CB til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála v/málsins dags. 20.3.2019.
27.2.2020 Afrit af úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til TF1CB í málinu dags. 27.2.2030.
29.2.2020 Erindi frá RSK v/tilkynningar um raunverulega eigendur.
04.3.2020 Erindi frá RSK með eyðublaði nr. 17.28 fyrir félagasamtök.

5. Fyrirkomulag verkefna, önnur samskipti og fundartími/staður stjórnarfunda.
6. Aðalfundur félagsins 2020.
   (a) Fundargögn.
   (b) Kostnaður félagssjóðs.
   (c) Uppkast að fundargerð lagt fram.
7. Starfsáætlun 2020/21; fyrsta umfjöllun.
8. CQ TF, útgáfuáætlun 2020/21. Tillaga ritnefndar lögð fram.
9. Áhrif útbreiðslu kórónaveiru sem veldur CONVID-19 sjúkdómi á starfsemi ÍRA.
10. Önnur mál.
    (a) Tillaga um umsókn á kallmerkinu TF3WARD (World Amateur Radio Day) til PFS v/18. apríl n.k.
    (b) Undirritun eyðublaðs RSK 17.28 fyrir félagasamtök; tilkynning um raunverulega eigendur.
11. Næsti fundur stjórnar.
12. Fundarslit.

STJÓRNARSKIPTAFUNDUR.

A. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
Formaður, TF3JB, setti fund kl. 20:10 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3DC, TF2LL, TF3GZ, TF3PW, TF3UA og TF1EIN. TF3GS boðaði forföll vegna beiðni vinnuveitenda að forðast mannfagnaði vegna COVID 19. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

B. Fundargerð 8. fundar 2019/20 frá 3. febrúar lögð fram.
Fundargerð var samþykkt samhljóða.

C. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
Samþykkt að vísa útafstandandi málum til nýrrar stjórnar.

D. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
Formaður, TF3JB, þakkaði Georg Magnússyni, TF2LL, fyrir framúrskarandi gott samstarf og viðkynningu í stjórn félagsins s.l. tvö ár. Aðrir stjórnarmenn tóku undir með lófaklappi.

E. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, sleit stjórnarskiptafundi kl. 20:21.

Georg Magnússon, TF2LL,
Ritari.

1. FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn ÍRA starfsárið 2020/21.
Formaður, TF3JB, setti fund kl. 20:30 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3DC, TF2LL, TF3PW, TF3GZ, TF3UA og TF1EIN. TF3GS boðaði forföll vegna beiðni vinnuveitenda að forðast mannfagnaði vegna Covid-19.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða. TF2LL, fráfarandi ritari, féllst á að sitja fundinn og rita fundargerð.

3. Stjórn skiptir með sér verkum.
Ný stjórn félagsins er þannig skipuð starfsárið 2020/21: Formaður TF3JB, varaformaður TF3DC, ritari TF3GZ, gjaldkeri TF3PW, meðstjórnandi TF3GS og varamenn TF3UA og TF1EIN.

4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB, gerði grein fyrir innkomnum og útsendum erindum á tímabilinu frá síðasta stjórnarfundi [fráfarandi stjórnar] þann 3. febrúar.

5. Fyrirkomulag verkefna, önnur samskipti og fundartími/staður stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB, fór yfir fyrirkomulag sem verið hefur á stjórnarfundum, samráð um fundartíma, meðferð og kynningu gagna, merkingu þeirra o.fl. Samþykkt var að stjórnarfundir verði haldnir í Skeljanesi, en til greina kemur að halda sumarfund utan Reykjavíkur.

6. Aðalfundur félagsins 2020.
Aðalfundur félagsins 2020 var haldinn á Radisson BLU Hótel Sögu í Reykjavík, laugardaginn 15. febrúar. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, fundarstjóri og fundarritari. Mæting var

mjög góð, alls 42 félagar (41 kjörgengur og 1 ekki kjörgengur). Fundur var settur kl. 13:00 og slitið kl. 14:20.

Jónas Bjarnason, TF3JB, fráfarandi formaður ÍRA, flutti ársskýrslu stjórnar 2019/20. Jón Björnsson, TF3PW, fráfarandi gjaldkeri ÍRA, flutti ársreikning félagssjóðs 2019. Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður Prófnefndar ÍRA og Mathías Hagvaag, QSL stjóri ÍRA, fluttu starfsskýrslur. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA, kom sérstaklega til landsins í þeim tilgangi að sitja aðalfundinn. Hún flutti starfsskýrslu fyrir liðið tímabil og kynnti framtíðaráform um fjölgun yngra fólks í félaginu. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður VHF/UHF leika ÍRA, flutti kynningu á verkefninu og afhendi viðurkenningar félagsins til staðfestingar á nýju Íslandsmeti í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz. Þær féllu í skaut Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML og Garðars Valbergs Sveinssonar, TF8YY.

(a) Fundargögn aðalfundar.
Gögn sem lögð voru fram á aðalfundi ÍRA 2020:

- Dagskrá fundarins, samkvæmt 19. gr. laga félagsins.
- Útprentun á lögum félagsins.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2018/19.
- Ársreikningur ÍRA fyrir rekstrarárið 2019
- Upplýsingablað um Íslandsmet TF3ML og TF8YY í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz.
- Með í fundarmöppu aðalfundar fylgdu bílrúðulímmiðar með félagsmerki ÍRA.

(b) Kostnaður félagssjóðs.
Formaður, TF3JB, staðfesti að kostnaður vegna salarleigu á Hótel Sögu væri enginn fyrir félagssjóð vegna aðalfundar 2020, líkt og verið hafi vegna aðalfundar 2019 sem haldinn var á sama stað. Stjórnarmenn fögnuðu þessum upplýsingum.

Formaður, TF3JB, skýrði ennfremur frá því, að kostnaður vegna kaffiveitinga á aðalfundi 2020 væri enginn fyrir félagssjóð. Stjórnarmenn fögnuðu einnig þessum upplýsingum.

(c) Uppkast að fundargerð lagt fram.
Fundarritari aðalfundar 2020, TF3UA, lagði fram uppkast að fundargerð. Hann skýrði frá því, að aðalfundargerðin verði til birtingar í 2. tbl. CQ TF, sem er í samræmi við ákvæði í 23. gr. laga félagsins.

7. Starfsáætlun 2020/21; fyrsta umfjöllun.
Varaformaður, TF3DC, fjallaði um starfsáætlun 2020/21. Farið var stuttlega yfir starfsáætlun síðasta árs til kynningar. Hann óskaði eftir tillögum og ábendingum stjórnarmanna og mun vinna uppkast að nýrri áætlun í framhaldi. Uppkast verður síðan lagt fyrir stjórnarfund til samþykktar, svo unnt verði að kynna nýja áætlun í 3. tölublaði CQ TF í júní n.k. Ákvæði um gerð starfsáætlunar er í 9. gr. laga félagsins.

8. CQ TF, útgáfuáætlun 2020/21. Tillaga ritnefndar lögð fram.
Formaður, TF3JB, kynnti tillögu ritnefndar um útgáfuáætlun blaðsins á starfsárinu 2020/21, sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 19. febrúar. Samanber töflu.

TÖLUBLAÐ	AUGLÝST EFTIR EFNI	ÚTKOMUDAGUR
2. tbl. 2020	3-15. mars	Sunnudagur 29. mars
3. tbl. 2020	6.-16. júní	Sunnudagur 28. júní
4. tbl. 2020	4-15. september	Sunnudagur 27. september
1. tbl. 2021	4.-16. janúar	Föstudagur 29. janúar

Tillaga ritnefndar var samþykkt samhljóða. Ennfremur verði fylgt sömu reglu og fyrri ár, að prenta 25 eintök af hverju blaði til notkunar fyrir félagið.

Ritnefnd skipa: Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, umbrotsmaður; Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður.

9. Áhrif útbreiðslu Kórónaveiru sem veldur CONVID-19 sjúkdómi á starfsemi ÍRA.
Formaður, TF3JB, skýrði frá tilkynningu sem sett var á heimsíðu og Facebook síður að höfðu samráði við stjórn félagsins, þann 5. mars.

FLÓAMARKAÐI FRESTAÐ TIL 3. MAÍ

Stjórn ÍRA hefur ákveðið að fresta auglýstum flóamarkaði sem kynntur er á vetrardagskrá að verði haldinn sunnudaginn 8. mars.

Ástæðan er, ríkjandi aðstæður vegna útbreiðslu Kórónaveiru sem veldur CONVID-19 sjúkdómi, en tilfellin á Íslandi eru orðin alls 35.

Flóamarkaðir ÍRA hafa, síðustu ár, verið fjölsóttustu viðburðir félagsins og gjarnan hafa komið um og yfir 50 manns í Skeljanes. Ljóst er, þegar slíkur fjöldi mætir í salinn, verða mikil þrengsli. Leitað var til fagaðila um álit vegna þessa í dag og okkur ráðlagt að fresta viðburðinum, sé þess kostur.

Því hefur verið ákveðið að fresta flóamarkaði ÍRA 2020 til sunnudagsins 3. maí n.k. Eins leitt og það annars er að fresta viðburði, er það mat okkar að betra sé að sýna fyrirhyggju í þessu máli.

Stjórn ÍRA.

Formaður reifaði það ástand sem veiran hefur haft og hefur í þjóðfélaginu. Umræður urðu um hvort ætti að fella niður allt félagsstarf á meðan faraldurinn gengur yfir – í ljósi þess að þegar var búið að fresta flóamarkaði félagsins vegna COVID-19 veirunnar.

Samþykkt var, að fresta öllum viðburðum öðrum en opnu húsi á fimmtudagskvöldum, til haustsins, þ.á.m. flóamarkaði (sem áður hafði verið frestað til 3. maí). Framhald yrði síðan að ráðast af framvindu COVID-19 veirunnar og tilmælum stjórnvalda í þeim efnum. Formanni var falið að koma þessari samþykkt stjórnar á framfæri við félagsmenn við fyrsta tækifæri á heimasíðu og FB síðum.

10. Önnur mál

a) Tillaga um umsókn á kallmerkinu TF3WARD til PFS vegna 18. apríl n.k.
Formaður, TF3JB, lagði fram tillögu þess efnis, að félagið sæki um úthlutun sérstaks kallmerkis, TF3WARD, til Póst- og fjarskiptastofnunar. Hugmyndin er, að starfrækja kallmerkið á Alþjóðadegi radíóamatöra, 18. apríl. Viðskeytið er óvanalegt því það er fjórir bókstafir, sem standa fyrir: *World Amateur Radio Day.*

Kallmerkið verður eingöngu starfrækt einn dag á ári (18. apríl), en þann dag voru alþjóðasamtök landsfélaga radíóamatöra, *International Amateur Radio Union, IARU,* stofnuð árið 1925 í París í Frakklandi. Með þessu kallmerki, myndum við feta í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og víðar), sem starfrækja félagsstöðvar þennan mánaðardag, ár hvert, með kallmerkjum sem hafa hliðstæð viðskeyti. Tillagan var samþykkt samhljóða.

b) Undirritun eyðublaðs RSK 17.28 fyrir félagasamtök; tilkynning um raunverulega eigendur.
Formaður, TF3JB, skýrði frá erindi sem borist hafi frá embætti Ríkisskattstjóra 29. febrúar. Um er að ræða eyðublað RSK 17.28 fyrir félagasamtök, sem er tilkynning um raunverulega eigendur. Þetta er gert samkvæmt lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019. Jónas skýrði frá samskiptum við embættið 5. mars s.l., en heimild RSK fékkst þá til innsendingar eyðublaðsins á vefsvæði embættisins þann 11. mars (í ljósi þessa stjórnar-

fundar, sem haldinn er 10. mars). Gengið var frá undirritun allra stjórnarmanna á eyðublaðið á staðnum, en formaður hafði áður hitt TF3GS og fengið undirritun hans á skjalið.

11. Næsti fundur stjórnar.
Samþykkt með fyrirvara, að næsti fundur stjórnar verði haldinn 31. mars n.k.

12. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 21:15.

Að endingu vill TF2LL, fráfarandi ritari stjórnar ÍRA s.l. 2 starfsár, þakka fyrir sig og þakka formanni sérstaklega vel framsett fundargögn og málefnalega umræðu í stjórn félagsins. Megi félagið vaxa og dafna, með nýjum félögum og þeirri stórkostlegu fjarskiptatækni sem nú þegar er til staðar og tekur framförum dag frá degi.

TF2LL Georg Magnússon,
Ritari.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Skemmtileg skilyrði – allt upp í 70 MHZ
Góð DX-skilyrði voru í lok maímánaðar 2020; bæði á HF og VHF. Efri böndin voru vel opin á 17, 15, 12 og 10 metrum. Á „cluster“ mátti sjá að mörg TF kallmerki hafa áhugaverð DX-sambönd, m.a. TF1OL, TF2MSN, TF3GB, TF3VS, TF5B, TF6JZ og fleiri. 6 metra bandið verið líka verið spennandi; og eins og einn leyfishafi lýsti skilyrðunum þar, „…*að 6 metrarnir hafi nánast verið opnir allan sólarhringinn að undanförnu*“. TF1A, TF2MSN og TF8KY eru allir með ný loftnet á bandinu, þar af eru Óðinn og Hrafnkell báðir með stór 6el LFA Yagi loftnet frá InnovAntennas.

Spennandi opnanir voru ennfremur á 4 metrum (70 MHz). TF8SM birti t.d. mynd á FB síðum af skráningum á „cluster“ sem sýna sambönd á 4 metra bandinu 28. og 29. maí, m.a. við 9A, 9H1/9H4, DL, EA8, G (mörg kallsvæði), OX, PA og S5. Þess má geta að Smári er með nýtt Yagi loftnet á 70 MHz.

Myndin er af glæsilegu 6 el LFA Yagi loftneti TF2MSN fyrir 50 MHz bandið sem hann setti saman ásamt Hannesi syni sínum 23. maí s.l. Þess má geta, að Hrafnkell TF8KY, setti samskonar loftnet upp skömmu áður. Ljósmynd: TF2MSN.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 2 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 27. maí 2020 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF3UA varastjórn. Og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:10. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 8. fundar starfsárið 2019/20; stjórnarskiptafundur 10. mars, lögð fram.
3. Fundargerð 1. fundar starfsárið 2020/21; stjórnarfundur 10. mars, lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

09.3.2020...Erindi *til* IARU R1; beiðni um fjárhagsstuðning v/ferðakostnaðar á ráðstefnu R1 í október n.k.; (E4 eyðublað IARU).
09.3.2020...Erindi *til* IARU R1; viðauki (*e. attachement*) við E4 eyðublað IARU.
09.3.2020...Erindi *frá* IARU R1; staðfesting á viðtöku ofangreindra gagna.
11.3.2020...Erindi *til* RSK um raunverulega eigendur; Eyðublað RSK 17.28 (TF3DC sá um sendingu).
12.3.2020...Erindi *til* IARU með upplýsingum um skipan stjórnar ÍRA starfsárið 2020/21.
12.3.2020...Erindi *til* IARU R1; upplýsingar um skipan stjórnar ÍRA starfsárið 2020/21.
12.3.2020...Erindi *til* NRAU um upplýsingar um skipan stjórnar ÍRA starfsárið 2020/21.
12.3.2020...Erindi *frá* forseta IARU um að vera á verði, þar sem sótt sé að böndum okkar á 144 MHz til 250 GHz.
15.3.2020...Erindi *frá* IARU R1; ábending um að bóka ekki far og gistingu á ráðstefnu R1 vegna veirunnar, fyrr en í júlí n.k.
17.3.2020...Erindi *til* PFS; umsókn um úthlutun kallmerkisins TF3WARD (World Amateur Radio Day).
23.3.2020...Erindi *frá* TF1ANT/W1ANT; boð um að flytja erindi hjá ÍRA í heimsókn þeirra hjóna í lok ágúst n.k., ef veirustaða leyfir.
23.3.2020...Erindi *til* Heimis (TF1ANT/W1ANT) þar sem gott boð hans er þegið með þökkum.
29.3.2020...Erindi *til* IARU R1; svör við eyðublaði R1 til undirbúnings nefndavinnu á ráðstefnu R1 í október n.k.
29.3.2020...Erindi *til* IARU R1; viðauki (*e. attachement*) við eyðublað IARU um nefndavinnu á ráðstefnunni.
06.4.2020...Erindi *til* PFS; ósk um heimild til notkunar á kallmerki ÍRA, TF3YOTA, frá QTH TF3VD 13. apríl.
07.4.2020...Erindi *frá* PFS; heimild PFS til notkunar á TF3YOTA frá QTH TF3VD.
09.4.2020...Erindi *frá* Bernard, ON5WQ; fyrirspurn um ferðamannastaði og amatör radíó á Íslandi.
09.4.2020...Erindi *til* ON5WQ; spurningum Bernards svarað.
07.5.2020...Erindi til PFS; sendar upplýsingar (í kjölfar símtals) um nýjar bráðabirgðaheimildir DARC á 6m bandinu út árið 2020.
12.5.2020...Erindi frá GM4BDJ sem býr yfir dagbókum GM5FT og spyr m.a. um starfrækslu kallmerkisins TF1B á árinu 1940.
12.5.2020...Erindi *til* GM4BDJ; viðkomandi tjáð, að fyrirspurn hans um TF1B hafi verið vísað til TF3SB til afgreiðslu.
14.5.2020...Erindi *frá* IARU R1; ársreikningur framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 fyrir rekstarárið 2019.
14.5.2020...Erindi *frá* IARU R1; samantekt á svörum landsfélaganna samkvæmt eyðublaði til undirbúnings ráðstefnu R1 í október.
14.5.2020...Erindi *frá* IARU R1; boð til landsfélaganna um að tilnefna í framkvæmdastjórn svæðisins á ráðstefnu R1 í október n.k.
17.5.2020...Erindi *frá* VE2DX; þakkar góðar móttökur ÍRA árið 2018; hefur sett upp nýja heimasíðu með frásögn frá heimsókninni.
17.5.2020...Erindi *til* VE2DX; erindi og upplýsingar þakkaðar og Richand og XYL sendar góðar kveðjur frá félaginu.
18.5.2020...Erindi *frá* TF2LL; Georg leggur til að stjórn félagsins hlutist til um að saga ÍRA verði skrifuð.
18.5.2020...Erindi *til* TF2LL; erindið þakkað og Georg tjáð að tillaga hans verði lögð fyrir næsta stjórnarfund.
22.5.2020...Erindi *frá* IARU R1; uppkast að vinnuplani fyrir ráðstefnu R1 í október n.k.

5. Starfsemin tímabilið 11. mars til 27. maí; stutt skýrsla formanns.
6. Ákvörðun um opnun félagsaðstöðunnar í ljósi afléttra samkomutakmarkana stjórnvalda.
7. Félagið: *(a)* Staða innheimtu; *(b)* Starfsáætlun 2020/21.
8. Starfræksla kallmerkja félagsins: *(a)* TF3YOTA; *(b)* TF3WARD.
9. CQ TF: *(a)* Fundur ritnefndar 26.5.; *(b)* 3. tbl. 2020, útgáfudagur 28. júní.
10. Páskaleikar ÍRA 2020.
11. Önnur mál: Erindi TF2LL dags. 18. maí þess efnis að saga félagsins og radíóamatöra verði skrifuð.
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

2. Fundargerð 8. fundar starfsárið 2019/20; stjórnarskiptafundar 10. mars lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 1. fundar starfsárið 2020/21; stjórnarfundar 10. mars lögð fram.
Samþykkt samljóða.

4. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi. Umræður. Engar athugasemdir.

5. Starfsemin tímabilið 11. mars til 27. maí; skýrsla formanns.
Formaður ræddi lokun félagsaðstöðu og spurði stjórnarmenn hvernig þeim hafi fundist takast til almennt með viðbrögð varðandi COVID-19. Menn voru sammála um að vinnubrögð hafi verið fagleg og í takti við fyrirmæli stjórnvalda. Fram kom, að vitað væri um tvo félagsmenn sem hafi smitast af veirunni og veikst alvarlega. Formaður lagði fram í fundargögnum greinargott yfirlit um ýmsar upplýsingar sem hann hafði sent stjórnarmönum jafnóðum á tímabilinu til upplýsingar. Hann fór vandlega yfir og rifjaði upp þessar upplýsingar, sem menn kunnu að meta að hafa fengið sendar í samkomubanninu.

6. Ákvörðun um opnun félagsaðstöðnnar í ljósi samkomutakmarkana stjórnvalda.
Eftir nokkra umræðu um málið var samþykkt að opna félagsaðstöðuna að nýju fimmtudaginn 11. júní. Til grundvallar ákvörðuninni lá m.a. stöðuskýrsla Almannavarnadeildar ríkis-lögreglustjóra, dags. 20.5.2020, sem formaður hafði sent stjórnarmönnum fyrir fundinn.

7. Félagið: a) Staða innheimtu; b) Starfsáætlun 2020/21.
Gjaldkeri, TF3PW lýsti góðri stöðu varðandi innheimtu félagsgjalda. Um 100 félagsmenn hafa greitt gjaldið af rúmlega 170 félögum. Fram kom að enn er rúmur mánuður fram að eindaga svo þetta lofar góðu. Varaformaður, TF3DC lagði fram drög að starfsáætlun í framhaldi af umræðu og með vísan til fundargerðar síðasta fundar. Stefnt er að því að birta starfsáætlunina í 3. tbl. CQ TF.

8. Starfræksla kallmerkja félagsins: a) TF3YOTA; b) TF3WARD.
Formaður greindi frá starfrækslu TF3YOTA (umsjón TF3VD) þann 13. apríl og starfrækslu TF3WARD þann 18. apríl sem var virkjað í fyrsta skipti hjá félaginu (af TF3Y) sem hafði 320 sambönd. Stjórnarmenn lýstu ánægju með virkni félaganna, sem tóku vel í hvatningu formanns um þátttöku í þessum viðburðum fyrir hönd félagsins.

9. CQ TF: a) fundur ritnefndar 26.5.; b) 3. tbl. 2020, útgáfudagur 28. júní.
Formaður greindi frá fundi ritnefndar daginn áður og lýsti ánægju með störf nefndarinnar sem stjórnarmenn tóku undir. Staðfest var, að ritnefnd heldur sínu striki samkvæmt útgáfu-áætlun sem stjórn hefur samþykkt. Formaður fór yfir og kynnti greinar sem þegar liggja fyrir í nýja blaðið eða eru væntanlegar.

10. Páskaleikar ÍRA 2020.
Páskaleikarnir heppnuðust vel og voru 16 kallmerki með skráða þátttöku samaborið við 17 í fyrra (2019). Skipulag og umgjörð var í höndum Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY, sem fær þakkir fyrir umsjón og þá alúð sem hann sýnir verkefninu. Fram kom hjá formanni að væntanleg væri grein frá Kela í CQ TF um niðurstöður leikanna.

11. Önnur mál.

Erindi TF2LL dags. 18. maí þess efnis, að stjórn ÍRA hlutist til um að saga félagsins og radíóamatöra á Íslandi verði skrifuð í máli og myndum.

Stjórnarmenn voru almennt jákvæðir gagnvart erindi Georgs. Umræður fóru fram um form söguritunar, þ.e. hvort skrásetning í bók eða einhvers konar gerð myndefnis / myndbanda gæti komið til greina og jafnvel verið heppilegri. Einnig var rætt um umfang söguritunar o.s.frv. Þá var nefnt, að söguritun félagsins hefur að vissu leyti verið sinnt (jafnóðum) með útgáfu CQ TF og sem dæmi, var nefnd grein JB þar sem rakin er húsnæðissaga ÍRA frá upphafi. Stjórn er sammála um, að taka málið á dagskrá og gera áætlun um viðeigandi umfang og form skráningar á sögu ÍRA.

12. Næsti fundur stjórnar.
Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn miðvikudaginn 24. júní kl. 18:00 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 19:37.

Fundargerð ritaði
Óskar Sverrisson / TF3DC
Varaformaður ÍRA

ÚR FÉLAGSSTARFINU 2011.

Þór Þórisson, TF1GW flutti erindi í Skeljanesi 24. mars 2011. Hann fjallaði um reynsluna af rekstri „EchoLink“ á Íslandi, en setti m.a. upp tengingu fyrir "EchoLink" hér á landi þegar árið 2006.

Í erindi sínu útskýrði Þór m.a. hvernig EchoLink vinnur. Um er að ræða tengingu tveggja amatörstöðva (eða fleiri) sem nota tveggja metra bandið. Merkin fara yfir netið þannig að annar leyfishafinn getur t.d. verið staddur hérlendis og hinn erlendis, í raun hvar sem er í heiminum. Forsendan er, að hvor leyfishafi um sig hafi aðgang að endurvarpa með net-tengingu og búi yfir upplýsingum um svokallað "node" númer sem er 6 tölustafir. "EchoLink" hugbúnaðurinn kom fyrst fram árið 2002 og er skráður samkvæmt einkaleyfi, en radíó-amatörum er heimilt að nota hann frítt. Hönnuður hugbúnaðarins er K1RFD. Talið er, að fjöldi radíóamatöra sem nota "EchoLink" í heiminum sé í dag um 200 þúsund, Þór svaraði fjölda spurninga í lok erindisins. Alls mættu um 20 manns í Skeljanesið að þessu sinni.

Frá vinstri: Þór Þórisson TF1GW, Sigurður Sigurðsson TF2WIN og Stefán Arndal TF3SA.

Þór náði strax sambandi á 2 m handstöðinni við radíóamatör í Odense í Danmörku um EchoLink búnaðinn þegar prófað var í fundarhléi. Mynd: TF3JON.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 3 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 28. júlí 2020 kl. 18:30.
(Gestur fundarins: Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA).

Mættir: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Forföll: TF3GZ meðstjórnandi.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:30. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 2. fundar 2020/21 frá 27. maí, lögð fram.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

23.5.2020...Erindi frá: TF3KB; endurunnar ljósmyndir frá heimsókn ON4UN til Íslands 4. ágúst 2011.
25.5.2020...Erindi til: TF1MT; sent efni til Magnúsar vegna væntanlegar greinar hans um APRS til birtingar í CQ TF.
29.5.2020...Erindi frá: Nóa Sebastían Gunnarssyni þar sem hann spyr um áhugamálið og aldur til að öðlast amatörleyfi
29.5.2020...Erindi til: Nóa. Fyrirspurn svarað og honum sent Ávarpsbréfið til kynningar, auk ábendingar á heimasíðu félagsins.
05.6.2020...Erindi til:TF3KB um gerð TF bandplans á HF og 50 MHz í framhaldi eftir erindi hans 8.12.2019 um það mál.
08.6.2020...Erindi frá: PFS. Afrit afgreiðslu stofnunarinnar til TF3LB um heimild í 70 MHz tíðnisviðinu.
10.6.2020...Erindi frá: Ara Þórólfi Jóhannessyni TF1A til stjórnar þar sem hann óskar eftir lausnar frá embætti VHF stjóra.
10.6.2020...Erindi til: TF1A; móttaka á erindinu staðfest og að beiðnin verði lögð fyrir næsta fund stjórnar.
26.6.2020...Erindi frá/til: Erindi frá og til PFS v/umsagnar um ósk um úthlutun QRG 433,91+/- 0.87 MHz tímabundið í einn dag.
27.6.2020...Erindi frá: IARU svæði 1; Ákvörðun um að fyrri hluti ráðstefnu R1 verði haldinn 11.-16. október sem fjarfundur.
01.7.2020...Erindi frá: NRAU; Ákvörðun um að fundur Norrænu landsfélaganna verði haldinn 4.-6. október sem fjarfundur.
07.7.2020...Erindi frá: PFS. Afrit afgreiðslu stofnunarinnar til TF1OL um heimild á 70 MHz tíðnisviðinu.
10.7.2020...Erindi til: IARU svæðis 1; tillögur ÍRA til umfjöllunar á ráðstefnu svæðisins 2020 (2021).
11.7.2020...Erindi frá: IARU svæði 1; „*Wireless Power Transmission for Electric Vehicler (WPT-EV)*“ vísað í EMC nefndar.
14.7.2020...Erindi frá/til: Erindi frá og til PFS v/umsagnar um ósk TF3RRN um breytingu á kallmerki í TF3RB
15.7.2020...Erindi til: TF3WZ með beiðni um lagfæringu á sérsíðu um félagsblaðið CQ TF á heimasíðu.
21.7.2020...Erindi til: Stjórn ÍRA frá formanni á milli stjórnarfunda 16. og 29. júní; 3., 6., 8., 12., 16., 18. og 21 júlí.

4. Opnun félagsaðstöðunnar í Skeljanesi á ný þann 11. júní – eftir lokun frá 12. mars.
5. Félagsstarfið að undanförnu og framundan, í haust og vetur.
6. Innheimta og staða félagssjóðs.
7. Starfsáætlun 2020/21.
8. Útgáfumál: CQ TF; 3. tbl. 28. júní og 4. tbl. 27. september n.k.
9. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda; TF3W og TF3IRA.
10. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.
11. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli TF3GB, 10. júní.
12. Embættismenn/trúnaðarmenn félagsins.
13. Önnur mál.
    (a) Erindi frá Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A, dags. 10.6.2020.
    (b) Kynning TF3KB á tillögum ÍRA til IARU svæðis 1 vegna ráðstefnu svæðisins 2020 [og 2021].
    (c) Viðræður við PFS á milli stjórnarfunda um auknar heimildir á 50 MHz.
    (d) Tillaga TF2LL um ritun sögu félagsins; framhaldsumræða.
    (e) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
    (f) Viðvera stjórnarmanna í Skeljanesi á næstunni (30.7-24.9.)
    (g) PFS setti sér málsmeðferðarreglur 21.7. sem taka gildi 1.10. n.k.
    (h) Öryggiskerfi í Skeljanesi.
    (i) Skipun nýs VHF/UHF stjóra félagsins.
14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

2. Fundargerð 2. fundar starfsárið 2020/21 frá 27. maí lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB, fór yfir innkomin og útsend erindi. Eitt erindi verðu sent áfram til EMC nefndar. Engar athugasemdir komu fram.

4. Opnun félagsaðstöðunnar í Skeljanesi á ný þann 11. júní – eftir lokun frá 12. mars.
Rætt um opnun eftir Covid-19. Góð mæting hefur verið eftir opnun. Margir eldri félagar hafa sent kveðjur en hafa ekki treyst sér til að mæta í félagsaðstöðuna.

5. Félagsstarfið að undanförnu og framundan, í haust og vetur.
Ýmislegt hefur verið gert undanfarið. Meðal annars var búnaður í eigu félagsins sem var í geymslu á Vatnsendahæð sóttur. Hreinsað og málað var við inngang hússins í Skeljanesi (Baldvin TF3-Ø33). Elín, TF2EQ, starfrækti félagsstöðina 20. og 27. júní. Frestun hefur orðið á vetrardagskrá vegna Covid-19. Nánara fyrirkomulag vetrardagskrár verður rætt á næsta fundi.

6. Innheimta og staða félagssjóðs.
Gjaldkeri, TF3PW, flutti skýrslu. Alls eru 150 búnir að greiða félagsgjald, 2 feldir niður og 20 eftir að greiða. Svipuð staða og síðasta ár. Staða félagssjóðs er í góð.

7. Starfsáætlun 2020/21.
Tillaga varaformanns að starfsáætlun 2020/21 rædd og samþykkt. Búast má við hægari framvindu áætlunarinnar verði Covid-19 faraldurinn áfram virkur.

8. Útgáfumál: CQ TF; 3.tbl. 28. júní og 4. tbl. 27. september n.k.
3. tölublað CQ TF kom út 28. júní og er áætlað að gefa út næsta blað 27. september. Bæst hafa inn á heimasíðu félagsins eldri CQ TF blöð (sem fallið höfðu út) sem komu út í tíð Brynjólfs Jónssonar, TF5B, þegar hann var ritstjóri. Um er að ræða 5. tbl. 1997; 1., 2., 3. og 4. tbl. 1998 og 5. tbl. 2004.

9. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.
(a) „CQ world Wide WPX Contest“, morshluti; TF3W 30.-31. maí (TF3DC).
(b) „ARRL CQ kids Day“; TF3IRA 20. júní (TF2EQ).
(c) „IARU HF World Championship“; á morsi; TF3W 11.-12. júlí (TF3CW).
(d) VHF/UHF leikar ÍRA 2020; TF3IRA 11. júlí (TF3JB, TF3AWS og TF3MH).

10. Fjarskiptaviðburðir á næstuni.
TF Útileikarnir verða haldnir með hefðbundnum hætti um verslunarmanahelgina. Einar Kjartansson, TF3EK, er umsjónarmaður þeirra. Stjórn þakkar honum góða kynningu og utanumhald. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin. Tveir vitar hafa verið skráðir til þátttöku. Það eru Knarrarósviti og Selvogsviti. Svanur Hjálmarsson, TF3AB er í forsvari fyrir hópinn á Knarraósvita. Kallmerki verður TF1IRA. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, áformar að starfrækja Selvogsvita og notar kallmerkið TF1OL/LH.

11. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli TF3GB, 10. Júní 2020.
Farið var yfir málið. Stjórn fylgist áfram með þróun þess.

12. **Embættismenn/trúnaðarmenn félagsins**.
Formaður, TF3JB, kynnti tillögu sína um að boða embættis- og trúnaðarmenn félagsins sem eru skipaðir af stjórn til fundar. Málið verður rætt á næsta stjórnarfundi.

13. Önnur mál.

a. Erindi frá Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A, dags. 10.6.2020 þar sem hann óskar að segja sig frá embætti VHF stjóra félagsins vegna ósættis á milli hans og TF8YY. Samþykkt að verða við erindinu. TF3JB og TF3DC svara bréfi TF1A.

b. TF3KB var sérstakur gestur fundarins og fór yfir tillögur ÍRA til IARU svæðis 1 vegna ráðstefnu svæðisins 2020/21. Fjarfundur verður í ár vegna Covid-19 en vinnufundur (*e. workshop*) á því næsta. Tillögur hafa verið sendar til IARU frá félaginu, en Kristján kallar eftir tillögum eða áherslum frá stjórn í framhaldi af yfirferð sinni.

c. Viðræður við PFS um 50 MHz bandið. Formaður, TF3JB fór yfir stöðuna. Fallið hefur verið frá því að afla bráðabirgðaheimildar en fá þess í stað endanlega heimild. Hlé er á umræðum, m.a. vegna Covid-19 og vegna gagnaöflunar.

d. Tillaga TF2LL um ritun sögu félagsins. Formaður, TF3JB hefur svarað erindi TF2LL. Málið verður áfram til umfjöllunar innan stjórnar.

e. Skipta þarf um RG-213 „kapalskott“ við OptiBeam Yagi loftnet TF3IRA. Ennfremur er áformað, að kom upp loftunum fyrir 160, 80 og 40 metra böndin sem keypt voru á síðasta ári.

f. Viðvera stjórnarmanna á opnunarkvöldum í Skeljanesi. Stjórnamenn skrá niður hvenær þeir geta mætt. Miðað er við, að a.m.k. tveir stjórnarmenn verði á vakt á opnunarkvöldum.

g. PFS hefur sett sér ný viðmið um málsmeðferðarreglur. Hægt að sjá þær á síðu stofnunarinnar.

h. Mánaðarlegar greiðslur fyrir áskrift vegna öryggiskerfis hússins í Skeljanesi og vegna þrifa á sameiginlegu rými hafa fallið niður, þar sem Ættfræðiþjónustan ORG hefur ekki sent okkur rukkun. Formaður, TF3JB, tekur að sér að reifa málið við forsvarsmann ORG ehf. Jafnframt er beðið eftir nýju innsláttarborði fyrir öryggis-kerfið, en uppsetningu hefur seinkað því tölva kerfisins er staðsett hjá Mótorhjóla-klúbbnum Sniglunum sem eru með húsnæði á jarðhæð í norðurenda hússins og erfiðlega hefur gengið að fá aðgang þar fyrir Securitas.

   Þessir aðilar/félög deila með okkur húsnæði í Skeljanesi: ORG – Ættfræðiþjónustan ehf., Bifhjólasamtök lýðveldisins, Sniglarnir og Kajakfélag Reykjavíkur.

i. Í ljósi þess að TF1A óskaði eftir og hefur verið veitt lausn frá embætti, var TF3GS skipaður í embætti VHF stjóra frá og með 27. maí 2020.

13. Næsti fundur sjórnar.
Samþykkt að stefna að næsta fundi þriðjudag 8. september kl. 18:00 í Skeljanesi.

15. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 20:37.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS
Ritari ÍRA

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 4 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 8. september 2020 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð 3. fundar 2020/21 frá 28. júlí, lögð fram.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

27.7.2020...***Erindi frá:*** TF3AB með upplýsingum um að Knarrarósvitahópurinn verði ekki QRV í ár vegna Covid-19.
27.7.2020...***Erindi til:*** TF3AB með þökkum fyrir upplýsingarnar og stuðningi f.h. stjórnar ÍRA við þessa ákvörðun þeirra.
28.7.2020...***Erindi frá:*** *PFS.* Tímabundin heimild til leyfishafa að mega nota allt að 100W afl á 5 MHz bandi í TF útileikunum.
06.8.2020...***Erindi frá:*** Sigurði Frey Jónssyni með ósk um félagsaðild að ÍRA.
06.8.2020...***Erindi til:*** Sigurðar Freys þar sem hann er boðinn velkominn í félagið; vefslóðir sendar á nýjasta CQ TF og Ávarpsbréf.
09.8.2020...***Erindi til:*** TF3EK umsjónarmanns TF útileikanna með fjarskiptadagbók TF3IRA vegna þátttöku í leikunum.
18.8.2020...***Erindi frá:*** *Raunvísindastofnun.* Tilkynning um tækjagjöf til félagsins. Dr. Sveinn Ólafsson f.h. stofnunarinnar.
18.8.2020...***Erindi til:*** *Raunvísindastofnunar.* Þakkir fyrir gjöf til félagsins sendar f.h. stjórnar ÍRA.
28.8.2020...***Erindi frá:*** TF3JA þar sem hann óskar eftir að félagið tilkynni þátttöku hans f.h. ÍRA á IARU ráðstefnunni 2020.
28.8.2020...***Erindi til:*** TF3JA þar sem honum var tilkynnt um að ósk hans verði lögð fyrir næsta stjórnarfund ÍRA.
28.8.2020...***Erindi til:*** Ara Þórólfs Jóhannessonar TF1A með samþykkt stjórnar um lausn frá embætti VHF stjóra sbr. stj.fund 28.7.
31.8.2020...***Erindi frá:*** NRAU vegna staðfestingar á mætingu á fjarfund NRAU 2020 helgina 4.-6. september.
31.8.2020...***Erindi til:*** NRAU með staðfestingu um að TF3KB verði fulltrúi ÍRA á fjarfundinum.
31.8.2020...***Erindi til:*** Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda: Dags.: 31. júlí; 3.,4.,6.,8.,11.,15.,17.,18.,19.,26.,28. og 31. ágúst.

4. Lokun í Skeljanesi 6. ágúst til 10. september og næstu skref.

5. Innheimta og staða félagssjóðs.

6. Útgáfumál.

7. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.

8. Ákvörðun dagsetningar fyrir aðalfund 2021.

9. Kaup á VHF/UHF loftneti fyrir TF3IRA.

10. Embættismenn/trúnaðarmenn félagsins.

11. Önnur mál.

(a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið; 4.-6. september.
(b) Gjafir til félagsins að undanförnu.
(c) Erindi TF3JA dags. 28.8. með ósk um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.
(d) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
(e) Tillaga TF2LL um ritun sögu félagsins; framhaldsumfjöllun.
(f) Myndataka af stjórn ÍRA starfsárið 2020/21.

12. Næsti fundur stjórnar.

13. Fundarslit.

2. Fundargerð 3. fundar 2020/21 frá 28. júlí, lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi.

4. Lokun í Skeljanesi frá 6. ágúst til 10. september og næstu skref.
Formaður, TF3JB lagði fram og fór yfir samantekt um starfið þann tíma sem félagsaðstaðan var lokuð, frá 6. ágúst s.l. til dagsins i dag. Stjórn þakkar Baldvin, TF3-Ø33 og formanni, TF3JB fyrir vel unnin störf við málningarvinnu og snyrtingar utanhúss í Skeljanesi í sumar. Rætt um starfið framundan. Stjórn samþykkir að opna félagsaðstöðuna á ný fimmtudaginn 17. september, svo framalega sem aðstæður í þjóðfélaginu breytist ekki með tilliti til Covid-19 faraldursins.

5. Innheimta og staða félagssjóðs.
Gjaldkeri, TF3PW fjallaði um stöðu fjármála. Staða félagssjóð er góð. Innheimta félagsgjalda gengur vel. Alls hafa 160 greitt félagsgjald; ógreiddir eru 12 og 2 hafa verið niðurfelldir.

6. Útgáfumál.
Formaður, TF3JB fór yfir og kynnti stöðu 4. tölublaðs CQ TF sem kemur út 27. september n.k., en undirbúningsfundur ritnefndar var haldinn 24. ágúst. Samkvæmt upplýsingum frá ritstjóra, TF3SB er áætlað að blaðið verði 52 blaðsíður að stærð. Vel hefur gengið með efnissöfnun og á ritstjóri nú efni „á lager“ til birtingar í næstu blöðum.

7. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.
Helstu fjarskiptaviðburðir á næstunni eru: SAC keppnin, CW hluti, 19.-20. september; SAC keppnin, SSB hluti, 10.-11. október; CQ WW DX keppnin, SSB hluti, 24.-25. október; og CQ WW DX keppnin, CW hluti, 28.-29. nóvember.

Stjórn hvetur félagsmenn til að taka þátt í þessum keppnum. Keppnisstjóri, TF3DC sagði að vegna COVID-19 væri ekki reiknað með fjöldaþátttöku frá félagsstöðinni á næstunni. Óskar leggur áherslu á að sem flestir taki þátt í SAC keppnunum.

8. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2021.
Samþykkt að aðalfundur ÍRA 2021 verði haldinn laugardaginn 20. febrúar 2021, með fyrirvara um aðstæður í þjóðfélaginu vegna Covid-19 faraldursins.

9. Kaup á VHF/UHF loftneti fyrir TF3IRA.
Samþykkt kaup félagssjóðs á Diamond X-700HN VHF/UHF húsaloftneti, 25 metrum af Ultraflex 10 coax kapli og N-tengjum fyrir TF3IRA. Heildarkostnaður nemur 73.639 krónum. Þar af kostar Diamond loftnetið 46.127 krónur.

10. Embættismenn/trúnaðarmenn félagsins.
Farið yfir tillögu og minnisblað formanns um endurskoðun á embættismannakerfi félagsins sem lögð var fram [til kynningar] á síðasta fundi (3. stjórnarfundi). Embættis- og trúnaðarmenn félagsins eru í dag alls 41 talsins. Þar af eru 10 kjörnir á aðalfundi og 31 eru skipaðir af stjórn. Tillaga formanns var formlega samþykkt. Á meðan endurskoðun stendur yfir, mun skipan embættismanna (frá fyrra tímabili) gilda áfram, uns niðurstaða liggur fyrir.

Stjórn hefur hug á að boða alla embættismenn ÍRA til viðtals og fara yfir starfið. Stjórn hefur til skoðunar, að eiga árlega fund með þessum aðilum sem vinna dýrmæt störf fyrir félagið. Möguleg útfærsla er að viðtöl fari fram t.d. á 2-3 laugardögum. Formanni var falin nánari útfærsla.

11. Önnur mál.

(a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið; 4.-6. september.
Kristján Benediktsson,TF3KB sat ráðstefnuna af okkar hálfu. Fyrri ákvörðun var, að fundurinn yrði haldinn í Varberg í Svíþjóð, en vegna COVID-19 fór hann fram yfir netið. Fundargerð og önnur gögn verða lögð fram á næsta stjórnarfundi.

(b) Gjafir til félagsins að undanförnu.
Þann 2. ágúst fékk félagið afhenta gjöf í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Um er að ræða YAESU SMB-201, sem er sérhönnuð borðfesting með innbyggðri viftu og notast við ICOM IC-208H VHF/UHF APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø. Þess má geta að um er að ræða samskonar borðfestingu og félaginu var gefin 23. september 2019 til að nota við YAESU FT-7900E VHF/UHF stöð TF3IRA. Svo heppilega vill til, að SMB-201 festingin smellpassar við ICOM IC-208H ARPS stöðina. TF3JB tók á móti gjöfinni. Sami félagsmaður var gefandi þá og nú en óskar að láta nafns síns og kallmerkis ekki getið. Stjórn ÍRA þakkar gjöfina.

Þann 20. ágúst fékk félagið afhenda gjöf í húsnæði Raunvísindastofnunar. Um er að ræða General Electric Delco MD-129A/GR; mótara og aflgjafa. Stewart-Warner T-282D/GR; 100W sendi og Hewlett-Packard; Model 6068 VHF Signal generator (10-420 MHz). TF3JB og TF3GS tóku á móti tækjunum fyrir hönd félagsins. Stjórn ÍRA þakka gjöfina.

(c) Erindi TF3JA dags. 28.8. með ósk um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.
Stjórn þakkar TF3JA fyrir að sýna áhuga á ráðstefnunni en félagið hefur þegar skipað og tilkynnt Kristján Benediktsson, TF3KB sem fulltrúa IRA á ráðstefnuna.

(d) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
Eftirtaldir stjórnarmenn taka að sér að skoða málið: Ritari, TF3GS; varaformaður, TF3DC og meðstjórnandi, TF3GZ.

(e) Tillaga TF2LL um ritun sögu félagsins; framhaldsumfjöllun.
Málefnið rætt út frá ýmsum hliðum. Hugmynd er um að nýta þær greinar sem þegar hafa birst í félagsblaðinu CQ TF og draga saman í eitt blað/bók. Fara þarf yfir hvað búið er að skrifa um sögu félagsins og þannig komast að niðurstöðu hvað á eftir að skrifa um. Senda þarf út „hugmyndaósk“ um þær greinar og fá þá félagana til að skrifa um þau málefni.

(f) Myndataka af stjórn ÍRA starfsárið 2020/21.
Jón Svavarsson, TF3JON, ljósmyndari félagsins var mættur á fundinn. Í framhaldi sátu stjórnarmenn fyrir við árlega myndatöku. Stjórn þakkar TF3JON fyrir myndatökuna.

12. **Næsti fundur stjórnar.**
Samþykkt að stefna að næsta fundi stjórnar þriðjudag 6. október kl. 18:00 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.
Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum að lokum og sleit fundi kl. 20:27

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS
Ritari ÍRA

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 5 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 24. nóvember 2020 kl. 18:00.

Mættir: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, og TF1EIN varastjórn. TF3GS ritari og TF3UA varastjórn höfðu boðað forföll.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:13. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða. Jónas bað Óskar, TF3DC að annast fundarritun í fjarveru ritara.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 4. Fundar 2020/21 frá 8. september lögð fram.
3. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli stjórnarfunda.

08.09.2020...***Erindi frá:*** PFS; uppfærsla kallmerkis Davíðs Viðissonar TF3DEN í TF3EZ.
14.09.2020...***Erindi frá:*** Oddnýju Dögg Friðriksdóttur; fyrirspurn um námskeið.
14.09.2020...***Erindi til:*** Oddnýjar með upplýsingum um félagið og vefslóð á nýjasta CQ TF (3. tbl. 2020).
23.09.2020...***Erindi til:*** Jóns Þ. Jónssonar TF3JA; svar við erindi hans dags. 28.8.2020 um aðgang að ráðstefnu IRAU 2020.
24.09.2020...***Erindi frá:*** Ragnari Geir Brynjólfssyni; umsögn um uppbyggingu innviða; mál nr.55; samráðsgátt stjórnvalda
24.09.2020...***Erindi til:*** Ragnars með þökk fyrir sendinguna.
25.09.2020...***Erindi frá:*** Jóni Þ. Jónssyni TF3JA; ítrekun fyrri beiðni um aðgang að ráðstefnu IARU 2020.
27.09.2020...***Erindi frá:*** Bjarna Rafni Gunnarssyni, 102 Reykjavík; ósk um skráningu á næsta námskeið.
27.09.2020...***Erindi til:*** Bjarna Rafns með upplýsingum að næsta náskeið sé fyrirhugað í október, með fyrirvara um COVID-19.
29.09.2020...***Erindi til:*** Jóns Þ. Jónssonar TF3JA; svar við erindi til félagsins dags. 25.9.2020.
30.09.2020...***Erindi frá:*** Jóni Þ. Jónssyni F3JA; póstur vegna erindis dags. 25.9.2020 til félagsins.
30.09.2020...***Erindi til:*** Sameiginlegt veffang ritstjóra félagsblaða norrænu systurfélaganna; sent vefslóð á 4. tbl. CQ TF 2020.
06.10.2020...***Erindi frá:*** Guðni Hannesson, Stokkseyri; nýr félagmaður.
21.10.2020...***Erindi frá:*** PFS, umsögn ÍRA óskað vegna beiðni TF1OL um breytingu á kallmerki í TF1O.
21.10.2020...***Erindi til:*** PFS með jákvæðri umsögn ÍRA um beiðni TF1OL.
26.10.2020...***Erindi frá:*** Smára McCarthy með síðari fyrirspurn um námskeið (fyrri fyrirspurn var móttekin og svarað 16.5.2020).
26.10.2020...***Erindi til:*** Smára McCarthy með svari við síðari fyrirspurn um námskeið.
12.11.2020...***Erindi frá:*** Emil Gretti með fyrirspurn um próf til amatörleyfis.
12.11.2020...***Erindi til:*** Emils Grettis með svari við fyrirspurn.
20.11.2020...***Erindi frá:*** Katrínu Stefánsdóttur, dóttur TF3S (sk) býður félaginu að taka við og varðveita QSL kortum Nenna heitins til varðveislu.
20.11.2020...***Erindi til:*** Katrínar Stefánsdóttur. Boð Katrínar fyrir hönd aðstandenda samþykkt og kortin sótt 21.11.
13.09.-30.09.2020...***Erindi til:*** Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda, dags.: 13., 20., 22., 27., 28. og 30. september
03.10.-30.10.2020...***Erindi til:*** Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda; dags.: 3., 5., 7., 9. 12., 16., 19., 20., 24., 26. og 30. október.
08.11.-20.11.2020...***Erindi til:*** Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda; dags.: 8., 9., 12., 14., 16., 19. og 20. nóvember.

4. Lokun í Skeljanesi hefur varað í 10 vikur. Félagsstarfið; næstu skref. *(a)* Skýrsla formanns.
5. Innheimta og staða félagssjóðs. *(a)* Framleiðsla viðurkenninga vegna félagsviðburða á árinu 2020.
6. Útgáfumál; CQ TF 4. tbl. 2020 kom út 27.9.; CQ TF 1. tbl. 2021 kemur út 28.1.
7. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda frá 8. september (og út árið).
8. Námskeið til amatörleyfis.
9. Hugsanleg starfsemi á vegum félagsins yfir netið í ljósi kórónaveirunnar Covid-19.
10. Tillaga um skipan aðstoðarmanns vefstjóra.
11. Aðalfundur 2021; tillaga um nýja dagsetningu [13. mars 2021 í stað 20.2.2021].
12. Önnur mál.
    (a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið 4.-6. september.
    (b) Ráðstefna IARU Svæðis 1 yfir netið 11.-16. október.
    (c) Tillaga um skoðun/endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.
    (d) Erindi TF3JA dags. 25.9. með ítrekun um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.
    (e) Sending QSL korta TF3S til ÍRA frá aðstandendum 21. nóvember.
    (f) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar; verkáætlun.
13. Næsti fundur stjórnar.
14. Fundarslit.

2. Fundargerð 4. fundar, starfsárið 2020/21; frá 8. september lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB gaf greinargott yfirlit um innkomin og útsend erindi. Á góma bar einnig upplýsingabréf sem formaður sendir stjórnarmönnum reglulega milli funda í þeim tilgangi upplýsa stjórn um efni og afgreiðslu einstakra erinda, auk samráðs um ákvarðanir sem taka þarf, s.s. vegna áhrifa Kórónaveirunnar á félagsstarfið. Ánægja er með upplýsingabréfiið.

4. Núverandi lokun í Skeljanesi hefur varað samfleytt í 10 vikur. Næstu skref.
Formaður, TF3JB, kynnti framlagða skýrslu til stjórnar um lokun félagsaðstöðunnar og næstu skref. Jónas fór yfir og skýrði stöðuna, m.a. með vísan til tilmæla stjórnvalda. Stjórn ÍRA hefur verið einhuga í ákvörðunum um lokun sbr. og upplýsingabréf formanns milli funda. Umræður, fyrirspurnir og svör. Því miður er útlit fyrir áframhaldandi lokun.

5. Innheimta og staða félagssjóðs.
Gjaldkeri, TF3PW, gerði grein fyrir innheimtu og stöðu félagssjóðs. Staðan er góð enda aðeins þrír sem ekki hafa greitt félagsgjaldið í ár. Málið er til skoðunar, en talið er að það tengist því að þeir noti ekki heimabanka.

(a) Framleiðsla viðurkenninga vegna félagsviðburða á árinu 2020.
Samþykkt að setja í framleiðslu verðlaunagripi og viðurkenningarskjöl vegna félagsviðburða á árinu 2020. Þessir viðburðir eru: Páskaleikar, VHF/UHF leikar og TF útileikar.

6. Útgáfumál; CQ TF 4. tbl. 2020 kom út 27.9. / CQ TF 1. tbl. 2021 kemur út 28.1.
Formaður, TF3JB gerði grein fyrir störfum ritnefndar. Fram kom að ekki er skortur á efni í blaðið. Útgáfuáætlun hefur staðist fullkomlega og dreifði formaður prenteintaki af síðasta blaði til stjórnarmanna.

7. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda frá 8. september (og út árið).
Formaður, TF3JB og keppnisstjóri, TF3DC gerðu grein fyrir virkni félagsstöðvarinnar í einstökum keppnum í haust og því sem framundan er til áramóta. Ljóst er, að þátttaka félagsstöðvar hefur því miður verið takmörkuð við einmenningsflokkinn vegna áhrifa Covid-19 faraldursins.

Sigurður, TF3CW og Óskar, TF3DC hafa tekið þátt í helstu keppnum í haust fyrir hönd félagsins en Elín, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA mun virkja TF3YOTA frá félagsstöðinni í desember („*YOTA month*“). Fram kom, að markmið YOTA verkefnisins (*Youngsters On The Air*) er að kynna áhugamálið fyrir áhugasömum ungmennum.

8. Námskeið til amatörleyfis.
Stöðugur áhugi er á þátttöku í námskeiði félagsins til amatörleyfis. Kórónaveiran hefur hins vegar valdið því, að ekki hefur reynst unnt að bjóða námskeið á árinu. Umsjónarmaður námskeiða, TF3PW lagði fram upplýsingar um þá sem bíða og eru skráðir á næsta námskeið. Samþykkt að fara þess á leit við prófnefnd, að stefnt verði að námskeiði til amatörleyfis á vormisseri. Verði Covid-19 faraldurinn enn hamlandi á þeim tíma, verði nefndin beðin um að kanna með að bjóða námskeiðið yfir netið.

9. Hugsanleg starfsemi á vegum félagsins yfir netið í ljósi Kórónaveirunnar.
Málið var rætt almennt og meðal annars með vísan til frumkvæðis TF3OM um fjarfundi á netinu, hugmynda um námskeiðshald á netinu o.s.frv. Formaður greindi frá „prufufundum“ (ekki sérstaklega á vegum ÍRA) sem farið hafi fram yfir netið og skýrði frá tölulegum staðreyndum um mætingu o.s.frv. Allt jákvætt um það að segja voru viðbrögð stjórnarmanna. Engin samþykkt var gerð undir dagskrárliðnum, en ákveðið að taka málið til áframhaldandi umfjöllunar í stjórn félagsins.

10. Tillaga um skipan aðstoðarmanns vefstjóra.
Formaður, TF3JB mælti fyrir tillögu um stofnun embættis aðstoðarmanns vefstjóra. Í máli hans kom fram að Ölvir, TF3WZ (sem m.a. setti upp heimasíðu félagsins á sínum tíma) væri önnum kafinn í vinnu – þótt hann hafi staðið sig með afbrigðum vel í að aðstoða félagið við innfærslu ganga á heimasíðu. Fram kom ennfremur, að almennt séð væri eðlilegt og skynsamlegt að fleiri en vefstjóri gætu sinnt breytingum og/eða uppfærslum. Formaður sagðist hafa hitt Ölvi fyrir nokkru, rætt málið við hann og hafi Ölvir tekið þessari hugmynd fagnandi. Samþykkt samhljóða að stofna til embættisins.

Formaður óskaði næst eftir tillögum frá stjórn um slíkan aðstoðarmann. Jón, TF3PW sagðist ætla hugsa málið þegar stungið var uppá honum. Stefnt er að afreiðslu á næsta fundi.

11. Aðalfundur 2021; tillaga um nýja dagsetningu (13. mars 2021 í stað 20.2.2021).
Formaður gerði grein fyrir tillögu að nýrri dagsetningu aðalfundar 2021, laugardaginn 13. mars 2021 (í stað 20. febrúar). Breytingartillagan er til komin í framhaldi af athugun á bókun á fundarsal á Hótel Sögu, en vegna Kórónaveirunnar er hótelið lokað út febrúar 2021. Ný dagsetning rúmast innan heimilda í lögum félagsins. Tillagan samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

(a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið 4.-6. september.
Formaður greindi stuttlega frá þátttöku tengiliðar ÍRA, TF3KB í fundinum sem gekk vel. Fram kom m.a. að Kristján verður með frásögn og niðurstöður í 1. tbl. CQ TF 2021.

(b) Ráðstefna IARU Svæðis 1 yfir netið 11.-16. október.
Formaður greindi stuttlega frá þátttöku tengiliðar ÍRA, TF3KB í fundinum sem gekk vel. Fram kom m.a. að Kristján verður með frásögn og niðurstöður af fundinum í 1. tbl. CQ TF 2021, þ.á.m. umfjöllun um tillögur ÍRA. Síðari hluti ráðstefnunnar verður haldinn 2021.

(c) Tillaga um skoðun/endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.
Formaður ræddi stuttlega um tillöguna og fresta þurfi verkefninu á meðan Covid-19 hamlar.

(d) Erindi TF3JA dags. 25.9. með ítrekun um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.
Ítrekuð beiðni TF3JA um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020 var rædd. Samþykkt að vísa í fyrra svar stjórnar þess efnis, að ÍRA hafi þegar skipað og tilkynnt IARU um fulltrúa félagsins á ráðstefnuna.

(e) QSL kort TF3S afhent ÍRA frá aðstandendum 21. nóvember.
Formaður greindi frá QSL kortum Stefáns Þórhallssonar, TF3S (SK) sem bárust félaginu frá aðstandendum 21.22. s.l. Í safninu eru m.a. kort frá íslensku leyfishöfunum, þ.á.m. frá föður Stefáns, Þórhalli Pálssyni, TF5TP. Sagt var frá kortunum á heimasíðu félagsins og á Fésbók. Stjórn þakkar aðstandendum Stefáns fyrir hugulsemina.

(f) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar; verkáætlun.
Rætt um gerð verkáætlunar vegna nýrra loftneta félagsstöðvarinnar sem bíða uppsetningar og voru keypt af félagssjóði vorið 2019. Við síðustu umræðu tóku TF3GS, TF3GZ og TF3DC að sér að athuga með uppsetningu. Af ýmsum ástæðum hefur dregist að fara í verkefnið.

13. Næsti fundur stjórnar.
Næsti fundur stjórnar var ákveðinn þriðjudaginn 5. janúar 2021.

14. Fundarslit
Formaður þakkaði stjórnarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:25

Fundargerð ritaði (í fjarveru ritara)
Óskar Sverrisson / TF3DC
varaformaður ÍRA

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

TF3ML: Alvöru loftnet á 50 MHZ og 70 MHZ
Árið 2020 varð Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, QRV á ný á 50 MHz og 70 MHz laugardaginn 30. maí. Hann setti upp, fyrir utan bílskúrinn á planinu hjá sér í Grímsnesi, sérútbúinn 4 tonna vagn með áfestum turni, sem hækka má í allt að 28 m hæð yfir jörðu. Öflugur rótor fylgir með turninum. Að þessu sinni setti hann upp ný Yagi loftnet fyrir 6m og 4m böndin frá InnovAntennas.

Annars vegar: 8 el LFA Yagi á 50 MHz. Bómulengd: 12.5m og ávinningur: 14.05 dBi og hins vegar: 9 el LFA Yagi á 70 MHz. Bómulengd: 10.4m og ávinningur: 14.72 dBi. Óli sagðist vera ánægður með árangurinn eftir sumarið 2020 þegar haft var samband við hann.

Turninn er glæsilegur og verkleg smíð. Hann er gerður fyrir færanleg fjarskiptavirki. Ljósmynd: Ólafur B. Ólafsson TF3ML. Nýju loftnetin eru ekki síður glæsileg. Loftnetið fyrir 6M bandið er neðar og fyrir 4M ofar. Ljósmynd: TF3ML.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 6 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 5. janúar 2021 kl. 18:00.

Mættir: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram áðurgreinda tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð 5. fundar 2020/21 frá 24. nóvember, lögð fram.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

08.09.2020...Erindi frá: PFS; uppfærsla kallmerkis Davíðs Víðissonar TF3DEN í TF3EZ.
14.09.2020...Erindi frá: Oddnýju Dögg Friðriksdóttur; fyrirspurn um námskeið.
14.09.2020...Erindi til: Oddnýjar með upplýsingum um félagið og vefslóð á nýjasta CQ TF (3. tbl. 2020).
23.09.2020...Erindi til: Jóns Þ. Jónssonar TF3JA; svar við erindi hans dags. 28.8.2020 um aðgang að ráðstefnu IRAU 2020.
24.09.2020...Erindi frá: Ragnari Geir Brynjólfssyni; umsögn um uppbyggingu innviða; mál nr.55; samráðsgátt stjórnvalda
24.09.2020...Erindi til: Ragnars með þökk fyrir sendinguna.
25.09.2020...Erindi frá: Jóni Þ. Jónssyni TF3JA; ítrekun fyrri beiðni um aðgang að ráðstefnu IARU 2020.
27.09.2020...Erindi frá: Bjarna Rafni Gunnarssyni, 102 Reykjavík; ósk um skráningu á næsta námskeið.
27.09.2020...Erindi til: Bjarna Rafns með upplýsingum að næsta náskeið sé fyrirhugað í október, með fyrirvara um COVID-19.
29.09.2020...Erindi til: Jóns Þ. Jónssonar TF3JA; svar við erindi til félagsins dags. 25.9.2020.
30.09.2020...Erindi frá: Jóni Þ. Jónssyni F3JA; póstur vegna erindis dags. 25.9.2020 til félagsins.
30.09.2020...Erindi til: Sameiginlegt veffang ritstjóra félagsblaða norrænu systurfélaganna; sent vefslóð á 4. tbl. CQ TF 2020.
06.10.2020...Erindi frá: Guðni Hannesson, Stokkseyri; nýr félagmaður.
21.10.2020...Erindi frá: PFS, umsögn ÍRA óskað vegna beiðni TF1OL um breytingu á kallmerki í TF1O.
21.10.2020...Erindi til: PFS með jákvæðri umsögn ÍRA um beiðni TF1OL.
26.10.2020...Erindi frá: Smára McCarthy með síðari fyrirspurn um námskeið (fyrri fyrirspurn var móttekin og svarað 16.5.2020).
26.10.2020...Erindi til: Smára McCarthy með svari við síðari fyrirspurn um námskeið.
12.11.2020...Erindi frá: Emil Gretti með fyrirspurn um próf til amatörleyfis.
12.11.2020...Erindi til: Emils Grettis með svari við fyrirspurn.
20.11.2020...Erindi frá: Katrínu Stefánsdóttur, dóttur TF3S (sk) býður félaginu að taka við og varðveita QSL kortum Nenna heitins til varðveislu.
20.11.2020...Erindi til: Katrínar Stefánsdóttur. Boð Katrínar fyrir hönd aðstandenda samþykkt og kortin sótt 21.11.
13.09.-30.09.2020...Erindi til stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda, dags.: 13., 20., 22., 27., 28. og 30. september
03.10.-30.10.2020...Erindi til stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda; dags.: 3., 5., 7., 9. 12., 16., 19., 20., 24., 26. og 30. október.
08.11.-20.11.2020...Erindi til stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda; dags.: 8., 9., 12., 14., 16., 19. og 20. nóvember.

4. Félagsmál: Lokun félagsaðstöðunnar hefur varað í 4 mánuði m.v. opnun 14. janúar n.k.

5. Staða félagssjóðs og lokun fjárhagsárs 2020.

6. Póst- og fjarskiptastofnun.
   a. Jákvæð afgreiðsla PFS mótt. 4.12.2020; beiðni ÍRA um endurnýjun heimildar til notkunar á 1850-1900 kHz í alþjóðlegum keppnum.
   b. Jákvæð afgreiðsla PFS mótt. 7.12.2020; beiðni ÍRA um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000-70.250 MHz.

7. Námskeið til amatörleyfis á vormisseri 2021; erindi sent til prófnefndar 29.11.2080.

8. Framkvæmdir við félagsstöðina í Skeljanesi.
   a. KiwiSDR viðtæki tengt við stangarloftnet TF3IRA til hlustunar yfir netið (12. desember).
   b. APRS stöð félagsins TF3IRA-1Ø tengd við stærra loftnet (20. desember).

9. Nýtt CQ TF 28. janúar n.k.; fundur ritnefndar er fyrirhugaður 7. janúar 2021.

10. Skipan í embætti aðstoðarmanns vefstjóra.

11. Aðalfundur 13. mars 2021.

12. Önnur mál.
   a. Vegleg gjöf Egils Ibsen, TF3EO til félagsins móttekin 6. desember.
   b. Umsögn um beiðni ARUKR í Kirgiska lýðveldinu og BARS í Konungsríkinu Barein um aðild að IARU.
   c. Umsókn um 5BDXCC, 5BWAZ og WAZ (mixed á 20 metrum) viðurkenningar fyrir félagsstöðina TF3IRA.

13. Næsti fundur stjórnar.

14. Fundarslit.

2. Fundargerð 5. fundar 2020/21 frá 24. nóvember, lögð fram.
Framlögð fundargerð var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB, fór yfir og kynnti innkomin og útsend erindi.

4. Félagsmál.
Formaður, TF3JB, fór almennt yfir stöðu félagsmála og ræddi sérstaklega félagsaðstöðuna í Skeljanesi sem nú hefur þurft að hafa lokaða samfleytt í 4 mánuði. Hann taldi óljóst hvort aðstæður faraldursins leyfðu opnun 14. janúar n.k. Fram kom m.a. að reynslan af netspjalli hefur verið góð, en TF3OM reið á vaðið 19. nóvember s.l. og Jón Björnsson, TF3PW stóð síðan fyrir þremur viðburðum, þ.e. 26. nóvember, 10. desember og 17. desember. Í öllum tilvikum var notað forritið Zoom sem sækja má frítt á netið. Frá 5-11 félagsmenn mættu á vefinn. Undir dagskrárliðnum var einnig rætt um flutning fræðsluerinda yfir netið. Í því sambandi var vísað til erinda sem höfðu verið ákveðin á vetrardagskrá félagsins fyrir tímabilið mars til maí 2020 en þurfti að fella niður eftir síðasta erindisflutning þann 2. mars vegna Covid-19 faraldursins. Fram kom hjá stjórnarmönnum að þeir eru jákvæðir hvað það varðar að félagið láti að sér kveða í þessum efnum, hamli faraldurinn félagsstarfinu í Skeljanesi mikið lengur.

5. Staða félagssjóðs og lokun fjárhagsárs 2020.
Staða félagsjóðs í lok fjárhagsársins 2020 er jákvæð um 1,7 milljónir króna. Greidd félagsgjöld voru alls 167, þar af 163 greidd um netbanka og 4 greidd á annan hátt.

6. Póst- og fjarskiptastofnun.
Formaður, TF3JB, kynnti tvö erindi sem félaginu hafa borist frá Póst- og fjarskiptastofnun, þ.e. frá 4. og 7. desember.

(a) ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) 4. desember s.l. við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum 2021. Heimildin er til árs og gildir til 31.12.2021. Hún nær til eftirtalinna keppna:

CQ WW 160 metra keppnin, CW, 29.-31.1.2021.
ARRL International DX keppnin, CW, 20.-21.2.2021.
CQ WW 160 metra keppnin, SSB, 26.-28.2.2021.
ARRL International DX keppnin, SSB, 6.-7.3.2021.
CQ WW WPX keppnin, SSB, 27.-28.3.2021.
CQ WW WPX keppnin, CW, 29.-30.5.2021.
IARU HF World Championship, CW/SSB, 10.-11.7.20212.
CQ WW DX keppnin, SSB, 30.-31.10.2021.
CQ WW DX keppnin, CW, 27.- 28.11.2021.
ARRL 160 metra keppnin, CW, 3.-5.12.2021.

(b) ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) 7. desember s.l. við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000-70.250 MHz. Tilraunaheimildin var endurnýjuð til næstu 2 ára og gildir til 31.12.2022.

7. Námskeið til amatörleyfis á vormisseri 2021.
Í samræmi við samþykkt á síðasta stjórnarfundi (fundur nr. 5/24. nóvember 2020) var erindi sent til Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX, formanns prófnefndar 29. nóvember með beiðni um að athugað verði með að halda námskeið á vegum félagsins á vormisseri. Í bréfinu var þess jafnframt farið á leit, að athugaður verði möguleiki á að bjóða námskeiðið yfir netið ef Covid-19 faraldurinn hamlar, á þeim tíma, eðlilegu kennslustofufyrirkomulagi í HR.

8. Framkvæmdir við félagsstöðina í Skeljanesi.
(a) KiwiSDR viðtæki TF3GZ var tengt við stangarloftnet TF3IRA til hlustunar yfir netið þann 12. desember (eftir flutning frá Bláfjöllum). Hugmyndin er að þessi tenging verði til bráðabirgða á meðan félagsaðstaðan er lokuð vegna Covid-19 faraldursins. Mikil ánægja er með móttökuskilyrðin um viðtækið frá Skeljanesi.

(b) APRS stöð félagsins TF3IRA-1Ø var tengd við Diamond X-700HN VHF/UHF húsloftnet TF3IRA þann 20. desember. Ráðstöfunin er jafnframt til bráðabirgða á meðan félagsaðstaðan í Skeljanesi er lokuð vegna faraldursins. Með nýja loftnetinu stækkaði verulega virkt svæði APRS stöðvar félagsins.

9. Nýtt CQ TF 28. janúar n.k.
(a) Fram kom að síðasti fundur ritnefndar á starfsárinu 2020/21 er fyrirhugaður 7. janúar n.k. Þetta verður fjórði og síðasti fundur starfsársins, en fyrri fundir nefndarinnar voru haldnir 19.2.2020; 26.5.2020; 24.8.2020 og nú 7.1.2021. Þess má geta, að öll blöð starfsársins hafa komið út á réttum tíma, þ.e. áður auglýstum dagsetningum. Ritnefnd skipa: TF3SB ritstjóri, TF3VS, TF3DC og TF3JB.

(b) Næst blað er 1. tbl. 2021 sem kemur út 28 janúar n.k. Að sögn formanns, ber TF3SB ritstjóri CQ TF sig vel yfir innstreymi efnis og er ánægður með vaxandi þátttöku félagsmanna. Sigurbjörn áætlar að nýja blaðið verði á bilinu 48-54 blaðsíður að stærð. Í umræðum undir dagskrárliðnum lýstu stjórnarmenn yfir mikilli ánægju með störf ritstjóra og ritnefndar.

10. Skipan í embætti aðstoðarmanns vefstjóra.
Samþykkt var samljóða að skipa Jón Björnsson, TF3PW, í embættið.

11. Aðalfundur 13. mars 2021.
(a) Fjallað um undirbúning aðalfundar. Óljóst er hvort auglýstur fundarstaður (Hótel Saga) verður í raun opnaður 28. febrúar n.k. eins og fyrirhugað er. Stjórn félagsins breytti áður samþykktri dagsetningu fundarins (20. febrúar 2021) í 13. mars 2021 (sem rúmast innan heimildar í lögum). Breyting á dagsetningu var gerð í þeirri von að opnun hótelsins muni ganga eftir eins og auglýst er. Ástæðan er, að eftir miklu er að sækjast fyrir félagssjóð því félagið hefur notið aðgangs að fundarsölum hótelsins s.l. tvo aðalfundi án greiðslu og nú síðast (15. febrúar 2020) fengum við að auki fríar kaffiveitingar.

Fundarboð aðalfundar 2021 verður prentað á baksíðu nýja félagsblaðsins 28. janúar n.k. Að auki verður sérstaklega boðað til fundarins í tölvupósti til félagsmanna og með auglýsingu á heimasíðu og FB síðum þann 20. febrúar n.k., en áskilið er í lögum að slíkt þurfi að gerast eigi síðar en þremur vikum fyrir fundardag. Jafnframt verður þeim félagsmönnum sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis, sent fundarboð í bréfapósti.

Dagskrá fundarins, sem er fastsett í 19. gr. félagslaga, verður sérprentuð og mun liggja frammi á fundarstað. Sérprentun á félagslögum mun einnig liggja frammi á fundarstað. Tillögur til lagabreytinga verða kynntar með fundarboði (ef einhverjar verða), en í 29. gr. laga stendur: „Félagslögum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi frumvarp að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. janúar og verið dreift með aðalfundarboði“.

(b) Ársreikningur 2020. Gjaldkeri, TF3PW, skýrði frá því að undirbúningur ársreiknings 2020 sé á áætlun. Hann hyggst hafa samband við skoðunarmenna reikninga á næstunni.

(c) Skýrsla stjórnar. Formaður, TF3JB, skýrði frá því að skýrsla formanns sé á áætlun og verði lögð fram á prentuðu formi á fundinum í samræmi við 5. lið 19. gr. félagslaga.

(d) Samþykktir. Formaður, TF3JB, skýrði frá því að hann muni gera tillögur um sérstakar samþykktir aðalfundar sem verða lagðar fram á síðasta fundi stjórnar á starfsárinu.

12. Önnur mál.
(a) Vegleg gjöf til félagsins.
Formaður, TF3JB, skýrði frá gjöf Egils Ibsen, TF3EO, til félagsins sem var móttekin fyrir hönd stjórnar þann 6. desember. Um er að ræða sambyggða sendi-/móttökustöð, G90 frá Xiegu. Egill hafði m.a. á orði, að hann væri vel settur með fjarskiptabúnað sjálfur og langaði að gefa ÍRA stöðina með það fyrir augum að félagið gæti t.d. lánað hana til nýrra leyfishafa eða ráðstafað á annan hátt.

G90 er 20W sendi-/móttökustöð sem vinnur á öllum amatörböndum, frá 160-10m (þ.m.t. 60m). Hún vinnur á SSB, CW, AM og stafrænum tegundum útgeislunar (FT8 o.fl.). Stjórnborð er búið 1.8“ TFT LCD litaskjá og er frátengjanlegt. Með tækinu fylgir m.a. Xiegu CE-19 „Data Interface Expansion Card“ ásamt öllum tengisnúrum. Forrit í stöðinni eru uppfæranleg í gegnum netið. Tækið lítur út eins og nýtt enda ekki mikið notað. Stjórn ÍRA þakkar Agli veglega gjöf. Samþykkt að leitast verði við að ráðstafa stöðinni til nýrra leyfishafa. Varaformaður, TF3DC, tók stöðina að sér og hyggst prófa tæki og fylgibúnað.

(b) Samþykkt samhljóða að mæla með inntöku landsfélags radíóamatöra í Kirgiska lýðveldinu (ARUKR) og inntöku landsfélags radíóamatöra í Konungsríkinu Barein (BARS) hvað varðar aðild að samtökum landsfélaga radíóamatöra, IARU.

(c) Samþykkt samljóða að ÍRA sæki um 5BDXCC, 5BWAZ og WAZ („mixed 20 meters“) viðurkenningar fyrir félagsstöðina TF3IRA. Í boði er, bæði fyrir 5BDXCC og 5BWAZ, að kaupa vandaða verðlaunagripi (*e. plaque*). Áætlaður kostnaður félagssjóðs er t.d. $85 fyrir slíka vandaðri 5BDXCC viðurkenningu. Samþykkt samhljóða að félagssjóður standi straum af slíkum kaupum.

(d) Í umræðum undir liðnum önnur mál kom fram að komið er að viðhaldi á nokkrum liðum í húsinu í Skeljanesi, svo sem öryggiskerfi og rafmagni, auk vatnsleka í anddyri. Ritari, TF3GS og meðstjórnandi, TF3GZ tala málið að sér.

13. Næsti fundur stjórnar.
Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn í Skeljanesi þriðjudaginn 2. febrúar n.k.

14. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 19:30

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Heimir Konráðsson TF1EIN gerir við rafmagnið í Skeljanesi 17. febrúar 2020. Oddur Helgason fylgist með af áhuga. Ljósmynd: TF3JB.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 7 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 2. febrúar 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð 6. fundar 2020/21 frá 5. janúar, lögð fram.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

13.01.2021...Erindi frá: Danielu Katarzyna Zbikowska hjá Eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs borgarinnar til ÍRA og annarra félaga í Skeljanesi.
13.01.2021...Erindi til: Danielu, þar sem þakkað er fyrir tölvupóstinn og að fulltrúar ÍRA muni mæta í Skeljanes 15.1. kl. 13 vegna skoðunarferðar borgarfulltrúa.
14.01.2021...Erindi frá: Grétu Þórsdóttir Björnsson, arkitekt hjá Umhverfis- og skipulagssviði með kynningu á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Skerjafjörð.
15.01.2021...Erindi frá: Ómari Erni Sæmundssyni sem hefur áhuga á að gerast leyfishafi (í kjölfar símtals til formanns viku áður).
15.01.2021...Erindi til: Ómars Arnar með upplýsingum um áhugamálið. Einnig sendar kynningarupplýsingar um áhugamálið og ÍRA.
17.01.2021...Erindi frá: Kjartani Birgissyni sem hefur áhuga á að taka þátt í næsta námskeiði ÍRA til amatörleyfis.
18.01.2021...Erindi til: Kjartans með upplýsingum um að næsta námskeið sé fyrirhugað á vormisseri 2021. Einnig sendar upplýsingar um áhugamálið og ÍRA.
29.01.2021...Erindi frá: KH6IK. Burce spyr m.a. um hvort gagnkvæmnisleyfisbréf hans [KH6IK/TF] frá 1979 sé gilt þrátt fyrir að vera fluttur aftur til Bandaríkjanna.
30.01.2021...Erindi til: KH6IK. Staðan skýrð; m.a. að leyfisbréf hans sé fallið úr gildi, en í dag geti hann notað TF/KH6IK hér á landi á grundvelli CEPT.
30.01.2020...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1 þar sem spurt er um fjölda félagsmanna m.v. 31.12.2020.
31.01.2020...Erindi frá: Darin, VA7FLH sem spyr um DMR virkni á Íslandi.
31.01.2020...Erindi til: VA7FLH. Veittar upplýsingar um TF3EY og erindi hans um DMR í Skeljanesi 29.3.2019.
Janúar 2021...Erindi frá formanni til stjórnar á milli stjórnarfunda; dags.: 4.1., 6.1., 11.1., 13.1., 15.1., 18.1., 26.1., 27.1. og 29. janúar.

4. Félagsmál.

5. Staða félagssjóðs og lokun fjárhagsárs 2020.

6. Vettvangsskoðun borgarfulltrúa í Skeljanesi 15.1.2021.
   - *a. Skýrsla formanns til stjórnar lögð fram.*

7. Nýtt félagsblað kom út 28. janúar.
   - *a. Samantektarblað með vefslóðum allra CQ TF félagsblaða frá 2018 til 1. tbl. 2021 (alls 12 tölublöð).*
   - *b. Uppfært efnisyfirlit allra CQ TF félagsblaða frá 2009-2021.*

8. Undirbúningur aðalfundar.
   - *a. Öflun lögfræðiálits ef til þess kemur að fresta þarf aðalfundi 13. mars n.k. vegna Covid-19 faraldursins.*
   - *b. Innkomnar lagabreytingar.*

9. Erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar.
   - *a. Uppfærsla heimildar á 50 MHz; skýrsla formanns til stjórnar lögð fram.*
   - *b. Auknar heimildir á 5 MHz.*
   - *c. Heildaruppfærsla reglugerðar nr. 384/2004 með síðari breytingum.*

10. Önnur mál.
   - *a. Viðhald á myndum úr sögu félagsins á veggjum í suðurhluta í fundarsal í Skeljanesi.*
   - *a. Viðhaldsliðir húsnæðis í Skeljanesi.*
   - *b. Loftnetamál félagsstöðvarinnar TF3IRA.*

11. Næsti fundur stjórnar.

12. Fundarslit.

2. Fundargerð 6. fundar 2020/21 frá 5. janúar, lögð fram.
Samþykkt samhljóða

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB, fór yfir og kynnti innkomin og útsend erindi.

4. Félagsmál.
Félagsmenn er sáttir miðað við aðstæður þótt félagsaðstaðan í Skeljanesi sé lokuð vegna Covid-19 faraldursins. Stjórn félagsins hefur leitast við að sýna virkni á heimasíðu og FB síðum. Þá kom út nýtt félagsblað, 1. tbl. CQ TF þann 28. janúar sem inniheldur eins og áður mikið af góðu efni.

5. Staða félagssjóðs og lokun fjárhagsárs 2020.
Gjaldkeri, TF3PW, upplýsti um stöðu félagssjóðs sem er inneign að fjárhæð 1.662.072 krónur. Vinna er hafin við ársuppgjör vegna aðalfundar 13. mars n.k.

6. Vettvangsskoðun borgarfulltrúa í Skeljanesi 15.1.2021.
Skýrsla formanns til stjórnar lögð fram.
Formaður, TF3JB, fór yfir framlagða skýrslu til stjórnar um heimsóknina. Hann þakkaði stjórnar-mönnunum TF3PW og TF3UA fyrir mætingu í Skeljanes 15. janúar.

Fulltrúar félagsins sem tóku á móti hópnum skýrðu frá gagnkvæmri ánægju þeirra og fulltrúa borgarinnar með heimsóknina. Fram kom m.a. eftirfarandi: „Í uppfærðri húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur (Nýi Skerjafjörður-Fornleifaskrá og húsakönnun skýrsla nr. 204) er lagt til, að elstu húsin sem standa á fyrrum lóð Shell (Skeljungs) við Skeljanes, þ.e. skrifstofuhús (Skeljanes 23, mhl 01, norðurhluti), íbúðarhús (Skeljanes 23, mhl. 01, suðurhluti), Bifreiðaskúr (Skeljanes 19, mhl. 02) og áfyllingarhús (Skeljanes 21, mhl. 03), njóti verndar í gulum flokki. Í uppfærðri húsakönnun er einnig lagt til að Skeljanes 27 skolpdælustöð, b. 1992, hljóti verndun í rauðum flokki.“

Samkvæmt ofangreindu liggur fyrir tillaga er um að húsið í Skeljanesi fái að standa áfram, en það hefur verið sett í gulan flokk friðunar.

7. Nýtt félagsblað kom út 28. janúar.
Nýtt félagsblað, 1. tbl. CQ TF 2021, kom út á heimasíðu ÍRA 28. janúar. Blaðið var alls 54 blaðsíður að stærð. Að vanda var sendur tölvupóstur til félagsmanna með vefslóð á blaðið, auk þess sem tilkynning var sett á FB síður. Viðtökur voru mjög góðar.

a. Samantektarblað með vefslóðum CQ TF frá 1. tbl. 2018 til 1. tbl. 2021.
Formaður, TF3JB, kynnti samantektarblað með vefslóðum allra CQ TF félagsblaða frá 2018 til 1. tbl. 2021 (alls 12 tölublöð).

b. Uppfært efnisyfirlit CQ TF 2009-2021.
Formaður, TF3JB, kynnti uppfært efnisyfirlit fyrir öll tölublöð CQ TF félagsblaða frá 2009-2021.

8. Undirbúningur aðalfundar.
Formaður, TF3JB, fjallaði um undirbúning aðalfundar þann 13. mars n.k. Hann gat þess m.a. að ekkert nýtt væri að frétta frá rekstraraðilum Hótel Sögu sem gæfi til kynna að ekki yrði af opnun hótelsins 28. febrúar n.k. eins og tilkynnt er á heimasíðu þess. Ef til þess kemur að breytingar verða á rekstri hótelsins sem valda því að við getum ekki haft aðalfundinn í fundarsölum þess, verður valinn annar fundarstaður sem hentar. Formanni var falið að afgreiða málið.

a. Öflun lögfræðiálits.
Samþykkt samhljóða að félagið afli lögfræðiálits til að fara yfir lög félagsins með tilliti til þess ef fyrirsjáanlegt er v að fresta þurfi aðalfundinum vegna Covid-19 faraldursins. Stjórnin samþykkir að félagssjóður standi straum af eðlilegum kostnaði við gerð slíks álits. Ef til kemur, munu stjórnarmenn huga að því að nálgast ættmenni, vini eða kunningja sem eru löglærðir til að spyrja álits.

b. Innkomnar lagabreytingar.
Eignar tillögur til lagabreytinga bárust fyrir aðalfund 2021.

9. Erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar.
Formaður, TF3JB, ræddi um samskipti félagsins við Póst- og fjarskiptastofnun m.t.t. tíðnimála á 50 MHz, 5 MHz og til heildaruppfærslu reglugerðarinnar. Fram kom í máli hans, að Covid-19 hefur sett strik í reikninginn og hafi m.a. seinkað samráði við Póst- og fjarskiptastofnun, auk WRC-19.

a. Uppfærsla heimildar á 50 MHz; skýrsla formanns til stjórnar.
Formaður lagði fram skýrslu um stöðu 50 MHz tíðnisviðsins eins og hún er í dag og gaf yfirlit yfir stöðuna frá því fyrsta erindið með ósk um uppfærslu heimilda var send til Póst- og fjarskiptastofnunar 5. október 2018. Það sem einkum hefur haft áhrif til seinkunar þessa máls, voru m.a. óvæntar upplýs-ingar sem fram komu á samráðsfundi með PFS í byrjun starfsárs 2019/20 þess efnis, að ekki væri formleg samþykkt að baki 50 MHz bandinu sem byggði á ákvörðun tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (eins og venjan er). M.ö.o., byggði heimild okkar á neðanmálsgrein í alþjóðareglugerðinni. Þróun málsins er skýrð í smáatriðum í kafla 9.1.3 í ársskýrslu ÍRA 2020/21.[32]

b. Auknar heimildir á 5 MHz.
Formaður, TF3JB, skýrði m.a. að núverandi heimild íslenskra leyfishafa á 60 metra bandinu væri á 5351.5–5366.5 kHz; 15 kHz bandbreidd. Hámarksafl er 15W (EIRP). Heimildin byggir á samþykkt radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, sem tók gildi þann 1. janúar 2017.

Formaður gat þess, að vinna á starfsárinu við undirbúning frumvarps til uppfærslu framagreindra heimilda [þ.m.t. gagnaöflun] hafi af ýmsum ástæðum reynst tímafrek. Á hinn bóginn megi segja að tíminn vinni með okkur, þar eð sum þjóðlönd (sem svipað er ástatt um hvað varðar fjarlægð frá öðrum löndum) hafa náð að koma til móts við sína leyfishafa um rýmkaðar heimildir eftir viðræður við stjórnvöld. Stefnt er að því að frumvarp til uppfærslu réttinda okkar á 5 MHz verði tilbúið í byrjun sumars 2021. Þróun málsins er skýrð í smáatriðum í kafla 9.1.4 og 9.1.4.1 í ársskýrslu ÍRA 2020/21.[1]

c. Heildaruppfærsla reglugerðar nr. 384/2004 með síðari breytingum.
Formaður gat þess að lokum, að nauðsyn væri á heildaruppfærslu núverandi reglugerðar nr. 384/2004 með síðari breytingum. Hann sagði skilning ríkja um það hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

10. Önnur mál.

a. Viðhald á myndum úr sögu félagsins á veggjum í suðurhluta í fundarsal í Skeljanesi.
Samþykkt samhljóða að leggja í kostnað við sómasamlega endurinnrömmun svart/hvítra ljósmynda úr sögu félagsins. Jafnframt verði skoðað og koma upp skjá fyrir félagsmenn í félagsaðstöðunni til að deila myndum frá sér sem varða félagið og/eða áhugamálið.

[32] Ársskýrsla ÍRA 2020/21 verður afhent á prentuðu formi á aðalfundi félagsins 13. mars 2021. Hún verður jafnframt aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu ÍRA eftir fundinn.

b. Viðhaldsverkefni á húsnæðis í Skeljanesi.
Málið er í vinnslu. Viðræður eiga sér stað við menn hjá borginni um verkefnin.

c. Loftnetamál félagsstöðvarinnar TF3IRA.
Málið er í vinnslu. TF3DC, TF3GS og TF3GZ eru með verkefnið.

d. Fyrirspurn um erindi ÍRA til prófnefndar dags. 29.11.2020.
Erindi var sent til formanns og ritara nefndarinnar. Fram kom að ekki hafi borist svör.

e. Rætt um prentun á blaðinu, skoða þarf hvaða gæði þurfi að vera á prentun.
Umræður fóru fram um prentun CQ TF. Skoðanir eru skiptar í stjórn um hvort bjóða eigi félagsmönnum að kaupa blaðið sérstaklega á pappír. Skoða þurfi hvaða gæði þurfi að vera á prentun í því sambandi.

11. Næsti fundur stjórnar.
Næsti fundur stjórnar var ákveðinn þriðjudaginn 2. mars 2021.

12. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 18:50.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

ÚR FÉLAGSSTARFINU 2010.

Sigurðar R. Jakobsson, TF3CW og Yngvi Harðarsonar, TF3Y fluttu erindi í Skeljanesi 11. febrúar 2010. Þeir fjölluðu um DX keppnir og DX leiðangra. Sigurður sýndi m.a. kvikmynd sem hann gerði um eigin ferð (og fleiri norrænna leyfishafa) til Banaba eyju í Kyrrahafi (T33R og T22T). Erindið var mjög áhugavert og svöruðu þeir félagar mörgum fyrirspurnum.

Frá erindi Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW og Yngva Harðarsonar, TF3Y 11. febrúar 2010. Erindið var mjög vel sótt og mættu 33 leyfishafar í Skeljanesið til að hlusta á þá félaga þetta kvöld. Mynd: TF3JON.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2020/21

Fundur nr. 8 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 2. mars 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð 7. fundar 2020/21 frá 2. febrúar, lögð fram.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

01.02.2021...Erindi frá: Jóhanni Einarssyni, TF3TJN; óskar eftir innsetningu á nýju netfangi.
01.02.2021...Erindi til: Jóhanns; málið afgreitt, netfangi breytt á heimasíðu.
02.02.2021...Erindi til: Sameiginlegt veffang norrænu amatörlandsfélaganna: Nýtt CQ TF 1. tbl. 2021 sent þeim til birtingar í norrænu félagsblöðunum.
03.02.2021...Erindi frá: Ómari Erni Sæmundsyni, með ósk um ábendingu á námsefni til undirbúnings fyrir þátttöku í námskeiði til amatörleyfis.
03.02.2021...Erindi til: Ómars Arnar með ábendingum um námsefni.
03.02.2021...Erindi frá: PFS; framsendar upplýsingar frá systurstofnun PFS í Danmörku um kallmerkið OVØJUTLANDIA.
03.02.2021...Erindi til: PSF; þakkir sendar fyrir upplýsingarnar.
08.02.2021...Erindi frá: Leyfishafi spurðist fyrir um starfrækslu erlendis. Viðkomandi sent erindi TF3JB (undir ítarefni): „QRV á amatörböndum erlendis".
11.02.2021...Erindi frá: IARU Svæði 1 þar sem minnt er að World Amateur Radio Day 18. apríl n.k.
12.02.2021...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1; skýrsla formanns framkvæmdanefndar um starfsemi svæðis 1 2020 (10 bls.).
16.02.2021...Erindi frá: Vilhjálmi Þór Kjartanssyni, TF3DX; PowerPoint skjal með glærum frá erindi hans frá 4.4.2019; Radíótækni í árdaga.
19.02.2021...Erindi frá: Svani Hjálmarssyni, TF3AB; bendir m.a. á vefsíðu sem segir að Ham Radio sýningin 2021 í Friedrichshafen verði haldin.
19.02.2021...Erindi til: Svans þar sem honum er þakkað fyrir upplýsingarnar.
20.02.2021...Erindi frá: Ölvi Styrr Sveinssyni, TF3WZ; reikningur frá Cozmos Labs vegna heimasíðu ÍRA; $184.76.
20.02.2021...Erindi til: Ölvis. Erindi framsent til gjaldkera, TF3PW.
20.02.2021...Erindi frá: Jakobi Jakobssyni, TF3CB; óskar eftir innsetningu á nýju netfangi.
20.02.2021...Erindi til: Jakobs; málið afgreitt, netfangi breytt á heimasíðu.
22.02.2021...Erindi frá: Vilhjálmi Ívari Sigurjónssyni, TF3VS; Ný skilagrein QSL korta hönnuð fyrir QSL stofu ÍRA.
22.02.2021...Erindi til: Vilhjálms Ívars: Þakkir sendar frá félaginu.
23.02.2021...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1; General Workshop Programme yfir netið 23. mars til undirbúnings ráðstefnu Svæðis 1 í Novi Sad í október n.k.
24.02.2021...Erindi frá: Vilhjálmi Þór Kjartanssyni, TF3DX; upplýsingar um að hann hafi fengið lausn sem formaður prófnefndar; nýr formaður Kristinn, TF3KX.
24.02.2021...Erindi til: Sent til TF3MSN, TF3ML, TF2OL, TF3
25.02.2021...Erindi til: Vilhjálms Þór; honum þökkuð góð, löng og farsæl störf í fjóra áratugi fyrir félagið sem formaður Prófnefndar ÍRA.
25.02.2021...Erindi til: Kristins Andersen, TF3KX; hamingjuóskir með embættið sem nýr formaður prófnefndar og óskað góðra samskipta.
25.02.2021...Erindi frá: Kristni Andersen, TF3KX; hann þakkar kveðjuna og væntir góðs samstarfs um málefni prófnefndar.
25.02.2021...Erindi frá: Kristni Andersen, TF3KX, formanni prófnefndar; tillaga um skipan í autt sæti í nefndinni.
26.02.2021...Erindi frá: IARU Svæði 1; Kynning á könnun sem fer fram 2021-2022 um 23 cm bandið.
01.03.2021...Erindi frá: IARU Svæði 1; Varðar tilnefningu fulltrúa ÍRA á Conference Workshop 2021 23. mars. n.k. til undirbúnings ráðstefnu IARU í október.
01.03.3021...Erindi til: IARU Svæðis 1 með staðfestingu um að fulltrúi okkar verði NRAU/IARU tengiliður félagsins, Kristján Benediktsson TF3KB.
Febrúar 2021...Erindi frá: Formanni til stjórnar á milli stjórnarfunda; dags.: 8.2., 12.2., 15.2., 17.2., 18.2., 20.2., 24.2. og 25. febrúar.

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2020.

5. Fundarboð aðalfundar 2021, sbr. 17. gr. félagslaga.

6. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.

7. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.

8. Önnur mál.

a. Upplýsingar um þá sem eru skráðir á næsta námskeið ÍRA til amatörprófs.
b. Skipan í autt sæti í prófnefnd félagsins.
c. Félagatal ÍRA 1.1.1983
d. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2020/21; þakkarávarp formanns.

9. Næsti fundur stjórnar. Tímasetning verður ákveðin í samráði við viðtakandi stjórn eftir aðalfund.

10. Fundarslit.

2. Fundargerð 7. fundar 2020/21 frá 2 febrúar, lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
Formaður, TF3JB, fór yfir og kynnti innkomin og útsend erindi.

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2020.
Gjaldkeri, TF3PW, lagði fram og kynnti ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2020. Skoðunarmenn reikninga hafa fengið reikninginn til meðferðar sem verður síðan undirritaður og lagður fram á aðalfundinum 13. mars. Vel hefur gengið að innheimta félagsgjöld og eðlileg útgjöld hafa verið á árinu. Stjórnarmenn þökkuðu gjaldkera góð störf.

5. Fundarboð aðalfundar 2021, sbr. 17. gr. félagslaga.
Formaður, TF3JB, lagði fram stutta samantekt um boðun aðalfundar 2021. Fundurinn var boðaður með eðlilegum fyrirvara þann 19. febrúar samkvæmt ákvæði í 17. gr. laga félagsins. Fundarboð var sent til félagsmanna í tölvupósti (alls 178) ásamt því að fundarboð var sett á heimasíðu félagins og á FB síður. Bréflegt fundarboð var póstlagt til þeirra sem ekki hafa skráð tölvupóstfang hjá félaginu (alls 6) sem og til þeirra sem reynt var að senda boð í tölvupósti en sem tókst ekki að koma til skila (alls 4).

Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimi Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík laugardaginn 13. mars kl. 13.

6. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.
Farið yfir dagskrána sem er bundin í 19. gr. laga félagsins. Rætt um liðinn önnur mál. Undir þeim dagskrárlið verða afhentir verðlaunagripir félagsins fyrir Íslandsmet í fjarskiptavega-lengd sem sett var í VHF/UHF leikum ÍRA sumarið 2020. Vegalengdin var 155 km.

7. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.
Engar tilögur bárust til stjórnar félagsins innan tilskilins frests samkvæmt 29. gr. laganna.

8. Önnur mál.

a. Upplýsingar um þá sem eru skráðir á næsta námskeið ÍRA til amatörprófs.
Komnar eru alls 14 umsóknir fyrir næsta námskeið.

b. Skipan í autt sæti í prófnefnd félagsins.
Tillaga prófnefndar um Yngva Harðarson, TF3Y var samþykkt samljóða. Aðrir í prófnefnd eru: Kristinn Andersen, TF3KX, formaður; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, ritari nefndarinnar og Einar Kjartansson, TF3EK.

c. Félagatal ÍRA 1.1.1983
Stjórnarmönnum fannst fróðlegt að fletta nær 40 ára gömlu félagatali ÍRA sem er sögulegt fyrir félagið.

d. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2020/21; þakkarávarp formanns.
Formaður fór yfir starfsárið og þakkaði stjórnarmönum frábært samstarf. Stjórnarmenn þökkuðu sömuleiðis fyrir samstarfið.

9. Næsti fundur stjórnar.
Tímasetning næsta fundar verður ákveðin í samráði við viðtakandi stjórn eftir aðalfund.
10. Fundarslit.18:55

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

VIÐAUKI-B

Yfirlit yfir tilgreind skjöl og annað sértækt efni sem vísað er til í skýrslunni

Efni	Dagsetning	Bls.
Starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir starfsárið 2020/21	28.7.2020	166
Vetrardagskrá ÍRA febrúar-maí 2020	28.1.2020	168
Vettvangsskoðun í Skeljanesi	15.1.2021	169
Ljósmynd: Vetrarstemning í Skeljanesi.	8.3.2020	171

Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2020/21

Á fundi í stjórn ÍRA þann 28. júlí 2020 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2020/21. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, þar sem segir m.a. að „varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar“. Áætlunin er birt hér á eftir.

REKSTUR.
Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundi samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnarinnar, þ.e. u.þ.b. mánaðarlega og birta fundargerðir á heimasíðu, á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og í CQ TF. Heimasíðan verður áfram miðpunkturinn í miðlun upplýsinga til félagsmanna og annarra. Haldið verður áfram útgáfu CQ TF sem hefur gengið vel en félagsblaðið er gefið út á PDF-formi á heimasíðu félagsins.

SAMSKIPTI.
Jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðila í nærumhverfinu sem og í fjærumhverfinu eru ÍRA nauðsynleg. Miðað er við að einn stjórnarmaður í það minnsta verði ætíð til staðar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum til að auðvelda félagsmönnum samskipti við stjórn. Áfram verðu lögð áhersla á fagleg og jákvæð samskipti og samstarf við Póst- og fjarskiptastofnun sem viðheldur því trausti sem félagið nýtur hjá stjórnvöldum. Það sama gildir um samstarf við aðildarfélögin IARU og NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

FÉLAGSAÐSTAÐA.
Félagsaðstaðan í Skeljanesi og rekstur hennar er þungamiðjan í starfi félagsins. Um e að ræða samkomusal, fjarskiptaherbergi, kortastofu og smíðaaðstöðuherbergi, ásamt geymsluherbergi í kjallara og geymsluaðstöðu inn af fundarsal. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum vikudögum sem þá verða auglýstir sérstaklega. Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf við aðra sem hafa aðstöðu í húsinu.

FÉLAGSSTÖÐIN TF3IRA.
Áfram verður unnið að því markmiði að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með því að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar. Áfram verður unnið að endurbótum á búnaði stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta, ásamt því að einfalda skipulag og aðgang félagsmanna. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og leikum og að stöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum.

FRÆÐSLUDAGSKRÁ 2020/21.
Fræðsludagskrár á haustmisseri og síðar vormisseri verða kynntar með góðum fyrirvara á heimasíðu og í CQ TF. Viðburðir verða einnig uppfærðir jafnóðum á heimasíðu félagsins. Stefnt verður að auknu framboði viðburða um helgar á sértækum málefnum.

MIÐLAR.
Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. CQ TF kemur áfram út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu félagsins og miðað við að gefin verði út fjögur blöð á starfsárinu.

KYNNINGARMÁL.

Áfram verður unnið að því kynna félagið á opinberum vettvangi. Heimasíða, blaðaútgáfa og samfélagsmiðlar sem lýst er að framan, nýtast til kynningar fyrir áhugasama, auk kynningarefnis sem stjórn hefur í vinnslu. Stjórn ÍRA vill gera enn betur í stefnumótun og skilgreiningu á kynningarstarfi, s.s. kynningu í fyrirtækjum og skólum, kynningargreinum í dagblöðum og/eða tímaritum eftir því sem kostur er. Ljóst er að verkefni af þessu tagi er viðamikið og verður ekki lokið á einu starfsári, en þarf að vera í gangi á hverju ári.

NÁMSKEIÐ.

Námskeiðahald til amatörprófs hefur tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd félagsins, TF3PW umsjónarmann námskeiða og Póst- og fjarskiptastofnun. Næsta námskeið er fyrirhugað haustið 2020. Áfram verður unnið að mótun stefnu um námskeiðshald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis. Þá verður lögð áhersla á að skilgreina markhópa sem komi til með að endurspeglast í auglýsingum félagsins.

ENDURVARPAR / STAFVARPAR / RADÍÓVITAR.

ÍRA mun áfram styðja við viðhald og uppbyggingu endurvarpa, stafvarpa og radíóvita í samráði við vaxandi hóp félaga með áhuga á þessum sviðum.

Stöðugt er hugað að uppbyggingu félagsstöðvarinnar. Myndin er af uppsetningu nýs VHF/UHF húsloftnets fyrir TF3IRA 20. ágúst 2020. Georg Kulp TF3GZ leggur síðustu hönd á uppsetninguna. Ljósmynd: TF3JB.

TÍÐNIMÁL OG OG ÖNNUR RÉTTINDI RADÍÓAMATÖRA.

Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og aukið afl í góðri samvinnu við stjórnvöld. Væntingar eru um góða niðurstöðu varðandi 50 MHz bandið í framhaldi af samþykktum á tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (WRC-19) í nóvember 2019 og í framhaldi af vinnu félagsins undangengin ár.

Vetrardagskrá ÍRA 2020/21

Ný og metnaðarfull vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið frá 13. febrúar til 14. maí 2020 var kynnt á heimasíðu félagsins í janúar 2020. Hún var jafnframt birt í 1. tbl. CQ TF, sem kom út í 23. janúar. Alls voru 27 viðburðir í boði fram á vorið 2020 í flutningi 14 félagsmanna.

En Covid-19 faraldurinn setti strik í reikninginn og stjórn félagsins var knúin til að taka ákvörðun þann 10. mars þess efnis, að fresta viðburðum til haustsins. Flóamarkaður sem hafði [áður] verið kynntur að ætti að halda 5. mars hafði verið frestað til 5. maí. En með ákvörðun stjórnar 10. mars, var markaðnum einnig frestað til haustsins. Hins vegar, eins og ljóst varð þegar leið á árið, náðist aldrei að „gangsetja“ vetrardagskrána á ný á 2020 vegna faraldursins.

VETRARDAGSKRÁ ÍRA FEBRÚAR-MAÍ 2020

Jónas TF3JB · Yngvi TF3Y · Óskar TF3DC · Sigurður TF3WS · Ársæll TF3AO · Erling TF3EE · Vilhjálmur TF3VS · Ágúst TF3OM · Stefán TF3SA · Ari TF1A · Valgeir TF3VS · Sigurbjörn TF3SB · Matti TF3MH · Hrafnkell TF8KY

FEBRÚAR		Viðburður	Upplýsingar / umfjöllun	Fyrirlesari / umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Veitingar
13. febrúar	Fimmtudagur	DVD heimildarmynd	FT5ZM DX leiðangur til Amsterdam Island	Kynning: Óskar Sverrisson, TF3DC	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
15. febrúar	Laugardagur	Aðalfundur ÍRA 2020	Salur *Hekla-1* á Radisson BLU Hótel Sögu	Í umsjón stjórnar	12:30-15:30	13:00	Standandi kaffi
20. febrúar	Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
22. febrúar	Laugardagur	Laugardagsopnun	Fræðsla um Es'hail/Oscar 100; félagar fara í loftið	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	10:30-15:00	11:00	Standandi kaffi
23. febrúar	Sunnudagur	Hraðnámskeið	Upprifjun á Win-Test keppnisdagbókarforritinu	Yngvi Harðarson, TF3Y	10:00-13:00	10:30	Kaffi/rúnstykki
27. febrúar	Fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / Kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1)]	17:00-19:00	17:00	Kaffiveitingar
27. febrúar	Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar

MARS		Viðburður	Upplýsingar / umfjöllun	Fyrirlesari / umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Veitingar
5. mars	Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
8. mars	Sunnudagur	Flóamarkaður	Félagar selja og/eða kaupa tæki og búnað	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS	11:00-16:00	13:00	Standandi kaffi
12. mars	Fimmtudagur	Erindi	Fjarskiptaævintýri á Grænlandi	Sigurður Harðarson, TF3WS	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
14. mars	Laugardagur	Laugardagsopnun	Kynning á nýrri Yaesu FTdx3000D 100W HF stöð	Erling Guðnason, TF3EE	13:30-16:00	14:00	Standandi kaffi
15. mars	Sunnudagur	Sunnudagsopnun	Umræðuþema: RTTY	Ársæll Óskarsson, TF3AO	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki
19. mars	Fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / Kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1)]	17:00-19:00	17:00	Kaffiveitingar
19. mars	Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
26. mars	Fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / Kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1)]	17:00-19:00	17:00	Kaffiveitingar
26. mars	Fimmtudagur	Félagsfundur	VHF og UHF málefni	Í umsjón stjórnar	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
29. mars	Sunnudagur	Sunnudagsopnun	QSL kort, bönnun, framleiðsla, notkun o.fl.	Mathias Hagvaag TF3MH / Jónas Bjarnason TF3JB	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki

APRÍL		Viðburður	Upplýsingar / umfjöllun	Fyrirlesari / umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Veitingar
2. apríl	Fimmtudagur	Erindi	KiwiSDR viðtæki+CATSYnc í HF fjarskiptum	Ágúst H. Bjarnason, TF3OM	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
5. apríl	Sunnudagur	Sunnudagsopnun	Hagnýtt gildi QRZ.Com, eHam.net og RigPix.com	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki
11./12. apríl	Laugard./sunnud.	Páskaleikar ÍRA	Fjarskipti á 2M/4M/6M/70CM/23CM og 80M.	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	00:01-23:59	00:01	Lykur kl. 23:59
16. apríl	Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
19. apríl	Sunnudagur	Sunnudagsopnun	Þátttaka í alþjóðlegum keppnum, hvers vegna?	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13.00	11:00	Kaffi/rúnstykki
30. apríl	Fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / Kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1)]	17:00-19:00	17:00	Kaffiveitingar
30. apríl	Fimmtudagur	Erindi	Fjarhlustun á HF með airspy+Discovry SDR viðtæki	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar

MAÍ		Viðburður	Upplýsingar / umfjöllun	Fyrirlesari / umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Veitingar
7. maí	Fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
9. maí	Laugardagur	Laugardagsopnun	Félagar koma með morslykla sína í Skeljanes	Stefán Arndal TF3SA / Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB	13:00-16:00	13:30	Kaffiveitingar
14. maí	Fimmtudagur	Erindi	Heimasmíðar sem nýtast, m.a. loftnetsaðlögunarrásir	Valgeir Pétursson, TF3VP	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar

[1)] „Fyrstu skrefin“ eru hugsuð fyrir **nýja leyfishafa** sem hafa áhuga á að sækja sér leiðbeiningar um hvernig best er að standa að því að fara í loftið. Um er að ræða **einkatíma** (2-3 klst.) með reyndum leyfishafa. Leiðbeinandi kynnir í stuttu máli grundvallaratriði og ríkjandi hefðir innan áhugamálsins. Markmið námskeiðsins er að nýir leyfishafi öðlist öryggi í fjarskiptum. Nýir leyfishafi og leiðbeinandi ræða saman þar sem spurningum er svarað og að því búnu er farið í loftið í fjarskiptaherbergi félagsins. Tímasetning námskeiðs og yfirferð getur að vissu marki verið sveigjanleg með samráði nýs leyfishafa og umsjónarmanns. Áríðandi er að áhugasamir skrái sig tímanlega hjá Óskari Sverrissyni, TF3DC í síma 862-3151 eða með tölvupósti til oskarsv hjá internet.is með góðum fyrirvara.

Vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí 2020 var kynnt í byrjun janúar 2020.

Vettvangsskoðun í Skeljanesi 15.1.2021.

Daniela Katarzyna Zbikowska hjá Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem er hluti af Fjármála- og áhættustýringarsviði borgarinnar, mætti í Skeljanes með tíu manna hóp 15. janúar. Fulltrúar ÍRA voru á staðnum voru Jónas Bjarnason, TF3JB; Jón Björnsson,TF3PW og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.

Tölvupóstur sem ÍRA (og öðrum félögum með starfsemi á svæðinu) barst 13. janúar var eftirfarandi:

„Þið hafið aðgang að byggingum merktar með bláu á mynd hér að neðan. Þetta eru sem sé byggingarnar í kringum lóðina þar sem smáhýsin eru geymd og skemman norðan við þær byggingar.

Í tengslum við breytingar á lóð fyrir skóla, leikskóla og frístundastarf í Skerjafirði þá höfum við í starfshóp sem undirbýr samkeppni um nýtt menntamannvirki mikinn áhuga á að komast inn í þessi hús og viljum gjarnan komast í vettvangsferð á föstudaginn kl. 13“.

Myndin sem fylgdi með tölvupóstinum 13.1.2021.

Fulltrúar félagsins mættu á staðinn á tilsettum tíma. Eðlilega fór mikill tími í heimsókn til ORG, Ættfræðiþjónustunnar ehf. En eftir það skoðaði hópurinn fjarskiptaherbergi ÍRA og gerðum við þrír okkar besta til að kynna félagið.

Þau spurðu ágætra spurninga sem veittu okkur tækifæri til að skýra meira frá starfsemi félagsins. Eftir u.þ.b. 15 mínútur uppi hjá okkur hélt hópurinn niður í sal og þar fengu þau viðbótarupplýsingar og fannst m.a. mikið til koma um svart/hvítu ljósmyndirnar frá félaginu sem hanga á veggjum í suðurhluta salarins.

Ennfremur lágu frammi nokkur CQ TF blöð frammi á fundarborðinu og Jón skýrði frá notkun okkar í plássinu, þ.e. að við værum m.a. með erindisflutning í salnum. Í framhaldi

benti Sæmundur á síðustu vetraráætlun ÍRA fyrir febrúar til maí 2020 og svo heppilega vildi til að við áttum nægan fjölda eintaka til að afhenda gerstunum með þeim upplýsingum, að við hefðum þurft að rjúfa áætlunina í mars s.l. vegna Covid-19 faraldursins.

Frá Skeljanesi 15. janúar. Irnir voru í salnum. Allir voru með andlitsgrímur og sumir notfærðu sér handsprittið á hvíta borðinu til vinstri á myndinni. Þekkja má TF3PW (fyrir miðri mynd) og TF3UA fyrir aftan hann. Ljósmynd: TF3JB.

Gréta Þórsdóttir Björnsson, Arkitekt hjá Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar sendi tölvupóst til félagsins 14. janúar (að beiðni Danielu). Þar segir Gréta m.a.:

Daníela bað mig að senda á ykkur upplýsingar um heimsóknina á morgun.

Unnið er að undirbúningi mannvirkis fyrir leikskóla-, skóla- og frístundastarf í Skerjafirði. Í tengslum við þá vinnu ætlar starfshópurinn sem vinnur undirbúninginn í vettvangsferð og óskar eftir því að skoða byggingar og forvitnast um starfsemina í kringum skólann.

Í uppfærðri húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur (Nýi Skerjafjörður–Fornleifaskrá og húsakönnun skýrsla nr. 204) er lagt til að elstu húsin sem standa á fyrrum lóð Shell (Skeljungs) við Skeljanes, þ.e. skrifstofuhús (Skeljanes 23, mhl 01, norðurhluti), íbúðarhús (Skeljanes 23, mhl. 01, suðurhluti), Bifreiðaskúr (Skeljanes 19, mhl. 02) og áfyllingarhús (Skeljanes 21, mhl. 03), njóti verndar í gulum flokki. Í uppfærðri húsakönnun er einnig lagt til að Skeljanes 27 skolpdælustöð, b. 1992, hljóti verndun í rauðum flokki.

Hér má sjá deiliskipulag í vinnslu fyrir hverfið og lóð fyrrnefndrar byggingar: https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/skerjafjordur-th5

Vetrarstemning í Skeljanesi 8. mars 2020. Bárujárnsveggurinn til vinstri var málaður um sumarið 2020. Ljósmynd: TF3JB.